Villtist og fann köllun sína

Búddamunkurinn Lama Tenzin Choegyal varð fyrir barðinu á upp-reisnarmönnum og var týndur, slyppur og snauður við rætur Himalajafjalla. En það varð hans mesta gæfa.

KONUR OG KARLAR HÁGRÉTU

Hljómar tóku síðasta „giggið“ á hinum fornfræga Cavern-klúbbi um síðustu helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. júní 2008 — 154. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

EKKI FYRIR NORMIÐ

Ef Beggi úr Hæðinni ætti að bjóða Boris kraftakarli í mat eldaði hann lambalæri og grænmeti. Boris myndi helst ekki mæta nema hann fengi að minnsta kosti fimm sneiðar. Rökstólapar vikunnar fer yfir málin.

HELGIN 12

VEÐRIÐ Í DAG



ÚRKOMA VÍÐA en styttir upp sunnanlands eftir hádegi í dag og hlýnar sunnan til en áfram rigning og kólnandi fyrir norðan. Hiti víða yfir 12 stigum á sunnanverðu land-inu eftir hádegi, en um 10 stig víða norðan til.

VEÐUR 4

SHIMANO hjól EXAGE

2679 / IG 03

Þú færð Shimano í næstu sportvöruverslun

KYNNA BREYTINGUNA Hanna Birna Vilhjálmsdóttir og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson kynntu fjölmiðlum að hún tæki nú þegar við sem oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni. Hanna Birna lagði í máli sínu áherslu á að fullur einhugur hefði ríkt um ákvörðunina.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hanna Birna verður næsti borgarstjóri

Hanna Birna Kristjánsdóttir mun taka við embætti borgarstjóra af Ólafi F. Magnússyni í mars á næsta ári. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson gerði tillögu um arftaka sinn sem var samþykkt samhljóða. Málefnasamningur óbreyttur.

STJÓRNMÁL Hanna Birna Kristjánsdóttir verður næsti borgarstjóri Reykjavíkur að öllu óbreyttu. Hún tók í gær við af Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni sem oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni.

Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins hittist heima hjá Júlíusi Vífli Ingvarssyni. Vilhjálmur boðaði til fundarins með skömmum fyrirvara og áttu ekki allir heimangengt. Þar lagði Vilhjálmur fram tillögu um að Hanna Birna tæki við af honum og var hún samþykkt samhljóða.

„Það var mikill einhugur í hópnum og allir sammála. Þeir sem ekki voru á staðnum lýstu yfir samþykki sínu í gegnum síma,“ segir Vilhjálmur. Hann segist hafa haft samband við nokkra borgarfulltrúa fyrir fundinn og skýrt þeim frá tillögu sinni, þar á meðal við Gísla Martein Baldursson, en hann var lengi vel orðaður við oddvitasætið.

Gísli Marteinn Baldursson átti ekki heimangengt, en segist ánægður með niðurstöðu fundarins. „Ég hef aldrei farið leynt með þá löngun mína að leiða borgarstjórnarhóp flokksins. Eins og staðan er núna get ég vel samglaðst Hönnu Birnu og stutt hana sem oddvita og geri enga kröfu um oddvitasætið. Hún er framúrskarandi stjórnmálamaður og við munum vinna saman að góðum málum eins og hingað til,“ segir Gísli Marteinn.

Hanna Birna leggur áherslu á að mikill einhugur hafi ríkt um ákvörðunina. Hún segist þakklát fyrir þann stuðning sem hún hefur fundið fyrir; bæði í borgarstjórnarhópnum og meðal sjálfstæðismanna.

Aðspurð segir Hanna Birna helstu verkefni hennar sem borgarstjóra tengjast málefnaskrá meirihlutans og stefnu Sjálfstæðisflokksins. „Ég vinn eftir þeirri sýn sem ég var kjörin eftir og þeim málefnasamningi sem við gerðum við Ólaf F. Magnússon,“ segir Hanna Birna.

- kóp/sjá síðu 4

Kvennahlaupið:

Góð þátttaka þrátt fyrir veður

HLAUP Um fimmtán þúsund konur tóku þátt í Kvennahlaupi Íþróttasamband Íslands sem fór fram á níutíu stöðum um allt land í gær og á um tuttugu stöðum erlendis.

Mikil rigning var á höfuðborgarsvæðinu á meðan á hlaupinu stóð og eru forsvarsmenn hlaupsins ánægðir með þátttökuna.

„Við dáumst að þeim fjölda kvenna sem tók þátt þrátt fyrir úrhellið,“ segir Jóna Hildur Bjarnadóttir, sviðsstjóri almenningsíþróttasviðs ÍSÍ.

Um 3.500 konur hlupu í Garðabæ og um 1.300 í Mosfellsbæ. Aukin þátttaka varð á landsbyggðinni enda var veðrið fyrir austan og norðan einstaklega gott.

Fæstar konur hlupu í Hrísey, 27 talsins, en tæplega 190 manns búa í eyjunni.

- ve

FYRSTA MARKIÐ Tékkinn Vaclav Sverkos skoraði fyrsta markið á EM í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Evrópumótið í fótbolta hafið:

Úrslitin eftir bókinni í gær

FÓTBOLTI Fyrstu leikirnir á Evrópumótinu í fótbolta fóru fram í gær. Heimamenn í Sviss töpuðu fyrir Tékklandi, 0-1, í opnunarleiknum þar sem varamaðurinn Vaclav Sverkos stal senunni og skoraði eina mark leiksins á 70. mínútu. Í seinni leik gærdagsins byrjuðu Portúgalar, sem af mörgum eru taldir sigurstranglegir í mótinu, á sigri gegn Tyrkjum, 2-0. Tékkar og Portúgalar voru fyrirfram taldir líklegir til þess að komast upp úr A-riðlinum og þá má því ef til vill segja að engin óvænt úrslit hafi litið dagsins ljós.

- óþ sjá síðu 26

Hillary Clinton hætti við forsetaframboð sitt í gær:

Styður Obama í baráttunni

BANDARÍKIN, AP Hillary Clinton hvatti stuðningsmenn sína til að fylkja sér að baki Baracks Obama þegar hún tilkynnti á fundi í Washington í gær að hún væri hætt baráttu sinni fyrir því að verða forsetaefni Demókrataflokksins í kosningunum í haust.

„Þetta er ekki beint veislan sem ég ætlaði að halda en gestirnir eru góðir,“ sagði Hillary við stuðningsmenn sína. Hún þakkaði þeim átján milljónum manna sem höfðu kosið hana.

Stór hluti af ræðu Hillary fjallaði um baráttu hennar fyrir því að verða fyrsti kvenforseti Bandaríkjanna. Þótt henni hefði ekki tekist það sagði hún að nú væru „átján milljón sprungur í glerþakinu“ sem kæmu í veg fyrir að kona kæmist að í Hvíta húsinu. „Börn sem nú eru að vaxa úr grasi munu taka því sem sjálfsögðum hlut að hörundsdökkur frambjóðandi eða kona geti orðið forseti Bandaríkjanna.“

- kh

CLINTON KVEÐUR Hillary Clinton flutti kveðjuávarp sitt í Washington í gær og þakkaði fyrir stuðninginn. Hún hvetur fólk til að leggja Obama lið.
NORDICPHOTOS/AFP

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS

Páll, vantar þig ekki útrás?

Nei, sérstaklega ekki núna þegar ég get fengið hana á tveimur rásum.

Í gær nýtti Ríkissjónvarpið aukarás sína, RÚV+, til að geta sýnt frá tveimur íþróttaviðburðum í einu. Páll Magnússon er útvarpsstjóri.

Vatnajökulsþjóðgarður formlega stofnaður í gær:

Stærsti þjóðgarður Evrópu

NÁTTÚRA Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður við formlega athöfn í gær. Hann er um tólf þúsund ferkílómetrar að stærð, þekur um tólf prósent af flatarmáli landsins og er því stærsti þjóðgarður Evrópu.

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra sagði í ávarpi sínu á opnunarhátíð í Skaftafelli að hún væri vongóð um að hann yrði enn stærri að ári enda stæðu nú yfir viðræður við landeigendur og sveitarfélög í þeim tilgangi. Sagðist hún bjartsýn um að hin sérstaka náttúra svæðisins við Langasjó og Eldgjá yrði hluti þjóðgarðsins.

Sagði umhverfisráðherra enn fremur að með stofnun þjóðgarðsins réðust Íslendingar í stærsta náttúruverndarverkefni frá upphafi.

Anna Kristín Ólafsdóttir, formaður stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs, sagði þetta afar merkilegan áfanga og hafi margir lagt hönd á plóginn svo honum yrði náð. Sagði hún aðdragandann hafa verið býsna langan og að honum hafi komið, beint eða óbeint, tugir ef ekki hundruð manna.

Ekki var aðeins fagnað í Skaftafelli því einnig var efnt til opnunarhátíðar í Gljúfrastofu í Jökulsárgljúfrum, á Skriðuklaustri í Fljótsdal og í Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri. **- jse**

ÞJÓÐGARÐURINN OPNAÐUR Fáni með nýju merki Vatnajökulsþjóðgarðs dreginn að húni við formlega opnun garðsins í gær. MYND/HERMANN VALSSON

Ólöglegir innflytjendur:

Samræmdar reglur hjá ESB

EVRÓPA, AP Aðildarríki Evrópusambandsins hafa komið sér saman um reglur um ólöglega innflytjendur. Staðfesti Evrópuþingið þær verða þær að lögum. Þær tryggja ólöglegum innflytjendum grundvallarréttindi, aðgang að mat, skjóli og lögfræðilegri aðstoð.

Samkvæmt reglunum má ekki halda fólki lengur en 18 mánuði áður en því er vísað aftur til heimalanda. Börnum sem eru ein á ferð má ekki vísa úr landi.

Samræmdar reglur voru settar þar sem óttast var að ólöglegir innflytjendur nýttu sér mismunandi reglur í löndunum til að flakka á milli landa. **- kóp**

Erill á Akureyri:

Skallaði tvo lögreglumenn

LÖGREGLUMÁL Tveir lögreglumenn voru skallaðir á Akureyri í fyrrinótt en mikil ölvun var í bænum og töluverður erill.

Hópslagsmál brutust út fyrir utan veitingastað á Akureyri. Tveir lögreglumenn voru skallaðir þegar þeir reyndu að skakka leikinn og fóru þeir á slysadeild til skoðunar. Meiðsli þeirra reyndust ekki alvarleg. Árásarmaðurinn var handtekinn en hann var talsvert ölvaður eða undir áhrifum fíkniefna.

Ungur maður er talinn nefbrotinn eftir að hann var laminn í andlitið fyrir utan veitingastað um þrjú leytið. Þá var sautján ára piltur handtekinn þar sem hann reyndi að brjótast inn í bíla. **- kh**

FRÁ KEPPNINNI Einn keppandinn flýgur af hjóli sínu í keppninni í gær. VÍKURFRÉTTIR/ELLERT

Vélhjólabyltur á Suðurnesjum:

Fjórir slösuðust í vélhjólakeppni

SLYS Fjögur óhöpp urðu í mótorkrosskeppni á Sólbrekkubraut á milli Grindavíkurvegar og Reykjanesbrautar í gær. Tvær konur, ein stúlka og karlmaður duttu af hjólum sínum.

Maðurinn, sem er 22 ára, handleggsbrotnaði og var fluttur á Borgarspítalann. Konurnar eru 22 og 28 ára gamlar og stúlkan 14 ára. Öll voru þau þátttakendur í keppninni og duttu ýmist aftur eða fram fyrir sig við að sýna listir sínar.

Konurnar og stúlkan slösuðust ekki alvarlega. Þær mörðust víða og ein kvartaði yfir eymslum í baki. **- kóp**

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fullur í Leifstöð

Ölvaður karlmaður var handtekinn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í gær. Hann hafði átt í útistöðum við starfsmenn og ferðamenn í flugstöðinni. Maðurinn fékk að gista í fangageymslu þar til áfengisvíman rann af honum.

NORÐUR-ÍRLAND

Nýr fyrsti ráðherra

Þingið á Norður-Írlandi hefur kosið sambandssinnann Peter Robinson í embætti fyrsta ráðherra heimastjórnarinnar, sem er samstjórn sambands- og lýðveldissinna. Robinson hafði áður verið kjörinn arftaki Ians Paisley sem leiðtogi stærsta flokks sambandssinna, DUP. Martin McGuinness úr Sinn Fein, flokki lýðveldissinna, verður áfram staðgengill fyrsta ráðherrans.

Íslenskar konur eru kvenna hraustastar

Kransæðasjúkdómar eru algengir hjá öldruðum konum og ein algengasta dánarorsökin. Sjúkdómurinn fær þó ekki jafnmikla athygli og aðrir sjúkdómar kvenna. Íslenskar konur hafa þó náttúrulega vörn gegn kransæðasjúkdómum.

HEILBRIGÐISMÁL Kransæðasjúkdómar eru algengt vandamál hjá konum sem komnar eru yfir sjötugt og algeng dánarorsök hjá öldruðum konum en þessum sjúkdómum er ekki jafnmikill gaumur gefinn og öðrum sjúkdómum kvenna, til dæmis brjóstakrabbameini.

„Dánartíðni úr kransæðasjúkdómi hefur lækkað verulega hjá bæði körlum og konum á síðustu tuttugu árum en fólk hefur ekki almennilega gert sér grein fyrir að þó að karlar fái hjartasjúkdóm miklu fyrr en konur þá er kransæðasjúkdómur algengt vandamál hjá eldri konum, konum sem eru komnar á virkilega háan aldur," segir Guðmundur Þorgeirsson hjartalæknir.

„Þetta þýðir að kransæðasjúkdómur er algengt vandamál hjá konum eftir 70-75 ára aldur en það er ekki vegna þess að sjúkdómurinn sé að aukast ef við berum saman jafnaldra konur. Þvert á móti hefur heldur dregið úr honum. Hins vegar verða fleiri og fleiri konur mjög aldraðar, alveg eins og karlarnir, og það þýðir að fleiri og fleiri konur hafa þetta heilsufarsvandamál. Meðal eldri kvenna er þetta ein af algengustu dánarorsökunum," segir hann.

Í Danmörku hefur verið hrint af stað herferð undir yfirskriftinni „Konur lengi lifi!" þar sem vakin er athygli á hjartasjúkdómum sem raunverulegum heilsufarsvanda kvenna þó að hjartasjúkdómar séu í huga flestra bundnir einkum við karlmenn. Danirnir benda á að þriðja hver kona fái hjartasjúkdóm, þrátt fyrir það telji flestir að hjartasjúkdómar séu sjúkdómar karla.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í KVENNAHLAUPINU Í GÆR „Kransæðasjúkdómur er algengt vandamál hjá konum eftir 70-75 ára aldur," segir Guðmundur Þorgeirsson hjartalæknir. Erlendis er vakin athygli á því að kransæðasjúkdómar séu ekki karlakvilli eingöngu heldur hrjái líka konur.

> Það er ábyggilega einhver náttúruleg vörn gegn æðakölkunarsjúkdómi meðal kvenna sem tengist þeirra hormónabúskap.
>
> **GUÐMUNDUR ÞORGEIRSSON**
> HJARTALÆKNIR

Guðmundur kannast við þessa umræðu og segir að um allan heim sé verið að leggja áherslu á að kransæðasjúkdómar séu algengir hjá konum þó það sé ekki fyrr en konurnar eru orðnar talsvert aldraðar. Ástæðan sé sú að konur hafi „einhverja náttúrulega vörn". Kransæðasjúkdómar séu mjög sjaldgæfir fyrir tíðahvörf og láti eiginlega ekkert á sér kræla fyrr en komið sé rækilega fram yfir tíðahvörf.

„Það er ábyggilega einhver náttúruleg vörn gegn æðakölkunarsjúkdómi meðal kvenna sem tengist þeirra hormónabúskap," segir Guðmundur og bendir á að grunnáhætta íslenskra kvenna sé með því lægsta sem gerist í Evrópu. Hann segir að íslenskar konur séu hraustari hvað þetta varðar og hafi meiri náttúrulega vörn en aðrar konur.

ghs@frettabladid.is

ÁVARP MENNTAMÁLARÁÐHERRA Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra flutti ávarp á afmælinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kennaraháskólinn:

Fagnaði hundrað ára afmæli

MENNTAMÁL Hátíðardagskrá í tilefni af hundrað ára afmæli Kennaraháskólans var haldin í Borgarleikhúsinu í gær.

Forseti Íslands og menntamálaráðherra fluttu ávörp og voru fyrstu doktorar skólans brautskráðir. Ólafur Proppé rektor sagði í ávarpi sínu miklar breytingar framundan.

„Hinn 1. júlí munu Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands sameinast. Sama dag tekur gildi nýtt skipulag Háskóla Íslands sem felst í því að hann skiptist í fimm fræðasvið. Kennaraháskóli Íslands mun mynda kjarnann í menntavísindasviðinu og er ég sannfærður um að enn takist að efla menntavísindi þegar sérfræðingar beggja háskóla leggjast saman á árar." **- ve**

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ók ölvaður á staur

Ökumaður á Dalvík ók í fyrrinótt af stað ölvaður en lenti á staur eftir nokkra metra. Bifreiðin skemmdist mikið. Ökumaðurinn verður kærður fyrir ölvunarakstur.

Eftirlit á Suðurlandi

Lögreglan á Selfossi stöðvaði í gær um tvö hundruð bíla á Suðurlandsvegi til að kanna ástand og réttindi ökumanna. Einn ökumaður er talinn hafa verið undir áhrifum áfengis. Fjórir ökumenn óku of hratt.

Óeining innan stjórnarflokkanna vegna fjárlagagerðar:

Vilja ekki draga úr framkvæmdum

STJÓRNMÁL „Þetta held ég að sé yfirskot hjá honum Gunnari," segir Ásta Möller, þingmaður Sjálfstæðisflokks, og sæti á í fjárlaganefnd, er hún spurð um ummæli Gunnars Svavarssonar, þingmanns Samfylkingar og formanns fjárlaganefndar, í Morgunblaðinu um að til álita komi í gerð fjárlaga að fresta byggingu nýs háskólasjúkrahúss.

„Þegar Síminn var seldur lögðum við peninga til hliðar í þetta verkefni þannig að það er ekki eins og við séum að taka þá úr ríkissjóði. Svo er atvinnuástandið þannig að það fer ekki vel á því að draga úr framkvæmdum. Ég tel því að þetta fari ágætlega saman," segir hún.

Haft er eftir Gunnari að einnig komi til greina að fresta öðrum verkefnum, til dæmis lagningu Sundabrautar. „Það verkefni hangir á skipulagsyfirvöldum í Reykjavík og þau eru ekki tilbúin með útfærslu á því, því miður. Þannig að það er á því stigi að ríkisstjórn hefur lítið um það að segja."

„Það er afdráttarlaus skoðun allra borgarfulltrúa í Reykjavík, hvort sem er í meiri- eða minnihluta, að Sundabraut er algjört forgangsverkefni," segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefur einnig látið hafa eftir sér að frestun á nýju háskólasjúkrahúsi sé ekki inn í myndinni.

„Á þessu stigi er alltof snemmt að taka afstöðu til einstakra verkefna," segir Kristján Þór Júlíusson, sem einnig á sæti í fjárlaganefnd fyrir hönd Sjálfstæðisflokks. „En það segir sig sjálft þegar tekjur ríkisins dragast saman og útgjöld aukast verða menn að skoða það fordómalaust hvernig megi bregðast við því."

-jse

ÁSTA MÖLLER Fulltrúi Sjálfstæðisflokks í fjárlaganefnd er ósammála formanni nefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ RÓBERT

KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON Hann segir of snemmt að taka ákvörðun um einstaka verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

www.toyota.is

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 42058 06/08

Toyota – sumarið sýnir sig um helgina

Sumarið sýnir sig hjá Toyota og því verður sérstaklega bjart yfir bílunum á Sumarsýningu Toyota á Nýbýlavegi um helgina.

Gjafabréf fyrir tvo með Icelandair til Evrópu fylgir hverjum seldum bíl.*

Opið sunnudag kl. 13.00 – 16.00

Komdu, skoðaðu og reynsluaktu spennandi sumarsmellum. Það verður grill og gaman á Sumarsýningunni.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 2 - 8
Kópavogur
Sími: 570-5070

*Flugvallarskattar ekki innifaldir.

WWW.ICELANDAIR.IS

GENGIÐ 06.06.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	75,72	76,08
Sterlingspund	148,13	148,85
Evra	118,03	118,69
Dönsk króna	15,822	15,914
Norsk króna	14,86	14,948
Sænsk króna	12,647	12,721
Japanskt jen	0,7129	0,7171
SDR	122,69	123,43

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
152,0602
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alexander Jóhannesson dæmdur í tuttugu mánaða fangelsi:

Stakk þrjá og misþyrmdi einum til

DÓMSMÁL Ríflega tvítugur Akureyringur, Alexander Jóhannesson, var á mánudag dæmdur í tuttugu mánaða fangelsi í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir alvarlegar líkamsárásir og fíkniefnabrot.

Alexander réðist með eldhúshníf að hópi fólks í samkvæmi á Akureyri í október í fyrra. Fimm þurftu að leita sér aðhlynningar á spítala, þar af hlutu tveir alvarlega áverka. Alexander var ákærður fyrir að stinga þrjá af þessum fimm mönnum.

Einn manninn stakk hann ítrekað víðs vegar um líkamann, með þeim afleiðingum að hann hlaut tíu til tólf sentimetra skurð á bringu, auk skurðar á hálsi og víðar. Annan stakk hann í öxl, þannig að hnífsblaðið skar djúpan skurð í axlarvöðvann, skaddaði beinið og brotnaði loks í sárinu. Þriðji maðurinn særðist minna.

HÉRAÐSDÓMUR Alexander játaði ekki á sig líkamsárásirnar.

Í lok janúar á þessu ári veittist hann að manni á Akureyri, sló hann hnefahöggi í andlitið svo hann féll til jarðar, og sparkaði þá tvisvar í höfuð hans og andlit. Maðurinn missti við það meðvitund.

Þá var hann dæmdur fyrir að hafa tvívegis verið tekinn með fíkniefni í neyslu- og söluskömmtum, og einu sinni ekið undir áhrifum fíkniefna. Alexander hefur áður hlotið dóma fyrir fíkniefnabrot. - sh

Vann skaðabótamál:

Þrjár milljónir vegna sápuvatns

DÓMSMÁL Fyrirtækið HB Grandi hf. hefur verið dæmt til að greiða karlmanni ríflega þrjár milljónir króna í skaðabætur eftir að maðurinn datt í stiga um borð í Snorra Sturlusyni.

Maðurinn var á leið niður í skipið þegar hann rann niður stiga sem var blautur af sápuvatni. Þrif stóðu yfir í skipinu. Sá sem var að skúra hafði gert andartakshlé á vinnu sinni til að svara í síma sem var á veggnum undir stiganum og því ekki sjáanlegur. Atvikið var að hluta rakið til gáleysis þess er skúraði, en hinn slasaði þótti ekki hafa sýnt fulla aðgæslu og bar því hluta tjóns síns sjálfur. -jss

Úthlutun Orkuráðs:

172 milljónir til jarðhitaleitar

ORKUMÁL Orkuráð ákvað á fundi sínum á Hótel Klaustri í gær að úthluta samtals 172 milljónum til jarðhitaleitar á 29 stöðum þar sem ekki nýtur hitaveitu.

Úthlutun ráðsins er að mestu liður í mótvægisaðgerðum stjórnvalda vegna þorskaflaskerðingar. Ekki koma til greina aðrir staðir en þeir þar sem verulegur tekjumissir hefur orðið vegna skertra þorskaflaheimilda.

Styrkur getur að hámarki numið átta milljónum króna og hlutu tólf staðir þá upphæð. Styrkirnir eru veittir með fyrirvara um að Alþingi samþykki lokafjárveitingu til verkefnisins. -ve

MÚMÍA Meðal annars var keppt í múmíuvafningi.

Skrýtin verðlaun á árshátíð:

Vann jarðarför

BANDARÍKIN Hin sextuga Elaine Fulps frá Texas var í skýjunum síðastliðið þriðjudagskvöld eftir að hún vann 770.000 króna jarðarför á árshátíð hafnaboltaliðs barna sinna.

Vinninginn fékk hún eftir fjölþrautakeppni þar sem meðal annars var keppt í að pakka inn múmíu. Sigurvegarinn var síðan valinn af handahófi.

Elaine sagðist vona að hún þyrfti ekki að nýta sér verðlaunin í bráð en ætlar sér að velja legstað undir fallegu tré. - vsp

Skáluðu í kampavíni fyrir nýjum oddvita

Hanna Birna Kristjánsdóttir er nýr oddviti Sjálfstæðisflokks í borginni. Ákvörðun um það var einhuga. Borgarfulltrúar styðja hana en telja of snemmt að segja til um hver leiðir listann í næstu kosningum. Skálað í kampavíni í gær.

STJÓRNMÁL Hanna Birna Kristjánsdóttir tók í gær við af Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni sem oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Vilhjálmur verður forseti borgarstjórnar að loknum sumarleyfum en Hanna Birna formaður borgarráðs.

Hanna Birna mun taka við sem borgarstjóri af Ólafi F. Magnússyni í mars á næsta ári. Hún segir fullsnemmt að fullyrða um hvort hún muni leiða listann í næstu kosningum, en hún hafi fullan hug á að starfa áfram að borgarmálum.

„Við tökum bara eitt skref í einu. Ég er mjög þakklát fyrir þann stuðning sem ég hef í hópnum og hef fundið á meðal sjálfstæðismanna. Ég tel að þessi ákvörðun og hvernig Vilhjálmur stóð að þessu hafi verið farsælt; bæði fyrir þennan hóp og borgarbúa alla.“

Hanna Birna segir að einhugur hafi ríkt um ákvörðunina og allir sem komið hafi að málinu séu sáttir; líka þeir sem orðaðir voru við oddvitasætið. Þá sé mikilvægt að Vilhjálmur starfi áfram með hópnum með þá þekkingu sem hann býr yfir.

Gísli Marteinn Baldursson segist fagna niðurstöðunni. „Staðan í borgarstjórn hefur verið óþægileg að undanförnu. Ég treysti Hönnu Birnu fullkomlega til starfans.“

Gísli var lengi vel orðaður við oddvitasætið. „Ég tel einfaldlega að mest sátt geti skapast um Hönnu Birnu núna og er tilbúinn til að setja minn persónulega metnað til hliðar í nafni þess að Sjálfstæðisflokkurinn nái vopnum sínum á ný.“ Hvað varðar næstu kosningar segir Gísli allt of snemmt að segja hver muni leiða listann þá.

„Ég er ánægður og studdi hugmynd Vilhjálms einarðlega. Fundurinn var haldinn hér heima og ég bauð upp á kampavín að honum loknum,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi. „Ég styð Hönnu Birnu og vona að hún leiði hópinn í gegnum næstu kosningar.“

Kjartan Magnússon er einn þeirra sem hefur verið orðaður við oddvitastöðuna. „Ég er mjög sáttur. Hanna Birna er oddviti okkar og ég mun standa á bak við hana eins og ég hef alltaf staðið á bak við oddvita okkar.“ Kjartan segir enn of snemmt að segja hvort Hanna Birna muni leiða listann í næstu kosningum.

kolbeinn@frettabladid.is

NÚVERANDI OG FRÁFARANDI ODDVITAR Hanna Birna Kristjánsdóttir og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson ræddu málin við fréttamenn á heimili þess síðarnefnda í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ERFIÐLEIKARNIR HLUTI AF LÍFI OKKAR

„Mér fannst ágætt að gera þetta á þessum tímamótum í okkar lífi. Erfiðleikarnir undanfarið hafa verið stór hluti af lífi okkar Guðrúnar,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fráfarandi oddviti.

Vilhjálmur kvænist í dag Guðrúnu Kristjánsdóttur. „Okkur líður vel með að þessu sé lokið. Á morgun [í dag] er stór dagur og á næstunni höldum við til Færeyja og getum aðeins slakað á. Það er gott að þessu skuli vera lokið.“

Vilhjálmur segir einhug hafa ríkt um tillögu sína og hann treysti Hönnu Birnu vel til góðra verka í borgarstjórn.

BREYTINGAR Í BORGARSTJÓRN

■ **29. maí 2006** Sjálfstæðismenn og framsóknarmenn mynda meirihluta í borgarstjórn. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson verður borgarstjóri og Björn Ingi Hrafnsson formaður borgarráðs.

■ **11. október 2007** Fundur meirihlutans í Höfða. Síðar um daginn springur meirihlutinn og Tjarnarkvartettinn kemst til valda.

■ **16. október 2007** Dagur B. Eggertsson kjörinn borgarstjóri á borgarstjórnarfundi.

■ **21. janúar 2008** Meirihlutinn springur enn á ný og nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks og Ólafs F. Magnússonar úr F-lista verður að veruleika.

■ **4. desember 2008** Ólafur F. Magnússon kjörinn borgarstjóri á borgarstjórnarfundi.

■ **24. janúar 2008** Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, óskar eftir lausn frá störfum sem borgarfulltrúi. Óskar Bergsson varaborgarfulltrúi tekur sæti hans.

■ **7. júní 2008** Hanna Birna Kristjánsdóttir tekur við sem oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn af Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni.

■ **22. mars 2009** Að öllu óbreyttu tekur Hanna Birna við sem borgarstjóri af Ólafi F. Magnússyni.

■ **29. maí 2010** Sveitarstjórnarkosningar.

VEÐURSPÁ

Elín Björk Jónsdóttir Veðurfræðingur

ÚRKOMA VÍÐA í dag, sérstaklega fyrri partinn. Eftir hádegi má búast við að stytti upp á sunnanverðu landinu en áframhaldandi skúrum eða rigningu fyrir norðan. Hlýjast sunnan jökla.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	24°
Billund	25°
Ósló	26°
Stokkhólmur	23°
Gautaborg	24°
London	24°
París	23°
Frankfurt	28°
Friedrichshafen	25°
Berlín	28°
Alicante	21°
Mallorca	23°
Bassel	26°
Eindhoven	21°
Las Palmas	36°
New York	33°
Orlando	20°
San Francisco	13°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

TAX FREE
SNYRTIVÖRU DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 5.-8. júní
afnemum við virðisaukaskatt
af snyrtivörum.
Fríhafnardagar um helgina
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 8. júní 2008.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN

Á að slaka á reglum um veðmál hér á landi?

JÁ 33%

NEI 67%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Horfðir þú á opnunarleikinn í Evrópukeppninni í knattspyrnu?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Réttarhöld hafin í herstöð Bandaríkjamanna við Guantánamo-flóa:

Höfuðpaur vill dauðarefsingu

GUANTANAMO, AP Khalid Sheikh Muhammed, sem ákærður er fyrir að hafa skipulagt árásirnar á Bandaríkin 11. september 2001, segist fagna dauðadómi.

„Ég vil verða píslarvottur til langframa," sagði hann við réttarhöld, sem hófust á fimmtudag í herstöð Bandaríkjanna við Guantánamo-flóa á Kúbu.

Réttarhöldin yfir Khalid Sheikh Muhammed og fjórum öðrum grunuðum hryðjuverkamönnum eru mikilvægasta prófraun sérdómstólanna umdeildu, sem stofnaðir voru sérstaklega í því skyni að dæma í málum fanga Bandaríkjahers á Kúbu.

Löglærðir hermenn, sem skipaðir voru verjendur eins sakborninganna sögðu á öðrum degi réttarhaldsins í gær að hinir sakborningarnir hefðu beitt hann þrýstingi til að hafna málsvörn fyrir sig. Allir sakborningarnir fimm kváðust myndu verja sig sjálfir.

Hæstiréttur Bandaríkjanna mun á næstu vikum kveða upp dóm um það hvort þessir sérskipuðu herdómstólar standist stjórnarskrá Bandaríkjanna.

Khalid Sheikh Muhammed var handtekinn í Pakistan árið 2003 og var honum haldið með leynd í fangelsum bandarísku leyniþjónustunnar CIA þangað til hann var fluttur til Kúbu haustið 2006. Í febrúar síðastliðnum viðurkenndi Bandaríkjastjórn að hann hefði verið beittur pyntingum í yfirheyrslum leyniþjónustunnar. - gb

RÉTTARHÖLD Í TJÖLDUM Í þessari tjaldborg fara réttarhöldin fram. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrjátíu daga fangelsi:

Stal búnaði og sendi heim

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir að stela búnaði frá vinnuveitanda sínum, Íslenskum aðalverktökum, og senda til heimalands síns, Póllands. Dómurinn er skilorðsbundinn.

Auk vinnufatnaðar stal maðurinn slípirokk, smíðabelti, kíttisbyssu, hníf, byssu á loftslöngu, dúkahnífum, tommustokk, tússpennum, tréblýöntum og límbandsrúllum, auk fleiri áhalda.

Auk þessa fannst slatti af vinnuhönskum, hurðarhúnasett og fleira, einnig frá ÍAV, við húsleit hjá manninum. Hann játaði sök. - jss

Norðmenn bak við tjöldin:

Ræða við Kína og Dalaí Lama

NOREGUR, AP Norsk stjórnvöld hafa í nokkur ár með leynd reynt að miðla málum milli Kína-stjórnar og Dalaí Lama, hins andlega leiðtoga Tíbeta. Norska dagblaðið Verdens Gang skýrði frá þessu.

Fulltrúar Noregs hafa átt fundi ýmist með kínverskum ráðamönnum eða með Dalaí Lama, bæði í Noregi og utan Noregs. Kínverjar hafa þó ekki enn viljað hitta Dalaí Lama sem fer fyrir útlagastjórn Tíbeta á Indlandi.

Talsmaður norska utanríkisráðuneytisins vildi ekkert segja um þessar viðræður.

Í Verdens Gang segir að Kínverjar hafi lagt mikla áherslu á að þær færu fram með leynd.

- gb

VERKIÐ Gerður við verkið sitt.

Alþjóðleg samkeppni:

Gerður fékk viðurkenningu

KÍNA Gerður Gunnarsdóttir listakona hlaut sérstaka viðurkenningu á úrslitakvöldi alþjóðlegrar höggmyndasamkeppni sem fór fram í Peking í Kína í lok maí. Viðurkenninguna hlaut hún fyrir verkið „To the Olympics - in Peace and Harmony".

Listamenn frá níutíu löndum sendu inn ríflega 2.400 verk í keppnina. Af þeim voru síðan 290 verk valin á farandsýningu um Kína. - ghs

Vilja að ráðherrar hugsi sinn gang

Þingmenn Sjálfstæðisflokks segja að ráðherrar verði að endurskoða verklag sitt í samstarfi flokkanna eftir yfirlýsingar ráðherra Samfylkingar. Frekar að dæma samstarfið út frá góðum árangri segir formaður þingflokks Samfylkingar.

STJÓRNMÁL Þingmenn Sjálfstæðisflokks segja nauðsynlegt að stjórnarflokkarnir endurskoði verklag sitt í ljósi þeirra yfirlýsinga sem ráðherrar Samfylkingar hafa sent frá sér. Vísa þeir þá til yfirlýsingar Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra um að stjórnvöldum beri að læra af málslyktum Baugsmálsins og yfirlýsingar fyrir hönd allra ráðherra Samfylkingar um að verið væri að fórna meiri hagsmunum fyrir minni með því að heimila hvalveiðar.

„Ég ætla ekkert að tjá mig efnislega um yfirlýsingu Ingibjargar Sólrúnar," segir Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokks. „En mér finnst yfirlýsingar sem þessar bera það með sér að það þurfi að slípa samstarf stjórnarflokkana betur til."

„Ég fæ ekki séð að það tengist embættisfærslum Ingibjargar Sólrúnar að vera að senda sérstaklega frá sér yfirlýsingar vegna eins dómsmáls," segir Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks. „Þetta er ekki eina tilfellið þar sem ráðherrar Samfylkingarinnar eru að senda frá sér slíkar yfirlýsingar og ég er sammála Kristjáni að þetta getur ekki verið reglan hjá ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Ekki fer menntamálaráðherra að senda frá sér yfirlýsingu um uhverfismál, svo dæmi séu tekin. Mér finnst þetta satt að segja óheppilegt og tel að þeir sem eiga í hlut eigi að velta þessu fyrir sér."

„Það að stjórnmálamenn láti skoðanir sínar í ljós tel ég frekar vera heilbrigðisvottorð en tákn um örðugleika," segir Lúðvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingar. „Enda er það svo að samstarfið gengur mjög vel og flest af því sem talað er um í stjórnarsáttmálanum er í undirbúningi eða þegar klára, ég tel nær að dæma samstarfið út frá því."

jse@frettabladid.is

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR OG ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON Yfirlýsingar ráðherra Samfylkingarinnar eru óheppilegar að mati þingmanna Sjálfstæðisflokks. Þeir vilja að þessi háttur verið tekinn til endurskoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/PÖK

KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

LÚÐVÍK BERGVINSSON

SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

All Russian compatriots are cordially invited
to a reception hosted by the Russian Embassy in Iceland on the occasion of the Day of Russia on June 12th, 2008 from 19.30 to 21.00 at a reception hall of the Embassy at Garðastræti 33

Guðjón Arnar varar við ásælni innflytjenda í atvinnuleysisbætur:

Varar við vaxandi atvinnuleysi

STJÓRNMÁL Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, varar við því að ef atvinnuleysi vaxi við núverandi aðstæður muni margir erlendir innflytjendur sem hér hafa sest að, skrá sig á atvinnuleysisbætur þar sem þær séu hærri en laun heima fyrir.

Guðjón sagði þetta í ræðu á Landsráðsfundi flokksins sem fram fór á Laugavatni í gær. Hann telur að hvetja eigi til fjárfestinga og stöðva þá hörðu lendingu sem nú stefnir í.

Þá sagði Guðjón mikla skuldaaukningu í kjölfar lánasprengingar og verðbólgu fylgifisk innrásar nýju einkavæddu bankanna á húsnæðismarkað. Fasteignaverð hafi hrunið og veð standi ekki undir ofurvöxtum og verðtryggingu.

Formaðurinn telur að ekki eigi að fara eftir ráðgjöf Hafró um þorskkvóta. Hann vill setja á jafnstöðuafla, 220 þúsund tonn, næstu þrjú árin. „Metum síðan árangurinn. Ég spái því að hann verði betri en það sem við höfum gert frá 1984 með kvótabraskkerfinu," sagði Guðjón Arnar í ræðu sinni.

GAGNRÝNINN Guðjón Arnar Kristjánsson var mjög gagnrýninn á stefnu ríkisstjórnarinnar á Landsráðsfundi Frjálslynda flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þá vill hann stöðva alla leigu og sölu á kvóta á milli útgerða frá og með næstu áramótum og setja lög um að aðeins ríki og sveitarfélög megi leigja kvóta til útgerðar. Guðjón sagði leyfðan þorskafla nú þann minnsta í 98 ár. - kóp

GLITNIR HLÝTUR VIÐURKENNINGU FINANCIAL TIMES

Financial Times verðlaunar á hverju ári þær bankastofnanir í heiminum sem staðið hafa að viðskiptum sem stuðla að sjálfbærri þróun og sýna samfélagslega ábyrgð. Verðlaunin kallast „FT Sustainable Banking Awards.“ Glitnir varð í öðru sæti í flokknum „Sustainable Deal of the Year 2007“ fyrir fjármögnun á 50 MW jarðvarmavirkjun í Kaliforníu en Glitnir atti þar kappi við stórbanka á borð við Merrill Lynch, Morgan Stanley, Citi US og Blue Orchid.

Úr umsögn dómnefndar um Glitni: „A case study in comparative advantage. Geothermal – they know how to do it and are claiming a global leadership role.“

Verðlaunin staðfesta að Glitnir er í fremstu röð í heiminum í fjármögnun jarðvarmaverkefna sem er eitt af sérsviðum bankans.

FT
FINANCIAL TIMES

IFC
International Finance Corporation
World Bank Group

GLITNIR

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað má verðtryggja og hvað ekki?

Spurning um aga

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Efnahagsráðuneyti var aðeins hluti af stjórnarráðinu um skamman tíma fyrir hálfri öld. Sú hefð hefur skapast að líta á forsætisráðherrann sem efnahagsráðherra. Það á rætur að rekja til verðbólgutíðarinnar þegar samhæfa þurfti aðgerðir í efnahags- og kjaramálum á þriggja mánaða fresti.

Víðast hvar eru efnahagsmálin eðli máls samkvæmt á ábyrgðarsviði fjármálaráðherrans. Í nútímanum beita forsætisráðherrar sér mest á sviði utanríkismála, menntamála og heilbrigðismála nema í verulegri efnahagslegri ágjöf. Það á við um þessar mundir. Lítil frétt frá Vegagerðinni í síðustu viku gefur hins vegar tilefni til að beina athyglinni að ábyrgð einstakra ráðherra í þessum efnum.

Atvik málsins eru þau að Vegagerðin samþykkti kröfu frá atvinnurekendum um að vísitölubinda verksamninga. Fyrir því eru augljós hagkvæmnirök fyrir verktaka. Þeir geta boðið í verk óháð verðbólguáhættu. Þetta léttir líka störf þeirra embættismanna sem meta eiga tilboð í einstök verk. Þeir þurfa ekki að glíma við verktaka í vanda vegna óraunhæfra tilboða. Þetta er skilvirkt og sjálfvirkt verðhækkunarkerfi.

Á tvennt er að líta í þessu samhengi. Eitt er að Vegagerðin hefur ekki gert grein fyrir því hvort framkvæmdir verða skornar niður vegna ófyrirséðra verðhækkana sem verktakar fá tryggðar með sjálfvirkum hætti. Samgönguráðherra þarf þar af leiðandi að gera grein fyrir því hvort hann lítur svo á að hann geti gengið að sjálfvirkum aukafjárveitingum vísum til þess að standa undir þessum sjálfvirku verðhækkunum.

Annað atriði í þessu samhengi lýtur að grundvallarreglu sem ríkisstjórnin sýnist hafa unnið eftir fram til þessa. Á sínum tíma var það lykilatriði í viðnámsaðgerðum gegn verðbólgu að rjúfa flestar sjálfvirkar verðbætur. Þó að fordæmi megi finna fyrir tímabundinni undantekningu frá þessari reglu verður ekki á það fallist að ein vitlaus ákvörðun réttlæti sjálfkrafa aðra.

Tvískinnungur sem þessi kallar þar af leiðandi á útskýringar. Hvernig getur samgönguráðherrann varið verðtryggingu í verksamningum við atvinnurekendur á sama tíma og hann ber eins og aðrir ráðherrar pólitíska ábyrgð á þeirri stefnu að neita launþegum um það sama í kjarasamningum?

Þetta einstaka mál er vitaskuld ekki stórt í sniðum og ríður ekki eitt og sér baggamun um skynsamlega fjármálastjórn. En það hlýtur að vekja upp spurningar um aga við stjórn ríkisfjármála og efnahagsmála. Fjármálaráðherra kemst ekki hjá að gera grein fyrir hvað réttlæti að gera slíka sjálfvirka samninga um einn kostnaðarþátt fjárlaganna en ekki aðra. Hann þarf að svara því hvort aðrar ríkisstofnanir geti leikið sama leikinn.

Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi. Hún getur líka verið með öllu skaðlaus. Hinu geta menn ekki lokað augunum fyrir að spurningar hljóta að vakna um hvar draga eigi markalínurnar þegar einu sinni er farið að gefa eftir. Öllum má vera ljóst og þar á meðal samgönguráðherra að víðtækar sjálfvirkar vísitölutengingar í opinberum rekstri eru, við ríkjandi aðstæður í efnahagsmálum, vísasti vegurinn til þess að innleiða á ný víxlhækkanir verðlags og launa. Gerist það verður verðbólguhjólið óstöðvandi.

Hvernig sem á þetta litla mál er litið kallar það hvað sem öðru líður á skýr svör við þeirri spurningu: Hvað má verðtryggja og hvað ekki?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Misskilningur leiðréttur

Þeir eru ekki margir sem enn deila um Víetnamstríðið og vandfundinn sá Bandaríkjamaður sem ekki lítur á það sem ein stærstu mistök í utanríkispólitík Bandaríkjamanna.

Í nýjasta hefti Þjóðmála leiðréttir Vilhjálmur Eyþórsson þennan misskilning. Hann ræðir um eina misskildustu styrjöld sögunnar og átelur vinstri menn sem gagnrýndu stríðið á sínum tíma.

Nú er bara spurning hvort George W. Bush fær að sjá greinina í enskri þýðingu og þá verður þess vart langt að bíða að aftur verði ráðist inn í Víetnam og hið nauðsynlega verk klárað.

Saltstorkinn sveitamaður

Egill Helgason hittir oft naglann á höfuðið. Þannig hefur hann bent á það að svo virðist sem aðeins þeir sem slátri gimbur í morgunverð í faðmi íslenskra fjalla, eða sjúgi hrognin úr grásleppu um nónbil við gjálfrandi öldur, megi tjá sig um ísbjarnardrápið á dögunum.

Agli var á síðu hans brigslað um að hafa ekki komið austur fyrir Ártúnsbrekku. Egill hélt nú það, hann hefði verið í sveit sem barn og unnið í Eyjum og meira að segja komið til Grímseyjar. Svo klykkti hann út með því að hann hefði komið „þrisvar til Akureyrar að mig minnir".

Með þessu stakk hinn saltstorkni sveitamaður upp í gagnrýnendur hins agalega póstnúmers 101 eins og honum einum er lagið.

Engin pólitík

Andrés Magnússon og Pétur Gunnarsson Eyju-bloggarar hafa báðir tjáð sig um Baugsmálið. Ekki eru þeir sammála um margt, þó helst það að málið sé á engan hátt pólitískt.

Pétur Gunnarsson virðist óttast það að Björn Bjarnason muni náða Jón Ásgeir. Andrés telur það af og frá og telur að „hans elsku vinur forsetinn, herra Ólafur Ragnar Grímsson, taki það ómak […] af dómsmálaráðherra". Engin pólitík hér á ferð.

kolbeinn@frettabladid.is

BITBEIN Svandís Svavarsdóttir spyr:

Hvað geta stjórnvöld gert til að vinna gegn mansali?

ILLUGI GUNNARSSON

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Gegn mansali

Mansal er alvarlegur glæpur. Það þarf mikla mannvonsku til að hneppa fólk í ánauð, láta það ganga kaupum og sölum og gera sér neyð þess að féþúfu. Núgildandi lög banna mansal fortakslaust og enginn ágreiningur er uppi um mikilvægi þess að koma í veg fyrir slíka starfsemi. Baráttan gegn mansali snýr einkum að baráttunni gegn alþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi. Í tilfelli okkar Íslendinga skiptir landamæragæsla miklu máli, en ekki síður er mikilvægt að lögreglan hafi til þess burði að fást við þau glæpagengi sem virðast hafa skotið rótum hér á landi. Við eigum ekki undir nokkrum kringumstæðum að sætta okkur við, eða horfa fram hjá þrælahaldi, hvort sem það er nútímalegt eða gamaldags.

Löstur er ekki glæpur

í þessari baráttu þurfum við hafa tvennt í huga fyrir utan þau sjónarmið sem ég lýsti hér að ofan. í fyrsta lagi verður sú regla réttarríkisins að gilda að menn eru saklausir þar til sekt þeirra er sönnuð. Það er ekki nóg að menn séu ógeðfelldir, stundi ógeðfellda starfsemi eða hagi sér í andstöðu við það sem góður siður krefst. Menn verða að hafa brotið af sér og sekt þeirra sönnuð til þess að hægt sé að banna starfsemi þeirra, hafi starfsemin verið lögleg í upphafi. Þetta sjónarmið á t.d. við um svokallaða nektarklúbba sem til skamms tíma voru nokkuð algengir hér á landi. Yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar líkar ekki við þá starfsemi sem þar fer fram og færð hafa verið fyrir því sterk rök að slík starfsemi tengist oft og tíðum alþjóðlegri glæpastarfsemi, einkum mansali. En til þess að hægt sé að stöðva starfsemi af þessum toga þarf að sýna fram á að lög hafi verið brotin, ekki dugar að vísa til almennra sjónarmiða og líklegra lögbrota. Augljóst er hvaða hættu slík aðferð hefði í för með sér fyrir réttaröryggi borgaranna.

Löglegt siðleysi

Síðara atriðið er að ég tel mjög varhugavert að ríkisvaldið reyni að lögbinda allt siðferði. Vissulega eru ýmis lög þannig til komin að grunn þeirra má finna í siðferðislegum skoðunum manna á því hvað sé rétt og hvað rangt. En fyrir slíkri lagasetningu eru ákveðin takmörk. Ef ríkisvaldið ætlar að taka sér allt siðferðislegt vald með lagasetningu þá er um leið verið að afsiða samfélagið. Borgararnir spyrja þá ekki lengur hvað sé siðferðislega rétt eða rangt og bera ábyrgð á þeirri niðurstöðu gagnvart sjálfum sér og samborgurum sínum. Í staðinn spyrja þeir hvað ríkið banni og hvað ríkið leyfi og hegðun því annað hvort lögleg eða ekki, ekki er spurt um siðferði. Affarasælla er að við treystum hverjum og einum til þess að hafa sem ríkast val í siðferðislegum efnum, að við eigum hegðun okkar sem mest við eigin samvisku og búum við þann aga sem fylgir því að samborgarar okkar leggja siðferðislegan mælikvarða á hegðun okkar. Samfélag siðaðra einstaklinga og öflug barátta gegn lögbrjótum er besta vörnin sem við höfum gegn mansali og öðrum glæpum.

Fyrsta skrefið að viðurkenna vandann

Á hverju ári eru milljónir seldar mansali í heiminum til að þjóna kaupendum í kynlífsiðnaðinum. Fyrst og fremst konur og börn.

Hvað er mansal?

Staðalímynd fórnarlamba mansals er afar sterk og lífseig. Ung kona sem hneppt er í ánauð, einangruð, barin, niðurlægð og nauðgað trekk í trekk þar til hún sviptir sig lífi. Ekki ósvipað Lilju 4-ever. Þessi staðalímynd er hamlandi í baráttunni gegn mansali, og er nýlegur héraðsdómur til marks um það. Þar er mansal skilgreint sem þrælasala. Þrælasala sýnilegra hlekkja og ánauðar.

Alþjóðleg skilgreining á mansali er mun víðari og tekur mið af rannsóknum, reynslu og þekkingu sérfræðinga á verslun með fólk á síðari tímum. Mansal er skilgreint sem verslun með fólk, með eða án samþykkis þess, ef salan byggist á varnarleysi viðkomandi. Í þessu felst að einstaklingur sem hagnýtir sér bága stöðu konu, jafnvel þó hún samþykki að ferðast milli landa til að starfa í kynlífsiðnaði (nektardansi, klámi eða vændi), stundar mansal. Kona sem ekki á annars kost hefur ekki raunverulegt val, samþykkið er þvingað.

Fyrst og fremst þurfa stjórnvöld að ákveða að mansal skuli ekki þrífast hér á landi og þannig leggja sitt af mörkum til alþjóðasamfélagsins. Talsvert hefur vantað upp á framlag íslenskra stjórnvalda, því þrátt fyrir undirritun sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn skipulagðri glæpastarfsemi með sérstökum viðauka vegna mansals þann 13. desember 2000, er langt í land til að hægt sé að fullgilda hann.

Hvað geta stjórnvöld gert?

Fyrsta skrefið er að viðurkenna vandann og hlusta á þá sem þekkinguna hafa.

Staðhæfingar sérfræðinga um að hér þrífist mansal eru ekki úr lausu lofti gripnar. Innlendar og erlendar rannsóknir, sem og reynsla félagasamtaka og stofnana af aðstoð við konur sem seldar hafa verið mansali eru verðmæti sem byggja þarf frekari vinnu á.

Þessir sérfræðingar hafa fyrir löngu lagt fram tillögur að úrræðum sem lúta bæði að lagabreytingum og félagslegum lausnum. Í þeim felst að banna hvers kyns sölu á líkama kvenna, gera kaupendur vændis ábyrga, tryggja fórnarlömbum mansals fórnarlamba- og vitnavernd, krefja opinbera starfsmenn um siðferði í alþjóðasamstarfi og fleira í þeim dúr svo fullgilding alþjóðasáttmála og raunverulegt starf gegn þessari meinsemd geti hafist.

Það er ekki bara skylda stjórnvalda að berjast með öllum ráðum gegn mansali til að vernda fólk sem í því lendir, heldur er mansal í þágu kynlífsiðnaðar ein helsta ástæða þess að jafnrétti kynjanna á enn langt í land. Jafnrétti kynjanna mun aldrei nást ef annað kynið er viðurkennt sem söluvara.

TaL

VILTU LÆKKA SÍMREIKNINGINN?

FÁÐU ALLAN PAKKANN FRÁ **3.990 KR.** Á MÁNUÐI

HEIMASÍMI

NET

GSM

Ef þú kaupir allan pakkann á **www.tal.is** og greiðir með kreditkorti færðu fyrsta mánuðinn frían. Frítt í alla heimasíma innanlands, 14,90 kr. í alla GSM innanlands og ótakmarkað niðurhal.*

*Samkvæmt skilmálum.

www.tal.is | Síðumúla 32, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa 445 1600 | tal@tal.is

GOTT FÓLK

JULIANNA MARGULIES LEIKKONA ER 42 ÁRA.

„Ég fer frekar aftur að þjóna til borðs en að leika hlutverk persónu sem mér er illa við.“

Julianna Margulies er þekktust fyrir hlutverk sitt sem ráðagóði hjúkrunarfræðingurinn Carol Hathaway í Bráðavaktinni. Lítið hefur til hennar sést á hvíta tjaldinu og skjánum eftir að hún hætti í þáttunum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 8. JÚNÍ 1783

Skaftáreldar hefjast

Á vormánuðum fór að bera á illum þef upp úr Þjórsá og Skaftá auk þess sem ný eyja myndaðist í gosi út af Reykjanesi en hún hvarf nokkru síðar í sjó.

Í maí sama ár fór að bera á jarðskjálftum sem fóru vaxandi og 8. júní 1783 hófst svo mesta eldgos Íslandssögunnar.

Til að byrja með varð vart við öskufall í sveitinni og svartur mökkur lagðist yfir byggðina. Sama dag stóðu svo þrír eldar upp úr mekkinum og þeim fylgdu miklar drunur og brennisteinsfnykur. Hægt er að segja að rignt hafi eldi og brennisteini því bláleit rigning helltist yfir sem brenndi gróður og nýrúið fé. Fólk fann fyrir sviða í augum og á beru hörundinu. Hraun tók að flæða yfir sléttlendi þann 12. júní og þremur dögum síðar fóru fyrstu jarðirnar undir hraun og fólk flýði sveitina.

Búsæld hafði verið í Skaftafellssýslu árin áður og töldu margir að gosið væri refsing guðs fyrir ólifnað. Þann 20. júlí safnaðist fólk saman í kirkjunni á Kirkjubæ og séra Jón Steingrímsson messaði. Kirkjan lék öll á reiðiskjálfi og hraunelgurinn nálgaðist og kirkjugestir héldu þetta sitt síðasta. Hraunið stöðvaðist meðan á messu stóð og hefur hún síðan verið kölluð Eldmessan. Draga fór úr gosinu eftir þetta, en áfram ruddust þó fram hraunspýjur. Gosinu lauk þann 7. febrúar 1784. Í kjölfarið lagðist eiturmóða yfir landið, tún sviðnuðu, bústofn féll og Íslendingum fækkaði um fjórðung. Móðuharðindunum lauk árið 1785.

MERKISATBURÐIR

1789 Jarðskjálftahrina hefst á Suðurlandi. Jörðin skelfur á tíu mínútna fresti í heila viku.

1882 Jón Hjaltalín landlæknir lést 75 ára að aldri.

1921 Bandarískri hafnaboltaleikarinn Babe Ruth handtekinn fyrir hraðakstur.

1953 Rúmlega hundrað manns farast í fellibyljum í fylkjunum Michigan og Ohio í Bandaríkjunum.

1968 James Earl Ray, meintur banamaður Martins Luthers King Jr, er handtekinn.

1986 Kurt Waldheim, meintur nasisti, kosinn forseti Austurríkis.

1994 Jarðskjálfti upp á 7,8 á Richter skekur Norður-Bólivíu.

†

Elskulegur faðir minn, bróðir, mágur og frændi,

Hilmar Halldórsson

Faxabraut 36a, Keflavík,

sem lést 1. júní, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju, miðvikudaginn 11. júní kl. 13.00.

Sigmar Bjarki Hilmarsson
Guðrún Björg Halldórsdóttir
Elsa Hildur Halldórsdóttir
Jóhannes Daði Halldórsson
Aðalbjörg Grétarsdóttir
og systkinabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Benedikt Eyfjörð Sigurðsson

flugvirki, Lækjasmára 72, Kópavogi,

sem lést á heimili sínu þann 31. maí síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju, Garðabæ, þriðjudaginn 10. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Auður Lella Eiríksdóttir
Sigrún K. Eyfjörð — **Guðni F. Sigurðsson**
Eiríkur Eyfjörð — **Jórunn Ó. Ólafsdóttir**
Þorsteinn Eyfjörð — **Ásta S. Sölvadóttir**
Guðjón Þór Jónsson
Auður Ösp Jónsdóttir — **Gunnþór Jens**
Heiða S. Ármannsdóttir — **Halldór Frank**

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðfinna Jónsdóttir

frá Völlum Garði, nú Vesturbergi 191 Reykjavík,

verður jarðsungin frá Útskálakirkju, þriðjudaginn 10. júní kl. 14.00.

Marta Guðmundsdóttir — **Kjartan K. Steinbach**
Ingibjörg J. Guðmundsdóttir — **Ólafur Örn Ingólfsson**
Jón Guðmundsson — **Kolbrún Baldursdóttir**
Sigrún Guðmundsdóttir — **Einar Ingi Magnússon**
Þorleifur St. Guðmundsson — **Ingibjörg Sigurðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Legsteinar
í **miklu** úrvali

REIN
Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegrar móður minnar, tengdamóður og ömmu,

Þórunnar Jónsdóttur.

Sérstakar þakkir til þeirra sem styrktu minningarsjóð Félags aðstandenda Alzheimers samtakanna (FAAS) og einnig sérstakar þakkir til starfsfólksins á 2. hæð norður á hjúkrunarheimilinu Eir, fyrir góða umönnun og gott viðmót í gegnum árin.

Sigríður Sigurðardóttir — **Pétur Pétursson**
Sindri Þór Steingrímsson — **Stefanía Ósk Pétursdóttir**

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Stefanía Ólöf Stefánsdóttir

Laufbrekku 4, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fimmtudaginn 5. júní.

Guðbrandur Ingólfsson
Björn Ingólfsson — **Erla Steinunn Friðþjófsdóttir**
Þuríður Ingólfsdóttir — **Jóhannes Pétursson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær faðir minn, sonur og bróðir,

Halldór Einarsson

sem lést í Aarhus í Danmörku þann 22. maí síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík, miðvikudaginn 11. júní kl. 15.00.

Rakel Barðdal Halldórsdóttir
Einar Leifur Pétursson
Ólafía Einarsdóttir
og aðrir aðstandendur.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Halldóra Jóelsdóttir

sem lést í Sóltúni 29. maí sl., verður jarðsungin frá Seljakirkju mánudaginn 9. júní kl. 13. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð K.F.U.M. og K.F.U.K.

Valgeir Ástráðsson — **Emilía Björg Möller**
Sigurður Ástráðsson — **Guðný Bjarnadóttir**
Herdís Ástráðsdóttir — **Þorvaldur Sigurðsson**
barnabörn og langömmubörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

ÓSKAPLEGA GLÖÐ OG ÞAKKLÁT Arnheiður Borg fékk íslensku menntaverðlaunin á dögunum og kenndi sinn síðasta kennsludag í lok maí.

ARNHEIÐUR BORG: HLAUT ÍSLENSKU MENNTA

Forréttindi að fá

Arnheiður Borg kennari hlaut íslensku menntaverðlaunin í flokki kennara nú á dögunum.
Einnig stendur hún á ákveðnum tímamótum því hún kenndi einnig sinn síðasta kennsludag eftir 43 ára farsælan feril.

„Það var svo ánægjulegt að ég kenndi minn síðasta kennsludag 28. maí sem er mér merkilegur dagur því þennan sama dag fyrir 42 árum eignaðist ég dóttur mína eftir að hafa gengið með hana mitt fyrsta kennsluár,“ segir Arnheiður.

Hún er að vonum ánægð með menntaverðlaunin og segir með þeim sé kennarastarfið metið að verðleikum. „Starfið er erfitt en skemmtilegt og ég er óskaplega glöð og þakklát fyrir verðlaunin. Ótal margir kennarar í skólum um allt land eiga þessi verðlaun skilið ekki síður en ég og ég er mjög meðvituð um það, enda mikils virði að starfið sé viðurkennt,“ segir Arnheiður og bætir við: „Kennslan er merkilegt starf enda erum við að fást við það dýrmætasta sem við eigum, börnin okkar.“

Hún segir kennarastarfið hafa breyst mikið á starfsævinni, álag og kröfur til kennara hafi aukist og áherslur starfsins orðnar aðrar með breyttu samfélagi. „Áður var raðað í bekki eftir getu en nú er námsgeta barnanna innan hvers bekkjar mjög misjöfn. Kennarinn þarf að spanna miklu stærra svið í hverjum tíma. Það er gífurlegt álag á kennurum með bekki þar sem eru vandamál, félagsleg og tilfinnningaleg, og námsgetan er mismunandi. Starfið getur verið erfitt en er jafnframt gefandi því tilfinningaleg og félagsleg líðan barns skiptir miklu máli í skólanum og það eru forréttindi að fá að starfa við þetta.“

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla

Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

AFMÆLI

NANCY SINATRA söngkona er 68 ára.

SIGRÍÐUR LILLÝ BALDURSDÓTTIR eðlisfræðingur er 54 ára.

EIRÍKUR TÓMASSON prófessor er 58 ára.

NICK RHODES, hljómborðsleikari Duran Duran, er 46 ára.

NAFNIÐ MITT: MYRRA RÓS ÞRASTARDÓTTIR

Mörgum sem finnst nafnið fallegt

Myrra Rós Þrastardóttir, nemi í grafík við Listaháskóla Íslands, er ánægð með nafnið sitt og segir marga hafa hrósað því í hennar eyru.

„Mamma mín valdi nafnið, en henni þótti það fallegt. Það kemur úr Biblíunni en vitringarnir færðu Jesúbarninu gull, reykelsi og myrru. Ég er skírð Myrra með y-i en upphaflega var nafnið skráð með einföldu i-i í Þjóðskrá. Það tók nokkur ár að fá því breytt," segir Myrra.

Myrra Rós notar bæði nöfnin sín en er þó yfirleitt bara kölluð Myrra. „Þegar ég var yngri vildi ég helst heita einhverju venjulegu nafni eins og Eva en í dag kann ég voðalega vel við nafnið mitt. Mér hefur aldrei verið strítt á því og yfirleitt finnst fólki það mjög fallegt."

Myrra segir nafnið eflaust hafa fallega og jákvæða merkingu í hugum fólks en hún leiðir sjaldan hugann að því að það komi úr Biblíunni.

KANN VEL VIÐ NAFNIÐ Myrru langaði að heita venjulegu nafni þegar hún var yngri en í dag kann hún mjög vel við nafnið sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

AVERÐLAUNIN

að kenna

Arnheiður hefur unnið að kennslunni af hugsjón og þó hún sé hætt að kenna eru ýmis verkefni henni tengd á döfinni. Hún vinnur nú að endurútgáfu bóka um mannleg samskipti sem hún gaf fyrst út fyrir fjórtán árum. Upphafið að Bókunum um Rut og Valli á enga vini, voru bæklingar um samstarf milli heimilis og skóla sem Arnheiður vann í samstarfi við Aldísi Aðalbjarnardóttur, Ragnheiði Jónsdóttur og Pálínu Jónsdóttur árið 1990. Bæklingarnir fjölluðu um okkar innri mann, framkomu, umgengni og kurteisi. Arnheiður gefur bækurnar út sjálf og auk þess á hún mikið óútgefið efni sem hún sér fyrir sér að komi út ef vel gengur. Hún hefur því síður en svo lagt skóna á hilluna.

„Nei, nú finnst mér ég fyrst vera að fara í spariskóna," segir hún og hlær. „Mér finnst lífið aldrei hafa verið jafnspennandi, og það er stórkostlegt að vera við góða heilsu og finna allan þennan samhug og gleði allt í kringum mig. Það er enn þá meira vert en verðlaun."

heida@frettabladid.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Skilningur er alltaf margþættur.

Júlíus Arnarson
Nemi í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði) í félagsvísindadeild



10. JÚNÍ
RENNUR UMSÓKNAR-FRESTURINN ÚT!

WWW.BIFRÖST.IS

BA-NÁM

Heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

Hér á landi býðst námsleiðin heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði til BA prófs einungis við Háskólann á Bifröst. Þótt fræðigreinarnar séu þrjár er áhersla lögð á samhengi þeirra og sameiginlega þætti. Nemendur þjálfast í aðferðum félags- og hagvísinda, svo sem tölfræði og upplýsingatækni, en til einka sér jafnframt gagnrýna hugsun og læra að greina þátt heimspeki í ýmsum hugmyndakerfum. Þá geta nemendur valið eftir áhugasviði milli námskeiða í stærðfræði, rökfræði eða tölfræði. Námsleiðin HHS er kennd við alla helstu háskóla Vesturlanda undir heitinu PPE (Philosophy, Politics and Economics).

Nemendum í HHS gefst kostur á að ljúka BA prófi á tveimur, tveimur og hálfu eða þremur árum. Viðmiðunartíminn er tvö og hálft ár, en framúrskarandi nemendur eiga þess kost að ljúka náminu á tveimur árum. Allar nánari upplýsingar á bifrost.is.

FRUMGREINADEILD
- Staðnám
- Fjarnám

VIÐSKIPTADEILD
- BS í viðskiptafræði
- BS in Business Administration
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

LAGADEILD
- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti

FÉLAGSVÍSINDADEILD
- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

ENNEMM / SÍA / NM33118

Hvorugur fellur inn í normið

Ef **Guðbergur Garðarson**, eða Beggi úr Hæðinni ætti að bjóða **Kristni Óskari Haraldssyni**, betur þekktum sem Boris, í mat myndi hann elda lambalæri og grænmeti. Boris myndi helst ekki mæta nema hann fengi að minnsta kosti fimm sneiðar. ***Alma Guðmundsdóttir*** ræddi meðal annars um mat, ísbjörn og landsliðið í handbolta við rökstólapar vikunnar.

BEGGI ÚR HÆÐINNI OG BORIS KRAFTAKARL Fundu til með ísbirninum en finnst aðrir hlutir mikilvægari. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á RÖKSTÓLUM

Hafið þið hist áður?

Beggi: Ég hef aldrei á ævi minni séð þig, en mér líst vel á þig. Mér finnst þú flottur strákur.

Boris: Ég veit að hann og Pacas unnu Hæðina.

Nú vinnið þið frekar ólík störf, hafið þið einhvern tíma komið nálægt störfum hvors annars? Boris, þú ert afl-raunamaður og sterkasti maður Íslands, hefur þú einhvern tíma tekið að þér að innrétta hús eða unnið við að elda?

Boris: Það er alltaf hringt í mig þegar það er verið að flytja og svona, en ég get bara tekið einn mjög þungan hlut í einni ferð, á meðan aðrir geta farið margar ferðir með minni hluti. Fólk heldur að það sé gott að fá sterka gaurinn til að flytja, en ég er bara frekar ónýtur í því. Ég kann ekkert að elda, en ég myndi kannski halda á Begga á meðan hann myndi elda.

Beggi: Mér dettur líka í hug þegar ég sé manninn, að hann er sterkasti maður Íslands, en ég er ballettkennari og kenndi í Jassballettskóla Báru í sjö ár. Það hefði komið sér vel að hafa Boris með okkur í Hæðinni. Hann hefði hvílt okkur alveg rosalega mikið.

Próteinprump

Nú eruð þið Pacas að elda í Íslandi í dag, gætuð þið ekki eldað eitthvað gott fyrir Boris?

Beggi: Jú, við erum á Stöð 2 eins og er að elda einu sinni í viku, bara grilla og gera eitthvað svona skemmtilegt, en erum svo að fara í áframhaldandi sjónvarpsvinnu líka sem tengist eldamennsku og alls konar. Þá gerum við eitthvað við Boris og svona. Ég er strax kominn með hugmynd.

Boris: Ég borða mjög mikið.

Beggi: Já, ef ég byði honum í mat myndi ég vilja blanda saman kjöti og grænmeti. Ég get ímyndað mér að hann borði mikið af skyri, grænmeti og þess háttar hlutum.

Boris: Þetta virkar svolítið þannig að ég tek fimm sneiðar af lambalærinu og svo mikið grænmeti líka. Ég borða rosalega mikið svo ef það er bara ein sneið af lambalæri get ég alveg sleppt því að koma.

Beggi: Ég er svona öfugt við Boris, ég geng í tveimur og þremur bolum því ég er svo mjór að ég skammast mín. Áramótaheitið mitt var að fitna og í Hæðinni náði ég að fitna um tvö kíló og 300 grömm og var bara „yes“. Ég borðaði stundum kókosbollur á kvöldin uppi í rúmi, ég er að segja ykkur það – það gerir það enginn. Ég er svona grannur frá náttúrunnar hendi en myndi alveg vilja vera aðeins feitari.

Boris: Ég myndi frekar reyna að byggja eitthvað utan á mig heldur en að fitna því það bætist bara framan á magann, en ef þú byggir þig upp stækkar efri hluti líkamans.

Beggi: Já, mig langar nefnilega að stækka yfir herðarnar.

Boris: Það kemur einmitt með æfingunni. Ég er samt ekki hrifinn af svona próteinsjeikum og svoleiðis drasli.

Beggi: Ég er nefnilega sammála þér með þessa próteinsjeika, þetta eru svona gerviefni og ég held að það sé ekki að gera mikið fyrir okkur.

Boris: Maður prumpar þessu bara. Þetta er líka svo dýrt. Eins og próteinstangir sem fólk gúffar í sig hægri vinstri, en yfirleitt er þetta bara súkkulaðistykki með fullt af sykri sem er búið að sprauta smá próteini inn í og í staðinn fyrir að þetta sé Snickers sem kostar 100 kall er það selt á 500 kall. Þetta er mesta „rip-off“ bull sem til er í dag.

Björninn unninn

Nú hefur kreppan tröllriðið öllu upp á síðkastið og bensín- og matvælaverð hefur hækkað gífurlega. Hvernig hafið þið upplifað þetta?

Boris: Lánið mitt hefur rokið upp. Þetta er bara ruglástand. Ég segi bara að ríkisstjórnin sé ekki að standa sig og fólkið sem stjórnar landinu er ekkert að gera í þessu.

Beggi: Ég er alveg sammála Boris með það að allt hefur rokið upp. Það er miklu erfiðara að geta átt sér góða stund með mat eða hverju sem er í dag heldur en fyrir nokkrum mánuðum.

Boris: Svo er svo skrýtið að nú er fólk ráðþrota, veit ekki hvernig það á að borga skuldirnar sínar og er bara í einhverju tómu rugli, en það gerir samt enginn neitt í þessu. Svo er einhver ísbjörn skotinn, þá verður bara allt brjálað. Ekki að ég vilji vera leiðinlegur við Bjössa ísbjörn, en það eru miklu mikilvægari málefni sem þarf að berjast fyrir hérna heima. Ég var í sjúkraþjálfun áðan og ég heyrði bara að inni í öllum klefunum var verið að tala um þennan ísbjörn og að það hefði nú átt að svæfa hann, en ef þú setur dæmið upp hinsegin og ísbjörninn hefði drepið einhvern hefðu Íslendingar aftur sest í dómarasætið og sagt „heyrðu af hverju var ekki búið að skjóta þennan ísbjörn?“

Beggi: Þetta er soddan smáborgaraháttur hjá okkur Íslendingum, við erum rosalega dugleg í þessu. En ég finn afskaplega mikið til með ísbirninum. Ég á tvö börn sem heita í höfuðið á ísbirni, Björn og Birnu, af því að ég fékk svona martraðir um ísbjörn í gamla daga og var þá alltaf að missa börnin mín ofan í ísbjarnarbúr. Mér finnst samt réttlátt að hann hafi verið skotinn því hann ógnar fólki. Við eigum bara að vera þakklát fyrir að það fór ekki verr og einbeita okkur að einhverju merkilegra. En mig langar ógeðslega í skinnið af honum.

Harðir karlar

Hvort finnst ykkur meira spennandi að fylgjast með íslenska landsliðinu í handbolta á Ólympíuleikunum eða Evrópumeistarakeppninni í fótbolta?

Boris: Ég hef gaman af handbolta – svona „action“ – skora mörg mörk, slagsmál og svoleiðis. Fótbolti er það leiðinlegasta sem hægt er að horfa á í sjónvarpi.

Beggi: Mér finnst svo gaman að horfa á handbolta og fótbolta, en ég myndi ekki sökkva mér niður með einhvern bjór, skilurðu, klukkan sex til að horfa á fótboltaleik og gleyma öllu öðru. En handboltinn finnst mér skemmtilegur og ég er algjörlega sammála Boris, það er svo miklu meira „action“ fleiri mörk og hraði. Þeir segja að í heiminum sé handbolti númer fimmtíu eða eitthvað á heimslistanum og sé ekkert svo vinsæll, en mér finnst hann bara ógeðslega skemmtilegur.

> Ég myndi ekki sökkva mér niður með einhvern bjór, skilurðu, klukkan sex til að horfa á fótboltaleik og gleyma öllu öðru.

Boris: Þetta er bara svona þjóðaríþróttin okkar. Strákarnir í landsliðinu eru gaurar sem eru að helga líf sitt íþróttinni og þeir eru komnir á þann stað að þeir eru fulltrúar þjóðarinnar, en þá er alltaf einhver svona spekúlant heima í stofu með ístru sem borðar bara ís og drekkur bjór að gagnrýna þessa stráka sem eru að leggja allt í sölurnar til þess að gera góða hluti fyrir okkur. Mér finnst það bara ekki sanngjarnt sko.

Beggi: Alls ekki. Það ætti að taka svoleiðis gaura og setja þá inn á völlinn.

Boris: Ég var einu sinni að vinna á sportbar. Þar komu reglulega einhverjir gaurar eftir vinnu, drukku sig fulla og horfðu á ensku deildina í fótbolta. Þeir sátu svo þarna við barinn, blindfullir, öskrandi á sjónvarpið og þetta voru mestu fótboltaspekingar sem til eru í heiminum. Ég spurði af hverju þeir væru ekki bara að þjálfa þetta lið fyrst þeir vissu svona hrikalega mikið, en þá kom bara „þegiðu, þú veist ekkert um þetta“.

Beggi: Já þetta er einhvers konar karlmennskuímynd. Í Hæðinni komst ég að því að hörðustu iðnaðarmenn voru hinir mýkstu menn inn við beinið.

Sveittir skemmtistaðir

Talið berst að áfengi. Drekkið þið ekki áfengi yfir höfuð?

Boris: Ég drekk mjög sjaldan. Ég drekk áfengi kannski tvisvar eða þrisvar á ári, en þá drekk ég líka ógeðslega mikið af því þó ég þurfi ekki mikið. Ég reyni samt að vera erlendis þegar ég fæ mér í glas bæði út af ímyndinni og það er mikið verið að reyna að slást við mig þegar ég er að djamma hérna heima.

Beggi: Ert þú svolítið í því að slást?

Boris: Nei ég slæst aldrei. Ég er rosalega friðsamur maður. Ég hef verið sleginn eða kýldur, en ég gerði ekkert á móti, en þið vitið hvernig þetta er. Íslendingar drekka mikið, verða rosalega fullir og halda oft að þeir séu rosalega sterkir. Svo vilja þeir ekkert ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur svo ég fæ oft svoleiðis gaura á mig.

Beggi: Þetta er mjög lógískt það sem þú segir. Það er eins og það komi einhverjir illir andar yfir fólk þegar það drekkur of mikið. En ég er svona eins og Boris, við gætum alveg farið að djamma saman án þess að snerta brennivín, það skiptir mig ekki nokkru einasta máli. En ef ég drekk sko, þá þoli ég ekki mikið. Ég verð alveg blindfullur eftir smátíma.

Boris: Ef ég mætti ráða djamminu, þá myndi ég vilja fara í sumarbústað, spila og drekka bjór. Ég fíla ekki troðninginn og svitann á stöðunum niðri í bæ og eftir að reykingabannið komst á er bara svona svita- og prumpufýla inni á stöðunum.

Beggi: Já, maður fer þarna til að troðast í gegn, verður drulluskítugur af því og sér varla hvort maður hittir einhvern sem maður þekkir.

Boris: Þegar þú ert orðinn hundrað fjörutíu og eitthvað kíló eins og ég, þá svitnar maður bara af því að standa kyrr, hvað þá í þessum troðningi.

Beggi: Heyrðu, hvenær áttu afmæli?

Boris: 16. mars 1980.

Beggi: Það hlaut að vera, þú ert fiskur í eins og ég. Ég er búinn að finna svo fyrir þér, þú ert til dæmis með þessa sömu fóbíu og ég fyrir þrengslum og svoleiðis.

Boris: Þetta stjörnumerkjadæmi, ég er algjörlega ósammála því.

Beggi: Nei, ég er að tala um svona talnaspeki. Ég hef hitt mann sem var fæddur sama ár og sama dag og ég, en við vorum eins og svart og hvítt.

Boris: Engin vanvirðing við þá sem trúa á þetta, en ég held persónulega að þetta sé bara bull.

Beggi: Já, hver hefur sína skoðun, en fyrir mig hefur þetta samt sem áður hjálpað mér í hvernig ég á að nálgast fólk. Bæði í að finna út eiginleika þess og styrkleika þegar ég er að ráða einstakling í vinnu.

Boris: Já ef það virkar fyrir þig, þá bara „go for it“.

HONDA
The Power of Dreams

Skoðaðu besta verðið

Sértilboð á Honda Accord hlöðnum staðalbúnaði

* 70% erlent lán í myntkörfu (LÝS10) frá Lýsingu í 84 mánuði, hlutfallstala kostnaðar 11,1%.

Accord Special Edition 2.0i

155 hestöfl, sjálfskiptur, 17” álfelgur,
þokuljós, Premium hljóðkerfi með
6 diska spilara, leður/tau innrétting

sértilboð kr. 2.699.000

kr. 31.652 á mán*

Accord Executive 2.0i

155 hestöfl, sjálfskiptur, 16” álfelgur,
þokuljós, Premium hljóðkerfi með
6 diska spilara, leður innrétting, sóllúga

sértilboð kr. 2.895.000

kr. 33.948 á mán*

Accord Executive 2.4i

190 hestöfl, sjálfskiptur, 17” álfelgur,
þokuljós, Premium hljóðkerfi með
6 diska spilara, leður innrétting, sóllúga

sértilboð kr. 3.225.000

kr. 37.827 á mán*

www.honda.is

Í Accord mætist allt það besta. Stórglæsileg hönnun helst í hendur við þægindi, gæði og vandaða aksturseiginleika. Accord er alvöru glæsivagn sem lætur fara vel um þig og hefur líka sportlega eiginleika á við þá allra bestu. Kraftmiklar vélarnar og ljúfir gírkassarnir gefa ekkert eftir. Öllu þessu fylgir ríkulegur staðalbúnaður á einu besta verði sem finnst.

BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík
Sími 520 1100 • www.bernhard.is

UMBOÐSAÐILAR: Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

Tryggðu þér síðustu sætin í só

Aðeins
400 sæti
á ótrúlegum kjörum!
Mjög takmarkaður fjöldi flugsæta og gistieininga í boði og aðeins á völdum dagsetningum. Verð getur breyst án fyrirvara.

Ótrúleg sértilboð!

Sumarveisla!

Yfir 65% allra ferða sumarsins uppseldar!

Bókaðu strax!

Kynntu þér tilboðsbæklinginn á www.heimsferdir.is

SÉRTILBOÐ
29. júní – 17 sæti
6. júlí – 23 sæti
20. júlí – 10 sæti
17. ágúst – 14 sæti

París
frá 29.990

SÉRTILBOÐ
27. júní – uppselt
4. júlí – 15 sæti
11. júlí – 27 sæti
18. júlí – 18 sæti

Barcelona
frá 19.990

ENNEMM / SIA / NM28234
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

lina í sumar! Bókaðu strax!

SÉRTILBOÐ
14. júní – 23 sæti
21. júní – 10 sæti
19. júlí – 27 sæti
26. júlí – örfá sæti

Rhodos
frá 39.990

SÉRTILBOÐ
17. júní – 26 sæti
24. júní – uppselt
8. júlí – 15 sæti
15. júlí – 10 sæti
29. júlí – 14 sæti

Fuerteventura
frá 39.990 – 2 vikur

SÉRTILBOÐ
18. júní – 14 sæti
2. júlí – 19 sæti
9. júlí – 15 sæti
16. júlí – uppselt
23. júlí – 31 sæti

Mallorca
frá 44.990

SÉRTILBOÐ
22. júní – 17 sæti
29. júní – 14 sæti
6. júlí – uppselt
13. júlí – uppselt

Króatía
frá 39.990

SÉRTILBOÐ
20. júní – 19 sæti
27. júní – 15 sæti
11. júlí – 14 sæti
25. júlí – 29 sæti

Montreal
frá 19.990

SÉRTILBOÐ
Júní – uppselt
3. júlí – uppselt
10. júlí – 21 sæti
21. ágúst – örfá sæti

Costa del Sol
frá 59.990

SÉRTILBOÐ
18. júní – 11 sæti
25. júní – 23 sæti
16. júlí – uppselt
23. júlí – 14 sæti

Benidorm
frá 29.990

Bókaðu beint á www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa Íslands

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

BALLIÐ AÐ BYRJA Flogið var til Manchester, ekið til Liverpool þar sem menn snöruðu sér í burstaða bítlaskó og skoðuðu bæjarbraginn. Fjölmiðlamenn voru með í för, svo sem Ólafur Páll Gunnarsson útvarpsmaður, sem klaraði allt pláss á upptökugræjum sínum í ferðinni. Verður athyglisvert að heyra þátt hans um pílagrímsförina miklu. Hann sveif að sjálfsögðu strax á Þorstein Eggertsson sem er öðrum mönnum fróðari um Liverpool og The Beatles. Bakvið tekur Sverrir Stormsker svo púlsinn á Liverpool.

FRÉTTABLAÐIÐ/JAKOB

Konur og karlar hágrétu

Um síðustu helgi fór um hundrað manna hópur Íslendinga pílagrímsför til Liverpool á bítlaslóðir á vegum FTT. *Jakob Bjarnar Grétarsson* var með í för og sá þegar gamalt æði tók sig upp hjá bítlakynslóðinni er Hljómar tóku síðasta „gigg" sitt á hinum fornfræga Cavern-klúbbi og karlmenn grétu á Anfield-leikvanginum á tónleikum Paul McCartney.

Það var líkt og sjálfur Guð almáttugur hefði stigið niður til jarðar og staldrað í um tvær klukkustundir á Anfield-leikvangnum í Liverpool síðastliðið sunnudagskvöld, þegar eftirlætis sonur borgarinnar, Paul McCartney, kom til að halda tónleika í fæðingarborg sinni, sé miðað við fögnuðinn og tilfinningaflóðið sem streymdi. „Þetta var gæsahúð alla leið - allan tímann," sagði Bjartmar eftir tónleikana og horfði rannsakandi í augu blaðamanns svona rétt til að athuga hvort þau væru ekki örugglega tárvot. Því þannig var því farið meðal tónleikagesta margra. Jafnvel fullorðnir karlmenn, tilfinningaleg klakabúnt, hágrétu á 36 þúsund manna tónleikunum sem samkvæmt bresku pressunni voru þeir bestu sem Sir Paul hefur haldið á ferlinum. „What a Knight" skrifaði Liverpool Echo í flennifyrirsögn á forsíðu. Og hafði það eftir þeim elstu í starfsliði bítilsins að aldrei hafi betur til tekist með tónleika McCartneys. „Já, ég

JAKOB EINS OG HEIMA HJÁ SÉR Í LENNON-SVÍTUNNI Á Hard Days Night Hotel. Allar dyr stóðu Jakobi F. opnar. Fyrir kvöldverð var fordrykkur í Lennon-svítunni þar sem Jakob settist við hvíta flygilinn.

fór að skæla á McCartney," segir Grímur Atlason, hinn hávaxni fyrrverandi bæjarstjóri Bolungarvíkur og bassaleikari sem þarna sá goðið sitt – ekki í fyrsta skipti: „Dr. Gunni fór að gráta á McCartney í New York haustið 2005 í Good Day Sunshine. Ég skældi ekki þá en nú trilluðu tárin niður í Let Me Roll It," segir Grímur sem er ekki frá því að lög frá ferli hljómsveitarinnar Wings hafi komið best út.

Hinn tæplega sjötugi McCartney (f.1942) var í ótrúlega góðu formi. Gunnar Þórðarson í Hljómum staðfestir að hann hafi sungið öll lögin í sömu tónteguND og þá þegar þau komu út. „Ég heyrði ekki betur. Og sá að svo var miðað við hljómana."

Kannski var ekki að undra að Íslendingarnir væru sérstaklega uppnumdir og móttækilegir fyrir goðinu enda var upphituninin fyrir tónleikana miklu eins og best verður á kosið. Þeir höfðu komið til Liverpool að kvöldi föstudags og formaður FTT, Jakob Frímann, leiddi hópinn af fádæma öryggi um bítlaborgina. Einhverjir helstu bítlasérfræðingar þjóðarinnar, þeir Óttar Felix Hauksson og Þorsteinn Eggertsson, voru með í för og stoppuðu upp í ef menn götuðu þar sem farið var um bítlaslóðir. Og kvöldinu áður höfðu sjálfir Hljómar frá Keflavík troðið upp í Cavern-klúbbnum. Fóru algerlega á kostum í funheitum kjallaranum - einkum Gunni sem að sögn Óttars sýndi og sannaði að hann er einhver mesti og besti rokkhundur sem Ísland hefur alið.

FRIÐUR SÉ MEÐ YÐUR Fyrir framan kirkjuna þar sem sem Bítlarnir hófu fyrst æfingar og komu fram að undirlagi velviljaðs klerks er þessi bautasteinn. Áletrunin á vel við friðardúfuna Bjartmar - sem mætti sólbrúnn til leiks frá Jamaica og Egilsstöðum.

HLJÓMAR VIÐ PENNY LANE Að sjálfsögðu kom hó
íslensku bítlar stilltu sér upp fyrir myndatöku við þ
McCartney samdi um samnefndan óð.

HERRA ROKK Í LIVERPOOL Rúnar Júlíusson sagði b
sem hann var staddur á Adelphi-hótelinu þar sem
Þýskalandi og beðið um eiginhandaráritun. Þessi
um leið lítillæti. Þarna er verið að bíða rútu fyrir fr
bítlaslóðir.

FÉLAGAR Í Á HÁLFA ÖLD Gunnar Þórðarson fór hre
og var fremstur meðal jafningja. Rúnar Gunnarsson
og Eggert Kristinsson sem hætti í Hljómum eftir sö
árum síðar.

VANDLEGA SKRÁÐ FERÐ Sjónvarpsfólkið Egill Eðvarðsson og Elsa María ásamt Jóni Páli tökumanni skráðu ferðina og verður gaman að sjá afraksturinn. Þarna í kirkjugarðinum þar sem hvílir Eleanor Rigby - sem reyndar tengist samnefndu lagi McCartneys ekki hið minnsta.

LIVE AND LET DIE Hápunktur fararinnar hlýtur að teljast þegar Paul McCartney í þrumuformi renndi sér í hvern slagarann af öðrum. Þarna getur að líta sviðið á Anfield leikvanginum þegar hann syngur Bond-lagið sem Wings flutti - Live and Let Die - og áðdáendurnir gengu af göflum.

HVA
STÖ
sig e
Leifs
Alþi
Hljó



júní 2008

Sport

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM ÍÞRÓTTIR]

ALLT UM EM2008

SPURT OG SVARAÐ

Hverjir vinna EM?
Hvaða leikmaður slær í gegn?

GEIR ÓLAFSSON:
„Frakkar, Þjóðverjar og Hollendingar eru sigurstranglegir en ég held að Ronaldo eigi samt eftir að verða stjarna mótsins.“

BALDUR BECK:
„Önnur hvor heimaþjóðin mun klárlega taka þetta. Hallast meira að Austurríki. Alex Manninger verður svo hetja þeirra.“

TEITUR ÞÓRÐARSON:
„Þýskaland eða Ítalía vinnur mótið, en ef ég færi eftir hjartanu þá myndi ég segja Frakkland. Ronaldo verður bestur.“

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR:
„Spái Frökkum sigri og Franck Ribery gæti slegið í gegn, sem og táningarnir Samir Nasri og Karim Benzema.“

EVRÓPUMEISTARAMÓTIÐ Í FÓTBOLTA - *RIÐILL A*

SVISS

Sviss
Þjálfari: **Jakob Kuhn**

Besti árangur: 1. umf.
Árangur: **S0-J2-T4**

Líklegt byrjunarlið Sviss
(4-3-2-1)



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM

Valon Behrami
- 23 ára kantmaður
Spennandi kantmaður sem leikur með Lazio. Lunkinn og tekníkskur og hefur verið sívaxandi í sínum leik. Fæddist í Kosovo en er uppalinn í Sviss þar sem hann sleit barnskónum. Þvælir óhræddur og ógnar mikið með leikni sinni, sem Svisslendingar treysta mikið á.

PORTÚGAL

Portúgal
Þjálfari: **Luiz Felipe Scolari**

Árangur: **S10-J4-T5**

Líklegt byrjunarlið Portúgals
(4-2-3-1)

FYLGSTU MEÐ ÞESSUM

Miguel Veloso
- 22 ára miðjumaður
Djúpur miðjumaður sem hefur verið sterklega orðaður við stórlið í Evrópu. Frábærar sendingar og góð tækni eru hans helstu kostir sem bætir upp fyrir hægan leik. Lykilmaður í Sporting. Leikur væntanlega með Moutinho fyrir framan vörnina.



ÖLL AUGU Á ÞEIM BESTA

Cristiano Ronaldo þarf að halda áfram að spila eins og sá besti fyrir Portúgal á EM í sumar. Þeir eru með vel mannað lið og Scolari þjálfari er líklegur til að ná langt. Tomas Rosicky verður ekki með Tékkum og án hans veikist liðið til muna. Sviss og Tyrkland eru litlu liðin sem freista þess að stríða þeim stóru.

Eðlilega beinast augu flestra að Cristiano Ronaldo í þessum riðli. Besti leikmaður síðasta tímabils að mati flestra en spurningin er hvort hann nær að taka form sitt frá Englandi yfir í landsliðið. Blússandi sóknarleikur Portúgala gæti þó komið niður á varnarleiknum en liðið tapaði þó aðeins einum leik í undankeppninni. Í vörninni er þó enga aukvissa að finna, Pepe hjá Real Madrid og Ricardo Carvalho eru miðverðir og Jose Bosingwa, sem Chelsea keypti fyrir sumarið á rúmar sextán milljónir punda, er hægri bakvörður. Veðbankar telja að Portúgalar fari með sigur af hólmi í riðlinum og skal engan undra.

Heimamenn í Sviss eru ekki í öfundsverðu hlutverki. Flestir telja að leið Portúgala og Tékka ætti að vera greið áfram í átta liða úrslitin. Svisslendingar eru með eitt slakasta lið keppninnar að margra mati en með heimavöllinn á bak við sig gætu þeir strítt stærri liðunum. Þeir eru með nokkra spennandi leikmenn. Philipp Degen var að ganga í raðir Liverpool og er í vörninni ásamt Arsenal-parinu Philipp Senderos og Johan Djourou sem reyndar var í láni hjá Birmingham. Hakan Yakin þekkja margir og Valon Behrami gæti sprungið út eftir gott tímabil á Ítalíu.

Tuncay Sanli (Tyrkland)

Hakan Sukur er ekki í liði Tyrkja en það hefur valdið gríðarlegum deilum þar á bæ. Hann er markahæsti leikmaður Tyrkja sem lentu í þriðja sæti á HM 2002 í Japan og Suður-Kóreu. Þeir komust ekki á EM 2004 né HM 2006. Söknarleikur Tyrkja byggist upp á fyrirliðanum Emre, Nihat Kavachi og Tuncay Sanli. Sóknin er sterk en vörnin mjög hæg og gæti það reynst dragbítur Tyrkja.

Tékkar eru með spennandi lið en fjarvera fyrirliðans Tomas Rosicky veikir liðið þó mikið. Ekki er heldur að finna menn á borð við Pavel Nedved sem er hættur en gamli jaxlinn Jan Koller leiðir sóknina. Þrátt fyrir að vera orðinn 35 ára gamall er hann lykilmaður í liðinu. Þeir hafa Petr Cech í markinu og margreynd vörnin fékk aðeins á sig fimm mörk í undankeppninni. Jaroslav Plasil bindur miðjuna saman fyrir framan vörnina og er liðinu mjög mikilvægur. Karel Bruckner er margreyndur þjálfari sem er afar snjall og er meðal refanna sem vita upp á hár um hvað svona mót snúast.

TYRKLAND

Tyrkland
Þjálfari: **Fatih Terim**

Besti árangur: 1. umf.
Árangur: **S1-J1-T5**

Líklegt byrjunarlið Tyrklands
(4-3-1-2)

FYLGSTU MEÐ ÞESSUM

Mehmet Aurélio
- 30 ára miðjumaður
Spilar djúpt á miðjunni fyrir framan vörnina. Seigur miðjumaður sem er fyrirliði Fenerbahce. Fæddur og uppalinn í Brasilíu en er kominn með tyrkneskt ríkisfang. Er sterkur með boltann og góða yfirsýn yfir völlinn. Lykilmaður á miðjunni.

TÉKKLAND

Tékkland
Þjálfari: **Karel Brückner**



Árangur: **S10-J5-T7**

Líklegt byrjunarlið Tékklands
(4-4-2)

FYLGSTU MEÐ ÞESSUM

Martin Fenin
- 21 árs sóknarmaður
Einn besti leikmaður Tékka á HM U-20 ára liða 2007. Gat farið til Juventus en valdi Frankfurt til að spila reglulega og skoraði þrennu í sínum fyrsta leik þar. Gæti leikið frammi með Jan Koller, sem steig fótsporin sem Fenin er ætlað að feta í.

Basel

Byggður: **1954**. Opnar á ný: **Mars, 2001**
Einkunn hjá UEFA:



Heimavöllur: **FC Basel**
42.500

Leikir:			
7. júní	**Sviss - Tékkland**	*19. júní*	**8-liða úrslit**
11. júní	**Sviss - Tyrkland**	*21. júní*	**8-liða úrslit**
15. júní	**Sviss - Portúgal**	*25. júní*	**Undanúrslit**

Heimild: UEFA © GRAPHIC NEWS

Stade de Genéve, **Genf**

Opnað: **Mars 2003**
Áhorfendafjöldi:



30.000

Leikir:		
7. júní	**Portúgal - Tyrkland**	Heimavöllur:
11. júní	**Tékkland - Portúgal**	**Servette FC**
15. júní	**Tyrkland - Tékkland**	

Heimild: UEFA © GRAPHIC NEWS

VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

Landsbankinn

6. umferð	Landsbankadeild karla		
sun. 8. júní	FH	14:00	Fjölnir
sun. 8. júní	Fram	14:00	Grindavík
sun. 8. júní	HK	14:00	ÍA
sun. 8. júní	Valur	14:00	Breiðablik
sun. 8. júní	Keflavík	14:00	KR

Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völlinn.
Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans.

ÍSLENSKA SIA.IS / LBI 12387 05/2008

LANDSBANKADEILDIN

SPURT OG SVARAÐ

Hverjir vinna EM?
Hvaða leikmaður slær í gegn?

ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR:
„Held með Tékkum en veit ekki hvaða lið gæti farið alla leið. Það verður gaman að fylgjast með Torres og Ronaldo."

HALLDÓR „HENSON" EINARSSON:
„Ég ætla að spá því að Króatar verði óvænt Evrópumeistarar og það bendir allt til þess að Ronaldo verði stjarna mótsins."

INGVI HRAFN JÓNSSON:
„Hef það á tilfinningunni að Þjóðverjar vinni mótið en hinn franski Thierry Henry verður maður mótsins."

HJALTI „ÚRSUS" ÁRNASON:
„Portúgal hefur alla burði til þess að vinna mótið og ég held að Ronaldo verði þar klárlega lykilmaður."

EVRÓPUMEISTARAMÓTIÐ Í FÓTBOLTA - *RIÐILL B*

AUSTURRÍKI

Austurríki
Þjálfari: **Josef Hickersberger**

Úrslitak. EM

Fyrsta skipti í lokak.
Árangur: **S0-J0-T0**

Líklegt byrjunarlið Austurríkis (4-4-2)

FYLGSTU MEÐ ÞESSUM

Andreas Ivanschitz
– 24 ára miðjumaður
Hinn austurríski Beckham, eins og hann er gjarnan kallaður í heimalandinu. Fyrirliði og leiðtogi á velli þrátt fyrir ungan aldur en tækni og vinnusemi eru helstu kostir hans. Snjall tónlistarmaður sem spilar á óbó, píanó og trommur og er um leið helsta stjarna heimamanna.

KRÓATÍA

Króatía
Þjálfari: **Slaven Bilic**

Úrslitak. EM

Átta liða úrslit 1996
Árangur: **S2-J2-T3**

Líklegt byrjunarlið Króatíu (4-1-3-2)

FYLGSTU MEÐ ÞESSUM

Luka Modric
- 25 ára miðjumaður
Hjarta Króatíu og lykilmaður þeirra í velgengni á mótinu. Snjall miðjumaður sem hefur oft verið líkt við Johan Cruyff. Hefur gott auga fyrir spili og skýtur á markið þegar hann sér það. Segist spila best undir pressu og hún verður svo sannarlega til staðar á mótinu.

HERT ÞÝSKT STÁL

Þjóðverjar eru af flestum taldir líklegir til að ná langt á EM í ár. Þeir eru með afar vel mannað lið en eru í snúnum riðli með Króötum og Pólverjum. Bæði þessi lið eru líkleg til að stríða Þjóðverjum en berjast líklega um annað sæti. Austurríkismenn eru heppnir ef þeir fá stig.

Risarnir í Þýskalandi eru sigurstranglegastir í Riðli. Þýska stálið er gríðarlega sterkt og skartar frábærum leikmönnum í hverri stöðu. Flestir veðbankar spá þeim raunar sigri á mótinu og þarf það ekki að koma á óvart. Miroslav Klose, maður stórmótanna, er ávallt skeinuhættur. Hann skoraði fimm mörk á HM 2002 og 2006 þar sem hann var markakóngur auk sjö marka í undankeppninni. Lukas Podolski skoraði þar átta mörk en Mario Gomes, markakóngur Þýskalands á síðasta tímabili, gæti einnig spilað frammi. Með menn á borð við Michael Ballack og þrumufleyginn Bastian Schweinsteiger á miðjunni eru Þjóðverjum allar dyr opnar. Þeir skoruðu 35 mörk í undankeppninni og fengu aðeins á sig sjö.

Pólverjar eru með Þjóðverjum í riðli en þjóðirnar eiga sér langa sögu. Bæði Klose og Podolski eru fæddir í Póllandi en þjóðin hefur fáar stórstjörnur innan sinna eigin raða. Leo Beenhakker hefur náð ótrúlega langt með liðið og er lýst sem þjóðhetju í landinu. Euzebiusz Smolarek leikur lykilhlutverk en hann skoraði níu mörk í undankeppninni. Beenhakker notar hraða kantmenn á borð við Jacek Krzynówek og með góðan markmann í Artur Boruc gætu þeir svo sannarlega komið á óvart. Til að gera það er lykilatriði að þeir vinni Króata.

Slaven Bilic hefur byggt upp gott lið Króata en fjarvera Eduardos da Silva er gríðarlegt áfall fyrir liðið. Hann var markahæstur í undankeppninni hjá þjóðinni sem treystir nú mikið á Luka Modric sem genginn er til liðs við Tottenham. Niko Kranjcar hefur sýnt góða takta með Portsmouth og reynslumikil vörnin er feikiöflug. Jálkar á borð við Dario Simic og Niko Kovac eru illviðráðanlegir og Stipe Pletikosa er öflugur markmaður. Króatar eru líklegir til að komast áfram en líklegt má telja að það verði hreinn úrslitaleikur milli þeirra og Pólverja 16. júní um hvorir fylgja Þjóðverjum áfram.

Austurríki er lakasta þjóðin á EM að þessu sinni. Heimamenn eru með veikt lið sem komst á mótið vegna heimavallarins. Austurríki er í 92. sæti á heimslistanum en til samanburðar er Ísland í sæti númer 85. Raunar komust Austurríkismenn upp fyrir sæti 100 í síðustu viku í fyrsta skipti í langan tíma. Þeir léku tólf vináttuleiki árið 2007 og unnu aðeins einn. Austurríska liðið er einn höfuðverkur út í gegn, allt frá markmanni sem var valinn rétt fyrir mót til slakra markaskorara. Þeir ætla að treysta á unga menn á borð við Joachim Standfest og René Aufhauser en líklegt má telja að þeir tapi öllum leikjum sínum í riðlinum. Þeir njóta þó væntanlega augnabliksins enda fyrsta Evrópumót sem þeir taka þátt í frá upphafi.

Klagenfurt

Byggður: **1960**. Opnaður á ný: **September 2007**
Áhorfendafjöldi:
30.000



Leikir:

8. júní	**Þýskaland - Pólland**	Heimavöllur:
12. júní	**Króatía - Þýskaland**	**Austria Kärnten**
16. júní	**Pólland - Króatía**	

Heimild: UEFA © GRAPHIC NEWS

Ernst Happel Stadium, Vín

Byggður: **1931**. Opnaður á ný: **Júlí, 2005**
Einkunn UEFA:
★★★★★

Heimavöllur:
Austria Wien, Rapid Wien
50.000

Leikir:

8. júní	**Austurríki - Króatía**	*20. & 22. júní*	**Átta liða úrslit**
12. júní	**Austurríki - Pólland**	*26. júní*	**Undanúrslit**
16. júní	**Austurríki - Þýskaland**	*29. júní*	**Úrslit**

Heimild: UEFA © GRAPHIC NEWS

ÞÝSKALAND

Þýskaland
Þjálfari: **Joachim Loew**

Úrslitak. EM

Sigurv. 1972, 80, 96
Árangur: **S15-J10-T7**

Líklegt byrjunarlið Þýskalands (4-4-2)

FYLGSTU MEÐ ÞESSUM

Bastian Schweinsteiger
- 24 ára miðjumaður
Getur leikið allar stöður á miðjunni. Sívinnandi vél sem ógnar mikið með frábærum langskotum sínum. Aukaspyrnusérfræðingur mikill og spyrnur hans gætu leikið lykilhlutverk hjá Þjóðverjum. Var nálægt því að gerast atvinnumaður á skíðum á árum áður.

PÓLLAND

Pólland
Þjálfari: **Leo Beenhakker**

Úrslitak. EM

Fyrsta skipti í lokak.
Árangur: **S0-J0-T0**

Líklegt byrjunarlið Póllands (4-2-3-1)

FYLGSTU MEÐ ÞESSUM

Euzebiusz Smolarek
– 27 ára sóknarmaður
Markahæstur Pólverja í undankeppninni og þeirra aðalmarkaskorari. Er nefndur eftir portúgölsku goðsögninni Eusébio og er undir mikilli pressu. Skoraði ekkert á síðasta HM og lítið með Racing Santander á tímabilinu. Pólverjar treysta á mörkin hans og þau þurfa að koma.


GIVE THE OPPOSITION
MORE THAN ONE REASON
TO STARE AT YOUR FEET.
The brand new, fully modular F50 TUNiT. Change the uppers and the stud set-up and you can be as creative with your boots as you are with the ball.
"EVERY TEAM NEEDS AN ARTIST" LIONEL MESSI, ARGENTINA & BARCELONA
adidas.com/football
F50
adidas

SPURT OG SVARAÐ

Hverjir vinna EM?
Hvaða leikmaður slær í gegn?

ARON KRISTJÁNSSON:
„Frakkland verður Evrópumeistari og ég held að það sé nokkuð ljóst að Ronaldo verði stjarna mótsins."

SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON:
„Ég skýt á að Portúgal taki þetta og held að Ronaldo verði bestur, enda er hann besti leikmaður heims í augnablikinu."

ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR:
„Ég tippa á að Portúgal verði Evrópumeistari og þá liggur auðvitað í augum uppi hver verður stjarna mótsins."

HLYNUR BÆRINGSSON:
„Holland tekur þetta og ég held að Robben verði stjarna mótsins, hann er helvíti góður."

EVRÓPUMEISTARAMÓTIÐ Í FÓTBOLTA - *RIÐILL C*

HOLLAND

Holland
Þjálfari: **Marco van Basten**

Sigurvegarar 1988
Árangur: **S14-J8-T6**

Líklegt byrjunarlið Hollands (4-4-2)

FYLGSTU MEÐ ÞESSUM

Klaas-Jan Huntelaar
- 24 ára sóknarmaður
Á leið til stærra liðs frá Ajax þar sem hann hefur skorað 70 mörk í 82 leikjum. Mun taka við af Ruud van Nistelrooy og hefur þegar stimplað sig inn í landsliðið. Markaskorari af guðs náð sem er oftar en ekki réttur maður á réttum stað. Frábær skallamaður sem getur notað báða fætur.

ÍTALÍA

Ítalía
Þjálfari: **Roberto Donadoni**



Sigurvegarar 1968
Árangur: **S10-J10-T3**

Líklegt byrjunarlið Ítalíu (4-4-2)

FYLGSTU MEÐ ÞESSUM

Antonio Di Natale
- 30 ára kantmaður
Á að sjá um að mata Luca Toni vinstra megin frammi ásamt Alessandro Del Piero af hægri kantinum. Ótrúlega lunkinn leikmaður með frábærar sendingar. Þrátt fyrir að vera orðinn þrítugur er hann afar snjall, fljótur og útsjónarsamur.



STERKUR DAUÐARIÐILL

C-riðill er dauðariðillinn á EM í ár. Flest augu eru á Frökkum, Ítölum og Hollendingum en gleyma Rúmenum sem voru ofar en þeir appelsínugulu í undankeppninni. Erfitt er að spá fyrir um þennan riðil þar sem nákvæmlega allt getur gerst.

Ítalar gráta Fabio Cannavaro. Hann var besti leikmaður þeirra í Þýskalandi árið 2006 þegar þeir urðu heimsmeistarar en er nú meiddur. Misstu þeir ekki aðeins frábæran leikmann heldur einn af leiðtogum liðsins sem tók við kyndlinum af Paolo Maldini. Francesco Totti er hættur en Ítalar eiga sæg af góðum knattspyrnumönnum. Luca Toni gæti orðið ein af stjörnum mótsins en varnarleikurinn hefur löngum verið aðalsmerki Ítala. Þeir eiga besta markmann í heimi og þrátt fyrir að vera hataður af mörgum er Marco Materazzi frábær leikmaður. Reynslan ætti einnig að vega þungt en meðalaldur liðsins er rétt undir 30 árum og er sá hæsti á mótinu.

Frakkar misstu Zinedine Zidane en aðrar stjörnur eru teknar að fæðast. Á næstu árum munu lykilmenn í dag, Thuram, Vieira og jafnvel Henry, fara að slaka á og leyfa Samir Nasri og Karim Benzema að taka við keflinu. Frakkar eru vel mannaðir í hverri stöðu og Franck Ribery var í frábæru formi með Bayern München á síðasta tímabili. Vieira hefur reyndar verið meiddur en með Makelele bindur hann saman miðjuna fyrir framan sterka vörn liðsins.

Hún fékk aðeins á sig fimm mörk í undankeppninni.

Hollendingar hafa oft valdið vonbrigðum þegar á hólminn er komið. Þeir eru þó í uppáhaldi hjá mörgum og með Real Madrid-parið Wesley Sneijder og Ruud van Nistelrooy ætti sóknin ekki að vera vandamál. Auk þessu eru Robin van Persie og Rafael van der Vaart líklegir til afreka. Edwin van der Sar var lykilmaður í sigri Manchester United í deild og Evrópukeppni og vörnin fékk líkt og sú franska aðeins á sig fimm mörk í undankeppninni. Joris Mathijsen leikur þar stórt hlutverk og ef vörnin heldur vel þá eru Hollendingar í góðum málum.

Rúmenar gerðu jafntefli við Hollendinga í Rotterdam og unnu þá á heimavelli. Samt sem áður hefur enginn trú á þeim. Það er reyndar ekki skrítið ef horft er yfir leikmannahópinn en fjölbreytni og samstaða einkenna hann. Alls notaði Victor Piturca þjálfari 39 leikmenn í undankeppninni en aðalstjarnan er vissulega Adrian Mutu. Fyrirliðinn Cristian Chivu er lykilmaður á miðjunni en hann getur raunar spilað um allan völl. Frammi með Mutu verður svo væntanlega Ciprian Marica en þeir félagar náðu vel saman í undankeppninni þar sem þeir skoruðu samtals ellefu mörk. Að vera litla liðið gæti hentað Rúmenum vel.

Zürich

Byggður: **1925**. Opnaður á ný: **September, 2007**
Áhorfendafjöldi: **30.000**



Leikir:

9. júní	**Rúmenía - Frakkland**
13. júní	**Ítalía - Rúmenía**
17. júní	**Frakkland - Ítalía**

Heimavöllur: **FC Zürich**

Heimild: UEFA © GRAPHIC NEWS

Bern

Byggður: **1925**. Opnar á ný: **Júlí, 2005**
Tekur í sæti: **32.000**



Leikir:

9. júní	**Holland - Ítalía**
13. júní	**Holland - Frakkland**
17. júní	**Holland - Rúmenía**

Heimavöllur: **BSC Young Boys**

Heimild: UEFA © GRAPHIC NEWS

RÚMENÍA

Rúmenía
Þjálfari: **Victor Piturca**

Átta liða úrslit
Árangur: **S1-J2-T7**

Líklegt byrjunarlið Rúmeníu (4-4-2)

FYLGSTU MEÐ ÞESSUM

Cristian Chivu
– 27 ára miðjumaður
Fyrirliði Rúmena er fjölhæfur en verður væntanlega á miðjunni. Örvfættur leikmaður sem var vinstri bakvörður en spilar iðulega rétt fyrir framan vörnina með landsliðinu. Sérfræðingur í aukaspyrnum og mikill leiðtogi á velli.

FRAKKLAND

Frakkland
Þjálfari: **Raymond Domenech**



Sigurv. 1984, 2000
Árangur: **S14-J6-T5**

Líklegt byrjunarlið Frakklands (4-4-2)



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM

Karim Benzema
- 21 árs sóknarmaður
Aðalframherji Lyon sem þarf að sanna sig á mótinu. Kom eins og stormsveipur í franska boltann og er ein bjartasta vonin þar á bæ. Af alsírskum uppruna eins og Zinedine Zidane en leikstíll hans er líkari æskuhetju hans, Ronaldo hinum brasilíska.


A powerful player is nothing without precision impossible is nothing
adidas
EVERY TEAM NEEDS A POWER MAN. MICHAEL BALLACK, GERMANY & CHELSEA FC
© 2007 adidas AG. adidas, the 3-Bars logo and the 3-stripes mark are registered trademarks of the adidas group.

FULLKOMIN FRAMMISTAÐA

Það er óhætt að segja að frammistaða tveggja manna standi upp úr þegar menn horfa til baka á sögu Evrópumóts landsliða. Annar þeirra, Frakkinn Michel Platini, vann Evrópumeistaratitilinn 1984 nánast upp á sitt einsdæmi með því að skora 9 mörk í 5 leikjum en hinn er Hollendingurinn Marco Van Basten sem kórónaði frábæra frammistöðu sína á Evrópumótinu 1988 með því að skora fullkomið mark í úrslitaleiknum.

Michel Platini stóðst pressuna og gott betur á Evrópumótinu sumarið 1984. Hann hafði verið kosinn besti knattspyrnumaður Evrópu, var markakóngur ítölsku deildarinnar síðustu tvö tímabil og átti að leiða franska landsliðið til síns fyrsta titils á heimavelli. Platini gerði gott betur en að standast pressuna því hann var maðurinn á bak við að hið léttleikandi franska landslið fór alla leið og varð Evrópumeistari. Platini skoraði 9 af 14 mörkum liðsins í fimm leikjum sem er met sem verður seint eða aldrei bætt. Mikilvægi markanna var líka mikið. Hann skoraði sigurmarkið í opnunarleiknum á móti Dönum, hann skoraði tvær klassískar þrennur (með vinstri fæti, hægri fæti og skalla) gegn Belgum og Júgóslövum, sigurmarkið í framlengdum undanúrslitaleik á móti Portúgal og svo fyrsta markið í 2-0 sigri á Spánverjum í úrslitaleiknum. Hann skoraði í öllum fimm leikjunum og aðeins eitt af níu mörkum hans kom úr víti. Hann skoraði tvö mörk með vinstri fæti, tvö mörk beint úr aukaspyrnu og tvö mörk með skalla. Það var bara eitt lið (Danmörk) sem skoraði fleiri mörk en Platini í þessari Evrópukeppni og það hefur enginn skorað fleiri mörk í úrslitakeppni EM hvorki í einni keppni né samtals á ferlinum.

Hafi frammistaða Platinis á EM 1984 verið fullkomin þá hefur enginn skorað fullkomnara mark en Hollendingurinn Marco van Basten í úrslitaleiknum á Evrópumótinu 1988. Þegar Marco van Basten sat á bekknum í fyrsta leik Hollands á EM í Vestur-Þýskalandi 1988, 0-1 tapleik gegn Sovétmönnum, þá gat hvorki hann né aðrir ímyndað sér hvað mikið myndi breytast á næstu tveimur vikum. Van Basten kom reyndar inn á sem varamaður sjö mínútum eftir að Sovétmenn höfðu skorað sitt eina mark en náði ekki að breyta leiknum. Hann var hins vegar í byrjunarliðinu í næsta leik og skoraði þá

18:45 **HOLLAND-FRAKKLAND**
22:25 EM 2008 - samantekt

LAUGARDAGUR 14. JÚNÍ
15:30 EM 2008 - upphitun
16:00 **SVÍÞJÓÐ-SPÁNN**
18:45 **GRIKKLAND-RÚSSLAND**
23:15 EM 2008 - samantekt

Þorsteinn J. mun ásamt sérfræðingum sínum þeim Auðuni Helgasyni og Pétri Marteinssyni fjalla um keppnina á skemmtilegan og fræðandi hátt.

SUNNUDAGUR 15. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun
18:45 **SVISS-PORTÚGAL**
18:45 **TYRKLAND-TÉKKLAND**
23:20 EM 2008 - samantekt

MÁNUDAGUR 16. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun
18:45 **PÓLLAND-KRÓATÍA**
18:45 **AUSTURRÍKI-ÞÝSKALAND**
22:25 EM 2008 - samantekt

ÞRIÐJUDAGUR 17. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun
18:45 **HOLLAND-RÚMENÍA**
18:45 **FRAKKLAND-ÍTALÍA**
22:25 EM 2008 - samantekt

MIÐVIKUDAGUR 18. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun
18:45 **GRIKKLAND-SPÁNN**
18:45 **RÚSSLAND-SVÍÞJÓÐ**
23:20 EM 2008 - samantekt

FIMMTUDAGUR 19. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun
18:45 **ÁTTA LIÐA ÚRSLIT**
22:25 EM 2008 - samantekt

FÖSTUDAGUR 20. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun
18:45 **ÁTTA LIÐA ÚRSLIT**
22:25 EM 2008 - samantekt

LAUGARDAGUR 21. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun
18:45 **ÁTTA LIÐA ÚRSLIT**
23:30 EM 2008 - samantekt

SUNNUDAGUR 22. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun
18:45 **ÁTTA LIÐA ÚRSLIT**
22:25 EM 2008 - samantekt

MIÐVIKUDAGUR 25. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun
18:45 **FYRRI UNDANÚRSLITALEIKUR**
22:25 EM 2008 - samantekt

FIMMTUDAGUR 26. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun
18:45 **SEINNI UNDANÚRSLITALEIKUR**
22:25 EM 2008 - samantekt

SUNNUDAGUR 29. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun
18:45 **ÚRSLITALEIKUR**
22:25 EM 2008 - samantekt

Íþróttafréttamenn Sjónvarpsins munu lýsa leikjunum eins og þeim einum er lagið.

SJÓNVARPIÐ

ROBERTO ROSETTI (ÍTALÍA)



Yfirmaður á sjúkrahúsi í Tórínó sem hefur verið FIFA-dómari síðan árið 2003. Heimsmeistaramótið í Þýskalandi árið 2006 var fyrsta stórmótið sem Rosetti dæmdi á en hann var óvænt kallaður til þess að dæma þar í stað landa síns Massimos de Santis sem lenti í dómarahneykslinu fræga í ítölsku deildinni.

NORDIC PHOTOS/AFP

MASSIMO BUSACCA (SVISS)

Rekur fyrirtæki í Sviss en hefur verið FIFA-dómari síðan árið 1999 og dæmdi nokkra leiki á HM í Þýskalandi árið 2006. Busacca dæmdi úrslitaleik UEFA-bikarsins á milli Espanyol og Sevilla á Hampden Park í Glasgow í fyrra þar sem Moisés Hurtado, leikmaður Espanyol, fékk að líta rautt spjald.

KONRAD PLAUTZ (AUSTURRÍKI)



Leikari og stjórnandi áhugamannaleikhúss í heimabæ sínum í Austurríki. Plautz hefur verið dómari síðan hann var táningur og kaus að eigin sögn frekar að dæma en að berjast við að komast í heimabæjarliðið sem hægri bakvörður.

TOM HENNING OVREBO (NOREGUR)

Hefur verið valinn dómari ársins í Noregi fimm sinnum á síðustu sex árum. Fór mikinn í seinni leik inter og Liverpool í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar í ár þar sem níu spjöld fóru á loft.

FRANK DE BLEECKERE (BELGÍA)



Einna þekktastur fyrir að gefa hinum ítalska Marco Materazzi tvö gul spjöld fyrir litlar sakir og þar af leiðandi rautt spjald í leik inter og Liverpool í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í ár.

KYROS VASSARAS (GRIKKLAND)

Vinnur á ferðaskrifstofu í Grikklandi þegar hann er ekki að dæma og er mikill tungumálafrömuður en hann talar auk grísku, þýsku, spænsku og ensku. Vassaras hefur verið FIFA-dómari frá árinu1998 en hann dæmdi sinn fyrsta landsleik árið 1999 .

PETER FROJDFELDT (SVÍÞJÓÐ)

Ítalir munu eflaust reyna að forðast hann þar sem hann gaf leikmönnum Juventus tvö rauð spjöld í leik gegn Arsenal á Highbury-leikvanginum í átta-liða úrslitum Meistaradeildarinnar árið 2006.

PIETER VINK (HOLLAND)



Hætti sem lögregluþjónn til þess að einbeita sér að dómgæslunni en hann dæmdi fyrri leik Arsenal og Liverpool í átta-liða úrslitum Meistaradeildarinnar í ár og var gagnrýndur fyrir að dæma ekki vítaspyrnu þegar landi hans Dirk Kuyt togaði í Alexander Hleb innan teigs.

LUBOS MICHEL (SLÓVAKÍA)

Fyrrverandi kennari sem talar, auk slóvakísku, rússnesku, ensku, þýsku og pólsku auk. Jafnan talinn meðal bestu dómara heims í dag en hann dæmdi úrslitaleik Meistaradeildarinnar í ár þegar Manchester United lagði Chelsea að velli í Moskvu.

HERBERT FANDEL (ÞÝSKALAND)



Píanóleikari og yfirmaður í tónlistarskóla. Dæmdi frægan landsleik Danmerkur og Svíþjóðar í undankeppni EM þegar ofurölvi stuðningsmaður danska landsliðsins veittist að honum og reyndi að lemja hann. Fandel flautaði leikinn af á 89. mínútu en Svíum var síðar dæmdur 3-0 sigur í leiknum.

MANUEL MEJUTO GONZALEZ (SPÁNN)

Ástæðan fyrir því að Skotar eru ekki á EM í Austurríki og Sviss samkvæmt Alex McLeish, þjálfara skoska landsliðsins, eftir að dómarinn dæmdi Ítölum aukaspyrnu sem þeir skoruðu úr á lokaandartökum leiks Skotlands og Ítalíu í undankeppni em. Samt líklega þekktastur fyrir að dæma úrslitaleik AC Milan og Liverpool í Meistaradeildinni árið 2005.

HOWARD WEBB (ENGLAND)



Tók sér frí frá starfi sínu sem lögregluþjónn til þess að einbeita sér algjörlega að dómarastarfinu. Hann hefur dæmt í ensku úrvalsdeildinni frá árinu 2003.

Það verður nóg að gera hjá Kristni Jakobssyni í hlutverki hans sem fjórði dómari á EM í Austurríki og Sviss. Hann sér um allar skiptingar, tekur tölfræði og er tengiliður á milli dómaratríósins, sem hann kemur til með að vinna með í viðkomandi leikjum, við fjölmiðla og fleiri aðila.

MYND/ANTON BRINK

»TALAR VIÐ DÓMARANN Í LEIK

Þótt Ísland hafi ekki náð að tryggja sér þátttökurétt á EM í Sviss og Austurríki þá eigum við Íslendingar einn fulltrúa á mótinu en það er milliríkjadómarinn Kristinn Jakobsson. Hann var valinn til þess að verða fjórði dómari í keppninni og Sport sló því á þráðinn til hans og fékk að heyra um umfangsmikinn undirbúning fyrir mótið og hvað felst í hlutverki hans sem fjórði dómari á EM.

Við sem vorum tilnefndir í þetta verkefni fengum send gögn upp úr áramótum þar sem farið var vel yfir hvað menn þyrftu að gera í undirbúningnum fyrir mótið. Þar voru tilgreindar þær ráðstefnur sem menn þurftu að sækja og ítarlegt æfingarprógram lagt fyrir mannskapinn," sagði Kristinn sem hefur verið undir ströngu eftirliti frá æfingastjóra á vegum UEFA.

„Ég fékk þar til gerðan búnað sem ég set alltaf upp við æfingar og þegar ég dæmi leiki, en búnaðurinn tekur upp allar upplýsingar um vegalengdir sem ég hleyp og hjarta- og þoltölur og annað. Eftir æfinguna eða leikinn sendi ég svo upplýsingarnar á tölvutæku formi til dómaraæfingastjóra á vegum UEFA sem fylgist með því sem maður er að gera og sér til þess að allir séu 100% tilbúnir í sitt verkefni," sagði Kristinn.

ÁTTUNDU AUGU DÓMARANS

Í dómarahópnum sem sér um dómgæsluna á EM í Sviss og Austurríki eru tólf dómarar, tuttugu og fjórir aðstoðardómarar og átta menn sem eru sérhæfðir sem fjórðu dómarar og Kristinn er einn þeirra. En hvert er nákvæmlega hans hlutverk þegar mótið hefst?

„Dómaranefnd UEFA sér um að raða dómurunum á leiki eða í raun dómaratríóum þar sem dómararnir, sem eru frá tólf ólíkum löndum, vinna alltaf með aðstoðardómurum sem eru frá sama landi. Því er ólíkt farið með fjórðu dómarana, sem dómaranefndin sér um að velja, með hvaða dómaratríóum þeir vinna á mótinu. Ég mun því vinna náið með því dómaratríói sem ég mun starfa með og þar kemur til allur undirbúningur fyrir leiki, s.s. að taka til alla pappíra og leikskýrslur, sjá um samskipti við fjölmiðla, leikmenn og forráðamenn liða á leikstað og vera tilbúinn ef eitthvað kemur upp á. Á meðan á leik stendur verð ég á milli varamannabekkja liðanna og sé um skiptingar og að halda utan um og skrá niður allt sem gerist inni á vellinum, það er að segja skiptingar, áminningar og mörk. Ég verð svo tengdur ákveðnum samskiptabúnaði við dómaratríóið á meðan á leiknum stendur og ef ég sé til að mynda eitthvað inni á vellinum sem þeir sjá ekki, t.d. fólskubrot eða annað sem þarf að taka á, þá á ég að stíga inn og láta þá vita. Ég er því í raun áttundu augu þeirra á vellinum," sagði Kristinn sem kvað engum sérstökum tækniný jungum í dómgæslu beitt á EM.

ENGAR TÆKNINÝJUNGAR

„Það verða engar tækniný jungar í dómgæslu notaðar á EM sem hafa ekki verið notaðar áður í Evróputboltanum. Svokallað hawk-eye kerfi, sem dæmir með fullkomnum hætti um hvort bolti sé innan línu eða utan, verður ekki notað að þessu sinni," sagði Kristinn sem verður að öllu óbreyttu í sínu starfi sem fjórði dómari á EM út riðlakeppnina áður en hann snýr sér að Landsbankadeildinni á ný.

KJÖRORÐ EM ER VIRÐING

Nýtt kjörorð fyrir EM í Austurríki og Sviss er „Respect" eða „virðing". Það undirstrikar „fair play" eða „háttvísi", sem alþjóða knattspyrnusambandið, FIFA, hefur barist fyrir. „Þetta snýst um að menn sýni hver öðrum virðingu innan vallar sem utan og berjist gegn illum öflum í samfélaginu s.s. kynþáttahatri, alls kyns ofbeldi og fordómum," sagði Michel Platini, forseti UEFA.

Kristinn Jakobsson telur að kjörorðið eigi vel við í sambandi við þær áherslur sem eru að eiga sér stað í dómgæslunni.

„Þetta snýst náttúrulega um að menn sýni virðingu í öllu sem þeir taka sér fyrir hendur, hvort sem þú ert leikmaður, þjálfari, forráðamaður, áhorfandi eða dómari. Við dómarar höfum náttúrulega verið að berjast fyrir því að fá meiri virðingu fyrir okkar störf og auðvitað þurfum við fyrst og fremst að sýna leiknum virðingu til þess að við fáum virðingu. Þetta er bara eins og mamma manns kenndi manni, kurteisi kostar ekkert," sagði Kristinn sem ítrekar þó að meginátherslurnar í dómgæslu væru vitaskuld enn til staðar.

„Það á auðvitað að taka stíft á öllum grófum leikbrotum svo sem aftan-í-tæklingum og tveggja-fóta-tæklingum. Einnig verður tekið fast á peysutogi og leikaraskap sem fyrr og það er búið að fara vel yfir það á fundum með dómaranefndinni með myndbandsupptökum af atvikum úr leikjum í Meistaradeildinni og undankeppni Evrópumótsins," sagði Kristinn.

Michel Platini, forseti UEFA, leggur mikið upp úr nýju kjörorði EM í Austurríki og Sviss.

NORDIC PHOTOS/AFP

Hér átti að birtast auglýsing frá
Enska Barnum við Austurvöll,
en bakhliðin hentaði betur.

THE ENGLISH PUB

EM 2008 Á ENSKA



Ef þessi íslenska íþróttahetja
væri á lífi í dag myndi hún eflaust horfa á
Evrópumeistarakeppnina 2008 á Enska Barnum við Austurvöll.

Léttöl

THE ENGLISH PUB
Austurvöllur

Léttöl



purinn við á Penny Lane og hinir einu sönnu
bessa einhverja frægustu götu heims sem Paul

laðamanni að daginn eftir „giggið“ í Cavern, þar
hópurinn gisti, hefðu komið til hans hjón frá
mynd lýsir stærð þessa mesta rokkara Íslands en
raman Adelphi til að fara í mikla skoðunarferð á

inlega hamförum í funheitum Cavern-klúbbnum
var á heimavelli sem og þeir Erlingur Björnsson
gufrægt giggið í Cavern en missti ekki úr bít 44

**Ð ER ÞAÐ FYRSTA SEM MENN GERA Á LEIFS-
Ð?** Alþingismaðurinn Grétar Mar Jónsson lét
ekki vanta í ferðina miklu. Mætti fyrstur allra á
sstöð. Funheitur eftir að hafa gert allt brjálað á
ngi. Grétar var að sögn ekki síður að fara til að sjá
ma, sína menn, í Cavern en Paul á Anfield.

➜ LIVERPOOL ER MIÐPUNKTUR ALHEIMSINS

„Liverpool er og hefur alltaf verið miðpunktur alheimsins í mínum augum,“ sagði Allan Williams, fyrsti umboðsmaður Bítlanna, þegar blaðamaður tók hann tali á Hard Day's Night-hótelinu í miðborg Liverpool. Íslenski hópurinn snæddi saman kvöldverð á hótelinu og var Williams sérstakur heiðursgestur kvöldsins.

Williams hélt stutta tölu að kvöldverði loknum. Sagði hann sögur af samstarfi sínu við Bítlana á sokkabandsárum sveitarinnar og gerði að gamni sínu við mikinn fögnuð gesta. Hann gantaðist meðal annars með gremju sína út í Paul McCartney, sem hann sagði ekki enn hafa greitt sér fimmtán punda skuld frá því í fyrndinni þrátt fyrir að vera orðinn margfaldur milljónamæringur.

Williams sagðist afar stoltur af heimaborg sinni, sem hann hefur búið í alla ævi. „Það var mikið happ fyrir borgina að vera valin menningarborg Evrópu í ár. Bæði vænkast efnahagurinn og svo er löngu kominn tími til að Liverpool sé sett á þann stall sem hún á skilið.“ Williams sagðist oft fá boð um að vera viðstaddur Bítlasamkomur af ýmsu tagi, en hann þægi slík boð afar sjaldan. „Þegar ég frétti að þetta væri hópur frá Íslandi þá varð ég forvitinn og ímyndunaraflið fór af stað. Ég veit lítið sem ekkert um Ísland, nema að þar ku vera déskoti kalt,“ sagði Williams. Hann kvaðst vera meira en til í sækja Ísland heim einhvern daginn, ef honum yrði boðið.

- kg

HEIÐURSGESTUR Allan Williams, í miðið, nýtur veiganna á Hard Day's Night-hótelinu ásamt dóttur sinni, Óttari Felix Haukssyni og Jakobi Frímanni Magnússyni.

Bókaðu strax! – fyrstur kemur fyrstur fær

Búlgaríuveisla í júní

200 sæti á ótrúlegum kjörum! - á völdum brottförum

Ath. mjög takmarkað magn í boði á hverri dagsetningu. Verð getur breyst án fyrirvara.

16. júní – 29 sæti
23. júní – örfá sæti
30. júní – örfá sæti
7. júlí – uppselt
14. júlí – uppselt
21. júlí – uppselt

Einnig frábær tilboð til Salou og Parísar

Nú býður Terra Nova til frábærrar sumarveislu til perlu Svartahafsins, Golden Sands í Búlgaríu. Þú fær hvergi meira frí fyrir peninginn en í ferð til Golden Sands og nú bjóðum við frábær tilboð á nokkrum vinsælum gististöðum í júní. Staðurinn ber svo sannarlega nafn með rentu því ströndin er ein sú allra besta í Evrópu, 4 km. löng og allt að 100 metra breið með gullnum sandi, hlýjum og tærum sjó.

Sólarveisla á Golden Sands

Bókaðu núna! www.terranova.is

frá kr. 49.995 með allt innifalið

Ótrúlegt verðlag!

Í verslun
Vatn 1,5 l. ..... 40 kr.
Bjór 0,5 l. ..... 50 kr.
Léttvínsflaska ..... 300 kr.
Kjúklingur 1 kg. ..... 320 kr.
Gos 1,5 l. ..... 75 kr.
Vodkaflaska (innlend) ..... 370 kr.

Á veitingastað
Aðalréttur ..... 600 kr.
Bjór ..... 150 kr.
Vínflaska ..... 440 kr.
Pizza ..... 400 kr.

Annað
Bananabátur ..... 300 kr.
Sjóskíði ..... 1.100 kr.
Teygjustökk ..... 750 kr.
Hjólaleiga (dagur) ..... 550 kr.

*) Verðtaflan byggir á óformlegri verðkönnun fararstjóra Terra Nova, sumarið 2006.

ÓTRÚLEG VEISLUTILBOÐ

Frábært verð – allt innifalið
Hotel Kristal ****
Frá 49.995
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í fjölskylduherbergi í viku með „öllu inniföldu“, 16. júní. Brottfarir 23. og 30. júní kr. 5.000 aukalega.

Frá 64.990
Netverð á m.v. gistingu í tvíbýli í viku með „öllu inniföldu“, 16. júní. Brottfarir 23. og 30. júní kr. 5.000 aukalega.

Frábærar íbúðir ****
Frá kr. 44.995
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð á Glarus íbúðahótelinu í viku, 30. júní.
Brottför 23. júní kr. 5.000 aukalega.

Gott hótel ***
Frá kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði á Hotel Perla í viku, 16. júní. Brottfarir 23. og 30. júní kr. 5.000 aukalega.

Kynntu þér tilboðsbæklinginn á www.terranova.is

Endalausir möguleikar á afþreyingu
- Sjóstangveiði
- Hjól og mótorhjól
- Mini-golf, strandblak
- Vatnagarðurinn Aquapolis
- Teygjustökk
- Köfun, kajakar
- Keila, tennis
- Sjóskíði, seglbretti

- Veisla í mat og drykk
- Frábært næturlíf
- Gott að versla
- Spennandi kynnisferðir
- Ótrúlegt verðlag
- o.fl., o.fl.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Terra Nova áskilur sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa

Færð þú MasterCard ferðaávísun?

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000
www.terranova.is · Akureyri sími: 461 1099

Terra Nova PRIMERA GROUP

EINNEMM / SÍA / NM34629

Villtist og fann köllun sína

Búddamunkurinn **Lama Tenzin Choegyal** varð fyrir barðinu á uppreisnarmönnum og var týndur, slyppur og snauður við rætur Himalajafjalla. En viti menn, það var hans mesta gæfa. Í Íslandsferð sinni sagði hann *Jóni Sigurði Eyjólfssyni* blaðamanni alla söguna.

LAMA TENZIN CHOEGYAL Í REYKJAVÍK Búddamunkurinn gerði góða ferð til Íslands í síðasta mánuði en ferðin sem hann fór til Nepals fyrir átta árum var mikil svaðilför, þar varð hann fyrir barðinu á uppreisnarmönnum og var á hálfgerðum vergangi á eftir. En fall er fararheill.
MYND/JÓN SIGURÐUR

Ferðalög enda ekki alltaf eins og áætlanir gera ráð fyrir. En þegar allt virðist hafa farið á versta veg má hafa í huga að fall er fararheill. Að minnsta kosti var það svo í ferðalagi búddamunksins Lamas Tenzins Choegyal þegar hann ferðaðist frá heimalandi sínu, Indlandi, árið 2000 til Dolpo-héraðs sem er við landamæri Nepals og Tíbets. Þá virtist allt fara á versta veg en afrakstur ferðarinnar vegur heldur betur á móti verstu svaðilförum.

Um miðjan maí síðastliðinn kom hann til Íslands þar sem hann var viðstaddur viðburði sem velunnarar héldu til að afla fjár fyrir mannúðarstarf hans á Indlandi. Hann gaf sér tíma til að rifja upp fyrir blaðamanni svaðilförina og afrakstur hennar.

Auralausir og áttavilltir munkar

„Ég fór ásamt tveimur bræðrum mínum til Himalajafjalla en þar sem við höfðum alið manninn lengst af í klaustri vorum við ekki sérlega veraldarvanir ferðalangar og vissum ekki alveg hvernig við áttum að bera okkur að," rifjar Lama Tenzin upp. „Þetta er alls engin ferðamannastaður því þarna er fátækt mikil og innviðir samfélagsins í lamasessi. Og í raun er afar dýrt að fara þessa löngu leið svo við vorum með mikið af peningum meðferðis.

En það vildi ekki betur til en svo að uppreisnarmenn í Nepal rændu okkur. Við höfðum leiðsögumann með okkur en þegar hann sá fram á að við værum ekki lengur borgunarmenn fyrir þjónustuna lét hann sig hverfa. Við stóðum því eftir slyppir og snauðir á slóðum þar sem við þekktum ekkert til og höfðum ekki hugmynd um hvernig við ættum að komast til baka.

Til að bæta gráu ofan á svart villtumst við og vorum týndir í viku. En það var vissulega huggun harmi gegn að við vorum munkar og fólk í þorpunum er vant að sjá á eftir einhverju smáræði til þeirra. Eins gátum við boðið upp á trúarlegt starf svo að við komumst af í einu þorpi sem er ekki einu sinni á landakorti."

Stúlkan með björinn í smalamennskunni

„En meðan við vorum að veita fólki tilsögn þarna þá kynntumst við í leiðinni högum þess afar vel," segir Lama Tenzin. „Og það sem sló okkur hvað mest var bágur hagur stúlkna. Til dæmis bjuggum við í sama húsi og ein sjö ára stúlka sem vann myrkranna á milli en hafði enga aðstöðu fyrir eigin umhirðu. Hún var send hátt upp í fjöll til að smala og var þá eingöngu með bjór meðferðis. Hann er reyndar ólíkur þeim sem tíðkast á Vesturlöndum en menn telja hann nauðsynlegan í þessar fjallaferðir þar sem hann veitir þeim orku. Þegar hún kom úr slíkri ferð á kvöldin biðu hennar gegningar og þannig tók hvert verkið við af öðru þar til hún gat loksins hallað höfði.

Einu skiptin sem stúlkurnar gátu gert eitthvað fyrir sjálfar sig var þegar þær komu saman í litlu herbergi og lásu sér til gamans við kertaljós og það kom mér á óvart hvað þær voru einbeittar og áhugasamar við þá iðju.

Ég hreifst af þessu og hugsaði sem svo að á þessum grunni væri hægt að byggja en viðhorf feðranna var það að stúlkur þyrftu engrar menntunar við. Viðkvæði þeirra var á þá leið að stúlkur ættu aðeins að læra um dýra- og heimilishald, annað væri bara sóun á tíma og orku."

Brá þegar rödd heyrðist í útvarpinu

Loks komst Lama Tenzin aftur til síns heima en hugurinn dvaldi við börnin sem hann hafði kynnst í hinu strjálbýla og harðneskjulega héraði Dolpo. Hann var ákveðinn í að gera eitthvað sem bætt gæti hag æskunnar þar.

Fjölskylda hans átti jörð á Indlandi og ráðgert hafði verið að byggja þar klaustur en svaðilförin varð til þess að þeim áætlunum var breytt. „Ég ákvað þess í stað að reisa þar munaðarleysingjaheimili fyrir börn frá Dolpo," segir hann. Árið 2001 komu fyrstu börnin þangað, fjórir drengir og sjö stúlkur. „Það voru mikil viðbrigði fyrir þau að koma og njóta aðstæðna sem þau höfðu ekki kynnst áður. Þau kunnu ekki að bursta tennurnar og ein stúlkan brást við með miklum látum þegar hún heyrði rödd í útvarpinu."

Líf í fórnað fyrir heimilið

En þótt landið væri til staðar þurfti mikið fjármagn til að koma heimilinu á koppinn og lögðu móðir hans og systir mikið af mörkum í þeirri viðleitni hans. „Móðir mín seldi fyrirtæki sitt til að setja peninga í rekstrinn og svo fór hún víða um til að afla meira fjármagns.

Þegar hún og systir mín komu eftir ferðalag um nær endilangt Indland til að verða við opnun heimilisins mælti móðir mín að einu lífi hefði þegar verið fórnað fyrir heimilið svo það væri eins gott að standa sig í stykkinu. Mér var náttúrulega brugðið," segir Lama Tenzin.

„Þannig var mál með vexti að þegar systir mín var að ferðast vegna sölunnar og fjáröflunarinnar þá sló hún aldrei slöku við jafnvel þótt hún væri komin átta mánuði á leið. Svo var hún í átján klukkustunda lestarferð í miklum hita og við slæmar aðstæður en þá leið yfir hana. Hún vaknaði svo til meðvitundar á spítala og vissi ekkert hvað klukkan sló. Þar var henni tjáð að hún hefði misst barnið.

> Þá mælti móðir mín að einu lífi hefði þegar verið fórnað fyrir heimilið svo það væri eins gott að standa sig í stykkinu.

Hún varð vissulega afar sorgmædd vegna þess en samt sem áður hundsaði hún orð lækna sem sögðu að nú þyrfti hún að hvílast, fór á fætur og hélt ferð og vinnu sinni áfram.

Þegar ég frétti þetta varð ég alveg miður mín og spurði móður mína af hverju enginn hefði sagt mér frá neinu en ég vissi ekki einu sinni að hún væri ólétt enda bjuggum við systir mín langt frá hvort öðru. En þá sagði móðir mín að þær hefðu ekki viljað valda mér áhyggjum af þessu þar sem þær óttuðust að þá myndi ég slá slöku við að ýta úr vör. Og svo sagði hún að það starf sem varð til þess að hún missti barnið gæti orðið til þess að fjöldi annarra barna gæti lifað mannsæmandi lífi þá hefði fórnin verið þess virði.

Ég var vissulega sleginn en ég varð upp frá þessari stundu handviss um að munaðarleysingjaheimilið yrði ekki aðeins eitthvert verkefni heldur köllun."

Eignast íslenska vini

Í dag búa tuttugu börn á heimilinu. Þau fara í einkaskóla og fá viðtæka þjálfun sem miðast meðal annars að því að koma þurfandi börnum til hjálpar.

Lama Tenzin ferðast víða um heim til að kynna starf samtakanna The Children's Education Development en þau hafa veg og vanda af heimilinu. Þegar hann var í einni af sínum tíðu ferðum til New York kynntist hann Önnu Halldórsdóttur Spaid sem búsett er þar í borg. Með honum í för var veik stúlka frá heimilinu sem fékk læknismeðferð þar vestanhafs. Í framhaldi af því komst hann í samband við félagið Vinir Tíbets á Íslandi en hann og börnin frá Dolpo eiga rætur sínar að rekja til Tíbets.

Hann kom hingað til lands í síðasta mánuði og var þá meðal annars haldin fjáröflunarhátíð í Gerðubergi undir yfirskriftinni Fjölskylduhátíð í þágu barnanna í Himalaja. Einnig var efnt til samkomu í Iðnó 14. maí síðastliðinn þar sem hópur listamanna tók höndum saman og setti af stað styrktarsöfnun fyrir heimilið. Þar var Lama Tenzin sjálfur viðstaddur og ávarpaði samkomuna.

Íslandsferðin reyndist engin svaðilför eins og sú sem hann fór til Nepals en vonandi á hún eftir að bera góðan ávöxt og sanna það að fall sé fararheill.

NORÐUR-INDLAND, NEPAL OG TÍBET

Á kortinu sést hið strálbýla Dolpohérað og einnig hvar heimilið er í Norður-Indlandi.

Hörðukór 3

OPIÐ HÚS Í DAG
milli kl. 15:00 - 16:00

Íbúðir 0201-1101

Íbúðir 0203-1103

24 ÍBÚÐIR TIL SÖLU

- Glæsilegt útsýni
- Stutt í alla þjónustu
- Parket í “Gulllínunni” frá Harðviðarval fylgir öllum íbúðum
- Innréttingar frá HTH
- 10 fyrstu sem ganga frá kaupum fá Panasonic 42” plasma tæki
- 90% lán og ekkert uppgreiðslugjald

Sýningaríbúð innréttuð af MÓDERN

90% LÁN
EKKERT UPPGREIÐSLUGJALD

HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLUAÐILA

EÐA KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ NÁNAR Á WWW.HORDUKOR.IS

KLETTUR FASTEIGNASALA

Hlíðasmára 6
201 Kópavogur
Sími 534-5400

www.klettur.is
www.nybyggt.is
www.hordukor.is

MÁLVERKAUPPBOÐ

Erum að safna verkum á næsta uppboð

Vinsamlegast hafið samband við Pétur Þór í Gallerí Borg, Skipholti 35 í síma 511 7010 eða 847 1600

Lægri sölulaun - Örugg og góð þjónusta

Viku eftir síðasta uppboð höfðu allir seljendur fengið uppgert.

Gallerí BORG

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Innritun er hafin:

> SKRIFSTOFUBRAUT I – STÐABUNDIÐ NÁM OG FJARNÁM
> SKRIFSTOFUBRAUT II - STAÐBUNDIÐ NÁM OG FJARNÁM
> OFFICE SKILLS PROGRAMME FOR FOREIGN STUDENTS
> HAGNÝTT VIÐSKIPTA- OG FJÁRMÁLAGREINANÁM -
> STAÐBUNDIÐ NÁM OG FJARNÁM.

Nánari upplýsingar á www. mk.is eða hjá Ingu Karlsdóttur, fagstjóra í síma 5944000/8244114 eða ik@mk.is

Ég var 37 ára heimavinnandi þriggja barna móðir þegar ég ákvað að fara út á vinnumarkaðinn eftir langt hlé. Til að auka starfsmöguleika mína leitaði ég að námi sem myndi skila mér góðum atvinnumöguleikum. Ég valdi Skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi. Námið hentaði mér mjög vel, var hagnýtt og vel skipulagt. Í dag starfa ég sem bókari í lífeyrissjóði.

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

STUÐ MILLI STRÍÐA Matur er mannsins megin

ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR ER MATARGAT

Matur er án efa ein af ástunum í lífi mínu, og ég á ekki í neinum vandræðum með að viðurkenna það. Allir sem þekkja mig vita þetta og gera meira að segja óspart grín að því hversu mikil matmanneskja ég er. Þar sem þessi matarást mín hefur aldrei verið neitt sérstaklega mikið vandamál hef ég ekki tekið þetta grín inn á mig heldur bara gengist upp við það. Miðað við átið gæti þó vel verið að einhvern daginn fari gríninu að fylgja nokkur alvara.

Mín reynsla er sú að fólki þykir skemmtilegt að gefa manneskjum með góðan smekk og heilbrigða matarlyst að borða. Ég sjálf veit líka fátt leiðinlegra en að bjóða þeim í mat sem rétt narta í matinn sinn og segjast vera í aðhaldi, eða geta bara ekki borðað það sem boðið er upp á.

Matarsmekkurinn hefur líka þróast, þroskast og breyst undanfarin ár – til hins betra. Það er ekki svo ýkja langt síðan ég fór að njóta þess að borða ýmiss konar grænmeti eða fisk, annan en ýsu. Það sama má segja um rauðvín með mat og kaffið á eftir.

En þó að mér þyki fátt betra en að borða er ég ekki ein af þeim sem étur hvað sem að kjafti kemur. Það er ýmislegt sem ég hef aldrei látið inn fyrir mínar varir. Þar á meðal er ýmis „þjóðlegur“ matur, sem sumu fólki virðist þykja jaðra við landráð að hafa ekki smakkað. Ég hef til dæmis aldrei látið mér detta í hug að borða skötu, eins og ég hef reyndar einhvern tímann áður talað um á þessum stað. Ég hef heldur aldrei bragðað á saltkjöti og baunum, og finnst ég svo sem ekkert verri manneskja fyrir vikið. Þorramatur í heild sinni er eitthvað sem aldrei hefur ratað á matseðilinn, hvort sem það heita svið, hrútspungur, hákarl eða bara rófustappa. Það eina sem ég get borðað af þessu er harðfiskur og flatkökur með hangikjöti, sem eru nú varla alvöru þorramatur. Lifur þykir mér ógeðsleg og hef því reynt að sleppa við innmat yfir höfuð. Þá held ég reyndar að það sé upptalið, og þó ég borði ekki hvað sem er þá kemst ég kannski nokkuð nálægt því.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

BMW 5 línan

www.bmw.is

Sheer
Driving Pleasure

BMW 520d

4 dyra - 2,0l. - 177 hestöfl - 5,6 ltr./100km
8,4 sek./0-100km - 149 CO2 g/km

Frá kr. **5.880.000**

BMW 5-línan

Fullkomin upplifun

BMW 5 línan er hinn fullkomni bíll, hvort sem er í einkalífinu eða á framabrautinni. Traustur, öruggur og áreiðanlegur eru lýsingarorð sem hæfa honum vel. Orðspor BMW fyrir frábæra auksturseiginleika er tilkomið vegna stöðugrar þróunar nýs tæknibúnaðar, og gerir hann um leið að einum öruggasta bíl á vegum úti. BMW xDrive er með meiri viðbragðshraða en nokkuð annað fjórhjóladrifskerfi í heiminum. Hann er líka hagkvæmur. BMW 5-línan sigraði nýlega Toyota Prius í sparakstri blaðamanna Sunday Telegraph, en lykilinn að sigrinum var Efficient Dynamics tæknin, sem dregur verulega úr eyðslu og útblæstri. BMW 5-línan er því skynsamlegt val við núverandi aðstæður. Til að upplifa þessa frábæru blöndu af sportlegum akstri, klassískri hönnun og hátæknivæddum öryggisbúnaði, þá er eina svarið að panta einn reynsluakstur strax í dag. Líttu við í BMW umboðinu að Grjóthálsi 1. **BMW 5-línan. Fullkomin upplifun.**

BMW 520d Executive kr. 6.990.000 - Sjálfskiptur, leðurinnrétting, sóllúga, 17” álfelgur, M-leðurstýri, hiti í framsætum.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - bmw@bmw.is - www.bmw.is

Með bílinn handa þér

> VILL ANNAÐ BARN

Söngkona Christina Aguilera segist gjarnan vilja eignast annað barn með eiginmanni sínum, Jordan Bratman, en parið eignaðist frumburð sinn í janúar á þessu ári. Christina segir sjálfstraustið hafa endurnýjast með tilkomu móðurhlutverksins, en söngkonan hefur verið gagnrýnd fyrir að stunda skemmtanalífið af miklum krafti upp á síðkastið í stað þess að vera heima hjá syni sínum Max.

fólk

folk@frettabladi

Hefur farið 31 sinni í The London Eye

Svo virðist sem Jessica Alba hafi tekið ástfóstri við einn helsta ferðamannastað Lundúnaborgar, en leikkonan hefur farið 31 sinni í The London Eye. Leikkonan mun hafa fallið fyrir stóra hjólinu þegar það var notað við tökur á myndinni Fantastic Four og heillast af útsýninu. Í kjölfarið hefur hún farið í útsýnisferð með vini og vandamenn og fengið sér kynningarferð um stjórnklefann, sagði starfsmaður London Eye í viðtali við breska götublaðið The Sun.

Jessica er sú stjarna sem hefur farið hvað oftast í hjólið, en fast á hæla henni fylgir Kate Moss sem hefur farið 21 hring. Fyrirsætan heldur víst mikið upp á hjólið og nýtir oftast útsýnið yfir borgina til að benda vinum sínum á bestu skemmtistaði Lundúna.

KATE MOSS Hefur farið 21 hring með stóra hjólinu og bent vinum og vandamönnum á bestu skemmtistaði Lundúnaborgar.

JESSICA ALBA Er mikill aðdáandi the London Eye og hefur farið 31 sinni í hjólið til að njóta útsýnisins.

Yfirgefur X-Factor

Sharon Osbourne, sem hefur verið verið einn af dómurum bresku X-Factor-þáttanna frá upphafi, hefur ákveðið að hætta. Yfirmenn ITV-sjónvarpsstöðvarinnar sendu út yfirlýsingu þess efnis að Sharon hefði yfirgefið þáttinn aðeins nokkrum dögum áður en búist var við henni í áheyrnarprufur fyrir fimmtu þáttaröðina sem nú er í vinnslu.

X-Factor hefur notið mun meiri vinsælda í Bretlandi en Idol-þáttaröðin nokkurn tíma og frá upphafi hafa Simon Cowell, Louis Walsh og Sharon Osbourne skipað dómarasætin þrjú. Í fyrra ákváðu þáttastjórnendur að venda kvæði sínu í kross og bæta söngkonunni Dannii Minouge við dómaraborðið, en Dannii er yngri systir söngkonunnar Kylie Minouge. Ákvörðunin féll misvel í kramið hjá dómurunum og er talið að ágreiningur milli þeirra Dannii og Sharon sé ein aðalástæðan fyrir brotthvarfi hinnar síðarnefndu.

HÆTT EFTIR FJÓRAR SERÍUR Sharon Osbourne hefur notið mikilla vinsælda sem einn af dómurum bresku X-Factor þáttanna.

Jessica er stressuð

Jessica Simpson er stressuð vegna útkomu næstu plötu sinnar, sem fellur undir kántrítónlist. Söngkonan hefur ekki sent frá sér slíkt efni áður og kveðst vera taugaóstyrk yfir því hvernig viðtökurnar hjá aðdáendum hennar verða. „Ég er svo stressuð. Ég veit að þetta er hluti af mér sem fólk hefur verið að bíða eftir að fá að sjá, og ég hef verið að bíða eftir að sýna, svo þetta er mjög spennandi," segir söngkonan.

Platan er væntanleg í verslanir í september, en fyrsta smáskífulagið af henni, Come on Over, var frumflutt í Bandaríkjunum í síðustu viku.

FJÓRIR NAGLAR Í BORGARLEIKHÚSINU Bubbi Morthens var í fantaformi á útgáfutónleikum sínum í Borgarleikhúsinu á föstudagskvöld. Þar lék hann lög af væntanlegri plötu sinni, Fjórir naglar, í bland við eldra efni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bubbi á stóra sviðinu

Bubbi Morthens hélt útgáfutónleika til að kynna væntanlega breiðskífu sína í Borgarleikhúsinu á föstudagskvöld. Góður rómur var gerður að tónleikunum; kóngurinn var í fantaformi.

Það var sérstök stemning þegar útgáfutónleikar Bubba hófust um klukkan átta í Borgarleikhúsinu á föstudagskvöld. Eins konar útileguþema var í sviðsmyndinni, tvö hjólhýsi voru áberandi, og Bubbi og strákarnir í bandinu hans sátu fyrir utan þau þegar tónleikarnir hófust.

Bubbi hóf tónleikana einn með kassagítarinn og sátu félagar hans fyrir utan hjólhýsin og gripu í spil á meðan. Strákarnir úr Stríði og friði tóku sér svo stöðu með Bubba á sviðinu og renndu í gegnum nýju plötuna, Fjóra nagla, með glæsibrag. Öll hersingin var svo klöppuð upp og þá fengu mörg af þekktustu lögum Bubba að hljóma.

Eins og kunnugt er var þetta stór helgi fyrir Bubba því auk tónleikanna gekk hann í heilagt hjónaband með Hrafnhildi Hafsteinsdóttur í gær. Ný plata Bubba er væntanleg í verslanir á miðvikudaginn.

Í STUÐI Sigurður Þórir og Guðveig Lilja voru mætt í Borgarleikhúsið.

ÚTILEGUSTEMNING Bubbi og strákarnir í Stríði og friði tóku því rólega fyrir framan hjólhýsin.

UPPRENNANDI AÐDÁANDI Edvard Börkur og Edvard Dagur.

Hæfileikarnir aukaatriði

Nick Godwyn, maðurinn sem uppgötvaði Amy Winehouse, segir að hún verði að hætta að syngja ef það sé það sem til þarf til að hún sigrist á eiturlyfjafíkn sinni. Godwyn hafði uppi á söngkonunni þegar hún var einungis sextán ára gömul, eftir að hafa heyrt upptökur af henni syngja heima hjá skjólstæðingi sínum. „Hann setti kasettu í tækið. Ég spurði hver það væri, og hann sagði að það væri vinkona hans. Ég trúði því varla hversu vel hún hljómaði og bað um að fá að hitta hana. Ég spurði Amy hvað hún vildi gera við líf sitt og hún sagðist vilja verða þjónustustúlka," segir Godwyn af fyrstu kynnum þeirra.

Hann segist ekki líta svo á að söngkonan sé að kasta hæfileikum sínum á glæ með eiturlyfjanotkun. „Fólk talar um sóun á hæfileikum, en ég lít ekki þannig á þetta. Ef Amy myndi aldrei gera aðra plötu væri það sorglegt, en þetta snýst minna um tónlist fyrir mér og meira um manneskju sem er ekki mjög hamingjusöm," segir Godwyn, sem segir textasmíðar Amy alltaf hafa borið því vitni að hún væri frekar vansæl. „Ef þú hlustar á textann við lögin hennar heyrirðu að það eru ekki margir glaðlegir, jákvæðir ástarsöngvar. Ég held að það segi sitt um hvernig henni líður. Hún skrifar alltaf út frá eigin reynslu. Sum lögin eru afar falleg og heillandi frá sjónarhorni textasmíða. En mörg þeirra eru mjög sorgleg," segir Godwyn.

ÆTTI AÐ HÆTTA AÐ SYNGJA Nick Godwyn, sem uppgötvaði Amy Winehouse fyrir margt löngu, segir að hún ætti að hætta að syngja ef það verði til þess að hún nái að sigrast á eiturlyfjafíkn sinni. NORDICPHOTOS/GETTY

© Inter IKEA Systems B.V. 2008

895,-
LYKTA borðlampi.
Dökkgrænt. H27 cm.

lýstu upp lífið og tilveruna

gerðu heimilið að þægilegum stað

RIBBA rammi **1.590,-**
Birki. L30xB88 cm.

RIBBA rammi **1.190,-**
Svart. L40xB50 cm.

TEXTUR borðlampi **2.990,-**
Hvítt/blóm svart. H48 cm.

GRÖNÖ borðlampi 2 stk. **995,-**
L12xB12, H28 cm /L14xB14, H35 cm

ORGEL skermur f/loftljós **895,-**
Ólitað. L22xB22, H31 cm.

RIBBA rammi **795,-**
Birki. L23xB23 cm.

KNAPPA loftljós **2.490,-**
Hvítt. Ø46 cm.

RIBBA rammi **495,-**
Hvítt. L13xB18 cm.

RIBBA rammi **1.690,-**
Birki. L50xB70 cm.

RIBBA rammi **495,-**
Svart. L13xB18 cm.

LEDING braut m/3 loftkösturum **995,-**
Silfurlitað. L71 cm. Halógenperur fylgja.

MAREK vegg-/gólflampi **1.890,-**
Hvítt. L25xB96 cm.

RIBBA rammi **995,-** Svart. L50xB23 cm.

RIBBA rammi **495,-/stk.** Eik. L13x18 cm.

KNUBBIG borðlampi **895,-**
Gler/bleikt. Ø11, H12 cm.

Virka daga kl. 10:00-20:00 | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

IKEA®

Gaui litli heldur tónleika

Gaui litli býr í Álafosskvosinni og unir sér þar vel. Nú ætlar hann ásamt fleirum að halda tónleika í Kvosinni.

Í STALLABREKKUNNI Gaui litli heldur grasrótartónleika í Álafosskvosinni um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við ætlum að draga bílskúrsbönd, og aðrar sveitir sem allajafna hafa ekki verið að koma fram, í Kvosina," segir Guðjón Sigmundsson, betur þekktur sem Gaui litli. Gaui flutti í Álafosskvosina fyrir tveimur árum og er nú farinn að láta að sér kveða í Kvosinni. Hinn 14. júní munu íbúar Álafosskvosarinnar, Varmársamtökin og Mosfellsbær standa fyrir tónleikum í Kvosinni, nánar tiltekið á planinu fyrir framan Sundlaugina, Stúdíó Sigur Rósar.

Aðstæður á planinu eru kjörnar til tónleikahalds að sögn Gauja. „Brekkan við hliðina á planinu er svona stallabrekka sem var gerð á tímum Sigurjóns Péturssonar sem setti þarna upp fyrsta útileikhús landsins," segir Gaui en brekkan mun nú koma áhorfendum að góðum notum á tónleikunum. Gaui segir að stefnt sé að því að vera með uppákomur á planinu oftar í sumar.

Tónleikarnir eiga að standa frá 16-20 og segir Gaui að útsendarar frá útgáfufyrirtækjum landsins verði á svæðinu. Hann segir að enn geti hljómsveitir skráð sig til leiks, vilji þær spila. Sjálfur er Gaui gamall slagverkshrókur og hefur slegið ófáar vambirnar. „Það er aldrei að vita nema ég troði upp og hamri vambir," segir Gaui sem eins og alþjóð veit er þekktur fyrir að skarta veglegri vömb. Hann útilokar ekki að hún verði lamin fyrir gesti og gangandi. „Sjón er sögu ríkari. Meira gef ég ekki upp."

Gaui kann vel við sig í Kvosinni. „Ég þrífst andskoti vel innan um listamenn og þroskahefta," segir Gaui en hvort tveggja er að finna í Kvosinni þar sem hann elur manninn.

soli@frettabladid.is

Meistari popphljómsins

Ghosts From The Past er aðeins þriðja Bang Gang-platan, en hinar fyrri eru You sem kom út 1998 og Something Wrong frá 2003. Nýja platan er ólík fyrri plötunum að því leyti að nú syngur Barði öll lögin sjálfur, fær aðeins hjálp við bakraddirnar, en á fyrri plötunum komu við sögu fjölmargir gestasöngvarar þar á meðal Esther Thalia Casey, Nicolette og Daníel Ágúst. Tónlistin hefur líka þróast nokkuð. Hæggenga og stemningsfulla stofupoppið sem einkenndi Something Wrong er enn á sínum stað, en inn á milli er brugðið út frá því, hvort sem það er bjart popp í sígildum stíl (The World Is Gray), nýbylgjurokk (Black Parade) eða ambient-popp (tvö síðustu lögin sem unnin eru með Frakkanum Anthony Gonzales úr M83). Stemningin á plötunni minnir mann stundum á frönsku sveitina Air, enda setur blætishljóðfæri þeirra Air-manna, Fender Rhodes-rafmagnspíanóið (sem Daði Birgisson leikur listilega á í mörgum laganna) sterkan svip á plötuna.

Barði Jóhannsson er meistari í þeirri list að búa til flottan hljóm. Hann hefur þetta aukalega sem getur gert gott lag frábært. Þetta er augljóst þegar maður hlustar á Ghosts From The Past. Það er leitun að poppplötu sem hljómar jafn vel. Textarnir eru flestir í drungalegri kantinum og þær andstæður sem bjart og áferðarfagurt poppið og dökkir textarnir skapa koma stundum skemmtilega út, til dæmis í upphafslaginu The World Is Gray.

Lögin eru misgóð, en nokkur þeirra eru afbragð, til dæmist fyrrnefnt The World Is Gray, One More Trip, Black Parade, I Know You Sleep, Lost In Wonderland og lagið Don't Feel Ashamed sem Keren Ann semur og syngur með Barða. Á heildina litið er þetta fín poppplata þó að tónlistin á henni sæti kannski ekki tíðindum. Það má líka velta upp þeirri spurningu hvort platan hefði orðið enn sterkari ef Barði hefði fengið gestasöngvara til að syngja hluta laganna. Hann er ágætur söngvari, en söngur hans er svolítið hlutlaus.

Trausti Júlíusson

TÓNLIST

Ghosts From The Past

Bang Gang

★★★

Barði Jóhannsson sannar það með Ghosts From The Past að hann er meistari í því að búa til flottan popphljóm. Fín plata sem aðdáendur Bang Gang ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

SAMBÍÓIN

SKYLDUÁHORF FYRIR ALLA SEM HAFA GAMAN AF HRAÐA, BÍLUM OG TÆKNI.

ATH. Leyfð öllum aldurshópum

ÁLFABAKKA

SPEED RACER	kl. 2D - 5D - 8 - 10:50	L
SPEED RACER	kl. 2 - 5	VIP
FORBIDDEN KINGDOM	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12
INDIANA JONES 4	kl. 3 - 5:30 - 8D - 10:40D	12
INDIANA JONES 4	kl. 8 - 10:40	VIP
LOVE IN TIME OF CHOLERA	kl. 5:30 - 8:15	7
NEVER BACK DOWN	kl. 10:40	14
IRON MAN	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12
NIM´S ISLAND	kl. 3	L

KRINGLUNNI

SEX AND THE CITY	kl. 2 - 5 - 8 - 10:50	14
SPEED RACER DIGITAL	kl. 2D - 5D - 8D - 10:50D	L
INDIANA JONES 4	kl. 1:30 - 4 - 6:30 - 9	12

SelfossBíó

SPEED RACER	kl. 2 - 5 - 8	L
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 2 - 6	L
HAROLD AND KUMAR 2	kl. 4	12
NEVER BACK DOWN	kl. 8	14
PROM NIGHT	kl. 10:45	16
THE HUNTING PARTY	kl. 10:20	12

AKUREYRI

SPEED RACER	kl. 2 - 5 - 8	L
IN THE VALLEY OF ELAH	kl. 10:30	16
NIM´S ISLAND	kl. 2 - 6	12
FORBIDDEN KINGDOM	kl. 8 - 10:10	16

KEFLAVÍK

ZOHAN	kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:20	10
SPEED RACER	kl. 2 - 5 - 8	L
SEX AND THE CITY	kl. 11:00	14

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

NÝTT Í BÍÓ!

HANN BLÆS ÞIG Í DRASL!

Frá höfundum MATRIX kemur einhver hraðasta mynd síðari ára.

FRÁBÆR SPENNUMYND!

Ótrúlegar tæknibrellur sem ættu að heilla alla í fjölskyldunni, unga sem aldna.

STELPURNAR ERU MÆTTAR Á HVÍTATJALDIÐ

ÖSKUR BERA ENGAN ÁRANGUR!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

ZOHAN	kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.30	10
ZOHAN LÚXUS	kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.30	
SEX AND THE CITY	kl. 1 - 5 - 8 - 11	14
INDIANA JONES 4	kl. 2.30 - 5.20 - 8 - 10.40	12
PROM NIGHT	kl. 10.15	14
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 3.30 - 5.45 - 8	
HORTON	kl. 1 ÍSLENSKT TAL	
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 1 ÍSLENSKT TAL	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 650 kr. SUMARTILBOÐ

88 MINUTES	kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.20	16
FORBIDDEN KINGDOM	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
KICKIN'IT OLD SKOOL	kl. 3 - 8	7
HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB	kl. 3 - 8 - 10.15	12
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 5.45 - 10.20	
BRÚÐGUMINN	kl. 6 ENSKUR TEXTI	7

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

ZOHAN	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	10
SPEED RACER	kl. 3 - 6 - 9	
SEX AND THE CITY	kl. 3 - 6 - 9	14
INDIANA JONES 4	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12

5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

ZOHAN	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.15	10
SEX AND THE CITY	kl. 5.20 - 8	14
INDIANA JONES 4	kl. 3 - 10.40	12

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI

AUKAKRÓNUR

SparBíó 550kr
laugardag og sunnudag
SAMbio.is
SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

SPEED RACER kl. 2 í Álf., kl. 2 í kringl., kl. 2 á sel.,2 á ak., og kl. 2 í kef.

FORBIDDEN KINGDOM kl. 3 í Álfabakka

SEX AND THE CITY kl. 2 í Kringlunni

Indiana Jones 4 kl. 3 í Álfabakka og kl. 1:30 í kringlunni

IRON MAN kl. 3 í Álfabakka

NIMS ISLAND kl. 2 á Akureyri

Sími: 553 2075 - bara lúxus

Ódýrt í bíó

ATH. SÝND KL.2

ATH. SÝND KL.2

ATH. SÝND KL.2

500kr. á fyrstu sýningar dagsins

Nýtt í bíó

Sími: 553 2075 - bara lúxus

- 24 STUNDIR
- K.H., DV.
- J.I.S., film.is
- V.J.V., Topp5.is / FBL
- Þ.Þ., DV

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

ZOHAN	kl. 2, 4.30, 8 og 10.10	10
SEX AND THE CITY	kl. 4, 7 og 10.10	14
INDIANA JONES 4	kl. 2, 4.30, 7 og 10	12
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 2	12

TILBOÐSVERÐ

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
KL.3 BORGARBÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

Sienna og Rhys hætt saman

Sienna Miller og Rhys Ifans eru hætt saman, samkvæmt heimildum The Sun. Sienna mun hafa hringt í kærasta sinn frá Prag til að slíta sambandinu, en Ifans var við tökur í Englandi. Það mun hafa verið afbrýðisemi Ifans sem gerði út af við sambandið, en Sienna stóð Rhys nýlega að því að lesa sms-skilaboð hennar. Hann mun hafa verið sérstaklega afbrýðissamur út í Matthew Rhys, fyrrverandi kærasta Siennu, sem hún hefur umgengist upp á síðkastið til að kynna mynd sem þau léku saman í.

Í júnítölublaði breska Elle er hins vegar að finna viðtal við Siennu, þar sem hún fer fögrum orðum um sambandið og Ifans. „Þegar nafn hans ber á góma fer ég að brosa eins og kjáni, af því að ég fer strax að hugsa um hann og það gerir mig hamingjusama. Hann gerir mig bara hamingjusama," segir Sienna þar. Hún neitar því að þau séu trúlofuð, og segir vangaveltur fjölmiðla þess efnis hafa leitt til þess að þau hafi bæði fengið símtöl frá mæðrum sínum. „Það er skrítið. En ég er svo ánægð með samband okkar eins og það er. Það hefur alltaf verið ótrúlega auðvelt og þægilegt og þessar fréttir búa bara til flækjur sem eru ekki til staðar," segir Sienna.

SLEIT SAMBANDINU Sienna Miller mun hafa hringt í Rhys Ifans frá Prag til þess að slíta sambandinu.

Ódýrara í bíó

Bíómiðinn í Regnboganum hefur verið lækkaður úr þúsund krónum í 650 krónur. Jón Gunnar Geirdal, markaðsstjóri Senu, segir um tilraun að ræða og muni hún standa yfir í sumar. Hins vegar er ólíklegt að verðið breytist almennt í kvikmyndahúsunum. „Það væri óskandi, en það er því miður ekki hægt." Allar stórmyndir sumarsins ættu að rata í Regnbogann, fyrr eða síðar og segir Jón tilraunina vera stórt skref fyrir Senu. „Núna er að minnsta kosti eitt kvikmyndahús þar sem fólk getur farið ódýrt í bíó." Í kjölfarið færist Græna ljósið í Háskólabíó. Hugsanlegt er að Regnboginn haldi þessu verði ef vel gengur. **- kbs**

ENN EITT KREPPURÁÐIÐ FELLUR Í HENDUR NEYTENDA. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FRÉTTIR AF FÓLKI

Elton John og kærasti hans, **David Furnish**, hafa boðist til að skjóta skjólshúsi yfir söngkonuna **Lily Allen**, sem varð svo drukkin á afhendingu verðlaunanna Glamour Women of the Year nú í vikunni að dyravörður varð að halda á henni út. Lily má dvelja á sveitasetri þeirra í suðausturhluta Englands til að jafna sig og hvíla sig á partístandinu sem hún hefur verið iðin við að undanförnu. Ekki er vitað hvort Allen hefur tekið tilboðinu.

Orðrómur um að **Paris Hilton** eigi von á barni komst á kreik á dögunum, eftir að glöggir áhorfendur þóttust sjá móta fyrir kúlu undir þröngum satínkjól sem partíprinsessan klæddist á barnum Crown Bar í Los Angeles fyrir skömmu. Paris hefur ekki farið leynt með að hana langi í börn með kærastanum **Benji Madden** á næstunni. Talsmaður hennar hefur neitað þessum sögusögnum, en það slær heldur lítið á þær, þar sem slíkar staðhæfingar virðast vera í tísku hjá verðandi foreldrum í Hollywood.

Liv Tyler ku vilja gera aðra tilraun til að bjarga hjónabandi sínu og **Royston Langdon**, en leikkonan staðfesti að þau hefðu slitið samvistir fyrir um mánuði. Samkvæmt heimildum OK! komst leikkonan á þá skoðun eftir að hafa ráðfært sig við vinkonu sína, **Gwyneth Paltrow**. „Hún er ofboðslega sorgmædd og heldur að hún hafi gert mistök," segir heimildarmaður blaðsins. Langdon og Tyler eiga saman soninn **Milo**, en þau voru gift í fimm ár.

Lindsay Lohan hefur tekið að sér aðalhlutverkið í rómantísku grínmyndinni Labour Pains. Myndin fjallar um konu sem þykist vera barnshafandi til að koma í veg fyrir að yfirmaður hennar reki hana. Lohan hefur átt í nokkrum vandræðum með að endurlífga feril sinn eftir stormasamt ár í fyrra. Hvort Labour Pains verði til þess að blása nýju lífi í hann mun koma í ljós, en aðrir leikarar í myndinni eru lítt þekktir.



> Sigrún Brá á leið til Peking

Sigrún Brá Sverrisdóttir, sundfélagi Fjölnis, náði B-lágmarki í 200 metra skriðsundi á Mare Nosturm-mótaröðinni í Mónakó í gær og fær því að taka þátt í Ólympíuleikunum í Peking í lok sumars. Sigrún Brá tvíbætti Íslandsmetið í greininni en Lára Hrund Bjargardóttir átti áður Íslandsmetið í greininni á tímanum 2.04.86 sem hún setti árið 2001. Sigrún Brá synti fyrst á tímanum 2.03.79 í undanrásum og gerði svo enn betur í úrslitasundinu og synti á tímanum 2.03.35.

sport

sport@frettabladid.is

LANDSBANKADEILD KVENNA Í FÓTBOLTA: 5. UMFERÐ FÓR FRAM Í GÆR ÞAR SEM KR OG VALUR UNNU BÆÐI SÍNA LEIKI

Línurnar að skýrast í Landsbankadeild kvenna

KR lenti í talsverðum erfiðleikum með Stjörnuna í hellirigningu á KR-vellinum en vann á endanum sanngjarnan 2-0 sigur.

KR komst í 1-0 á 35. mínútu þegar markvörðurinn Sandra Sigurðardóttir hjá Stjörnunni missti klaufalega frá sér fyrirgjöf Hólmfríðar Magnúsdóttur beint í hlaupaleið markadrottningarinnar Hrefnu Huldar Jóhannesdóttur sem hreinlega gat ekki annað en skorað. Landsliðsmarkvörðurinn Sandra átti þó eftir að bæta fyrir mistök sín svo eftir var tekið þar sem það var ekki síst fyrir frábæran leik hjá henni sem KR-stúlkum gekk illa að bæta við öðru marki þrátt fyrir þungar sóknarlotur þeirra.

Það var ekki fyrr en á 89. mínútu sem seinna mark KR kom og það var af dýrari gerðinni. Hrefna Huld og Hólmfríður áttu fallegt þríhyrningsspil úti á vinstri vængnum, Hólmfríður átti svo sendingu inn í teiginn á varamanninn Agnesi Þóru Árnadóttur sem afgreiddi boltann í markhornið efst og þar við sat.

Helena Ólafsdóttir, þjálfari KR, var sátt við þrjú stig.

„Við áttum náttúrulega að vera búnar að klára leikinn miklu fyrr en mér fannst engin hætta stafa að okkar marki. Maður er hins vegar náttúrulega aldrei róleg í stöðunni 1-0 og það má lítið út af bera í þessari deild og því eins gott að koma vel undirbúin fyrir alla leiki," sagði Helena.

Það var sannarlega meistarabragur á Valsstúlkum í gær en þær fóru illa með Keflavík og rassskelltu þær 1-9 í Keflavík og Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, var því í skýjunum í leikslok.

„Við komum vel undirbúnar fyrir leikinn og vissum að við þyrftum að sýna góðan leik til þess að taka stigin þrjú og það má segja að það hafi allt verið að smella hjá okkur sem gat smollið," sagði Elísabet sem kvað Valsliðið vera stöðugt að bæta leik sinn.

„Það er búinn að vera stigandi í okkar leik í sumar og við erum að fá leikmenn aftur úr meiðslum og ég er bara mjög ánægð með hvernig þetta er að spilast og það stefnir allt í hörkuleik í næstu umferð," sagði Elísabet.

Valur og KR mætast á Vodafone-vellinum á næstkomandi miðvikudag kl. 19.15 í einum af stórleikjum sumarsins.

ÚRSLIT

Evrópumótið í fótbolta

Sviss-Tékkland	0-1
0-1 Václav Sverkos (70.).	
Portúgal-Tyrkland	2-0
1-0 Pepe (61.), 2-0 Raul Meireles (90.+2).	

Undank. EM í handb. kvk.

Rúmenía-Ísland	33-23 (16-12)

Mörk Íslands: Hanna G. Stefánsdóttir 5, Sólveig Lára Kjærnested 4, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3, Sunna María Einarsdóttir 3, Dagný Skúladóttir 2, Sara Sigurðardóttir 1, Hrafnhildur Skúladóttir 1, Stella Sigurðardóttir 1, Rakel Dögg Bragadóttir 1, Karen Knútsdóttir 1, Arna Sif Pálsdóttir 1.
Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 25 skot.

Landsbankadeild kvenna

KR-Stjarnan	2-0
1-0 Hrefna Huld Jóhannesdóttir (35.), 2-0 Agnes Þóra Árnadóttir (89.).	
Keflavík-Valur	1-9
0-1 Pála Marie Einarsdóttir, 0-2 Vanja Stefanovic, 0-3 Sif Rykær, 0-4 Hallbera Guðný Gísladóttir, 0-5 Málfríður Erna Sigurðardóttir, 0-6 Margrét Lára Viðarsdóttir, 0-7 Málfríður Erna Sigurðardóttir, 1-7 Björg Ásta Þórðardóttir, 1-8 Rakel Logadóttir, 1-9 Helga Sjöfn Jóhannesdóttir.	
Breiðablik-Fylkir	4-0
1-0 Hlín Gunnlaugsdóttir (31.), 2-0 Elín Anna Steinarsdóttir (46.), 3-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir, 4-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (86.).	
Fjölnir-Þór/KA	3-3
0-1 Bojana Besic (37.), 0-2 Arna Sif Ásgrímsdóttir (45.), 1-2 Kristin R. Hextall (52.), 1-3 Rakel Hönnudóttir (60.), 2-3 Rúna Sif Stefánsdóttir (80.), 3-3 Birna Sif Kristinsdóttir (88.).	
Afturelding-HK/Víkingur	0-0

NM unglinga í fjölþrautum:

Sveinn og Helga í forystu

FRJÁLSÍÞRÓTTIR Helga Margrét Þorsteinsdóttir og Sveinn Elías Elíasson eru í forystu í sínum aldursflokkum eftir fyrri dag á Norðurlandamóti unglinga í fjölþraut í Finnlandi. **- óþ**

Úrslit samkvæmt bókinni

Engin óvænt úrslit voru í fyrstu leikjum EM í fótbolta í gær þegar Tékkland sigraði Sviss og Portúgal, sem þykir sigurstranglegt á mótinu, sigraði Tyrkland.

FÓTBOLTI Tékkar sigruðu heimamenn Sviss, 1-0, í opnunarleik Evrópumótsins og Portúgalar báru sigurorð af Tyrkjum, 2-0, í seinni leik gærdagsins.

Svisslendingar veittu Tékkum mikla mótspyrnu í gær og voru í raun sterkari aðilinn lengst af í fyrri hálfleik. Fyrirliðinn Alexander Frei fór fyrir sínum mönnum og var þeirra hættulegasti maður og Peter Cech mátti hafa sig allan við að verja frá honum í tvígang. Frei þurfti svo að yfirgefa völlinn vegna meiðsla.

Tékkar voru alls ekki sannfærandi í sóknaraðgerðum sínum en vörnin hélt velli og staðan var því 0-0 í hálfleik.

Það dró svo til tíðinda á 70. mínútu þegar varamaðurinn Vaclav Sverkos kom Tékkum yfir eftir að boltinn barst inn fyrir vörn heimamanna. Sverkos tímasetti hlaup sitt fullkomlega og átti ekki í miklum vandræðum með að leggja boltann framhjá markverði Sviss.

Sviss fékk þó kjörið tækifæri til þess að jafna leikinn á 80. mínútu en skot Johans Vonlanthen hafnaði í markslá Tékka.

Tékkar héldu út og uppskáru mikilvægan sigur þrátt fyrir að vera langt frá sínu besta.

FYRSTA MARKIÐ Vaclav Sverkov skoraði fyrsta mark EM.
NORDIC PHOTOS/GETTY

FÖGNUÐUR Portúgalir virkuðu beittir í fyrsta leik sínum á EM í gærkvöld þegar þeir báru sigurorð af Tyrkjum. Hér fagna Cristiano Ronaldo og Deco markaskoraranum Pepe sem skoraði fyrra mark Portúgal í leiknum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Portúgalir voru talsvert meira með boltann í leiknum gegn Tyrkjum án þess þó að skapa sér nógu afgerandi marktækifæri.

Cristiano Ronaldo komst næst því að skora í fyrri hálfleik þegar aukaspyrna hans var naumlega varin í stöng en staðan var 0-0 í hálfleik.

Fyrsta mark leiksins kom á 61. mínútu þegar portúgalski varnarmaðurinn Pepe tók sig til og fann loks glufu á varnarmúr Tyrkja eftir glæsilegt þríhyrningsspil við Nuno Gomes og skoraði einn á móti Volkan Demirel. Gomes var nálægt því að bæta öðru markinu við stuttu síðar en skalli hans fór þá í slá. Annað mark Portúgal kom ekki fyrr en í uppbótartíma þegar varamaðurinn Raul Meireles skoraði af stuttu færi eftir stoðsendingu Joaos Moutinho. Góður sigur hjá Portúgal sem gefur fögur fyrirheit um framhaldið. **omar@frettabladid.is**

MARGT JÁKVÆTT Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari var ánægður með margt í leik íslenska liðsins. TIHI JOVANOVIC

Undankeppni EM í handb.:

Batamerki á leik Íslands

HANDBOLTI Kvennalandslið Íslands í handbolta tapaði 33-23 í seinni leik sínum gegn Rúmeníu í undankeppni HM í handbolta í Rúmeníu í gær. Þrátt fyrir stórt tap Íslands mátti greina batamerki á leik íslenska liðsins frá fjórtán marka tapinu í Laugardalshöll um síðustu helgi og Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari var ágætlega sáttur við leikinn.

„Maður vill náttúrulega aldrei tapa en það er samt stór munur á því hvernig þú tapar. Ef við berum þennan leik saman við fyrri leikinn í Laugardalshöll þá má með sanni segja að það hafi verið batamerki á liðinu. Það var mun meiri barátta í liðinu og stelpurnar voru að leggja sig 100% fram og gerðu sitt besta gegn mjög sterkum andstæðingi," sagði Júlíus sem telur að íslenska liðið geti lært mikið af leiknum.

„Mér fannst við vera að fá góða markvörslu og náðum að keyra hraðaupphlaupin ágætlega í framhaldi af því og það er eitthvað sem við verðum að byggja á," sagði Júlíus. **- óþ**

PIPAR • SÍA • 81000

Dælulyklahafar
hækkun sólarhringsheimilda

Á undanförnum mánuðum hafa fjölmargir viðskiptavinir óskað eftir hækkun dælulyklaheimilda.

Af þeim sökum hefur Atlantsolía ákveðið að sólarhringsheimildir allra dælulykla með 5.000 krónum verði hækkaðar í 10.000 og sólarhringsheimildir með10.000 verði hækkaðar í 15.000.

Þeir viðskiptavinir okkar sem vilja halda eldri sólarhringsheimild er bent á að hafa samband við skrifstofu okkar, í síma eða með tölvupósti.

Athygli er vakin á því að viðskiptavinir geta hvenær sem er breytt sólarhringsheimildum í 5, 10,15 eða 25 þúsund kr.

Allar nánari upplýsingar má finna á vefsíðu okkar www.atlantsolia.is, með því að hringja í síma 591 3100 eða með því að senda okkur tölvupóst á atlantsolia@atlantsolia.is

ATLANTSOLIA

Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfirði / Sími 591 3100 / atlantsolia@atlantsolia.is / www.atlantsolia.is

HÓPURINN Íslenska liðið stillir sér upp á hóteli sínu í Skopje í Makedóníu í gær. ALEKSANDAR DJOROVIC

Ísland mætir Makedóníu í undankeppni HM í dag:

Erfitt verkefni

HANDBOLTI Karlalandslið Íslands í handbolta mætir Makedóníu í fyrri leik liðanna í undankeppni HM í dag en leikurinn fer fram í Skopje í Makedóníu. Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari Íslands, á von á erfiðum leik.

„Ég á von á því að Makedóníumenn eigi eftir að reyna að keyra í bakið á okkur og beita hraðri miðju og þeir reyna eflaust að leggja mikið upp úr hraðaupphlaupum, þannig að við verðum að vera á tánum og fljótir til baka. Þetta er mjög vel spilandi lið hjá Makedóníu og það verður uppselt í höllinni og allt brjálað og við eigum von á óblíðum móttökum," sagði Guðmundur vitandi að íslenska liðið er búið að vera lengi á ferðalagi.

„Leikurinn á ekki síst eftir að reyna á hópinn í ljósi þess að við erum búnir að vera á löngu ferðalagi og það tekur sinn toll. Það kemur í ljós og reynir á menn að gíra sig upp í erfitt verkefni eftir góðan árangur í Póllandi en við stefnum að sjálfsögðu á sigur," sagði Guðmundur. **- óþ**

KANADA

FORMÚLA 1 Í DAG KL. 16:40

MÁ BJÓÐA ÞÉR Á FORMÚLUNA Í VALENCIA?

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT OG ÞÚ GÆTIR VERIÐ Á LEIÐINNI Á FORMÚLU 1 Í VALENCIA Í ÁGÚST.*

DREGIÐ 22. JÚNÍ

*Miðað við 3 mánaða bindingu.

SPORT
besta sætið

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

dagskrá

> **Charlize Theron**

Theron er líklegast þekktust fyrir að leika raðmorðingjann Aileen Wuornos í kvikmyndinni Monster en fyrir það hlaut hún hlaut Óskarsverðlaunin sem besta leikkona í aðalhlutverki árið 2003. Stöð 2 bíó sýnir í kvöld tvær myndir þar sem Theron fer með aðalhlutverkið; það eru myndirnar North Country og Æon Flux.

VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON HORFIR Á FRÆGUSTU SKÁLDSÖGU BRETA EINA FERÐINA ENN

Gotnesk rómantík og rósrauðar kinnar

Fyrsta „alvöru" skáldsagan sem ég las í skóla var meistaraverk Charlotte Brontë, Jane Eyre. Ég var ellefu ára gömul í breskum stúlknaskóla en þar þótti vel við hæfi að hefja bókmenntafræðslu ungra kvenna með þessari rómantísku sögu um munaðarlausa stúlku sem er ráðin sem kennslukona á dularfullt ættarsetur hjá hinum dularfulla og myndarlega Mr. Rochester.

Fyrir utan þá snilld að Brontë notar óbeinar tilvísanir í gegnum allt verkið úr breskum bókmenntum allt frá Paradísarmissi upp í Sir Walter Scott, þá hefur hún allt það að geyma sem einkennir afbragðsreyfara og hefur heillað lesendur í meira en 160 ár: vonda ættingja, hræðileg leyndarmál, ástir, vonbrigði, dulræn fyrirbrigði og ófreskjur uppi á háalofti. Síðar las ég bók hinnar Brontë-systurinnar, Emily, um rokgjörnu hæðirnar á Wuthering Heights og sú bók heillaði mig meira, hún var enn

sorglegri, hræðilegri og gotneskari. (Og Kate Bush skrifaði heldur ekki lag um Jane Eyre). Það kætti mig samt að sjá nýja BBC-útgáfu af Jane Eyre á sunnudagskvöldum á RÚV en sunnudagskvöld hafa að mínu mati alltaf verið fullkomin fyrir bresk búningadrömu þar sem myndarlegir dökkhærðir karlmenn og snoppufríðar stúlkur með rósrauðar kinnar líða um á kuldalegum ættarsetrum eða bregða sér á veiðar. Nýjasta Jane Eyre er alveg eins og ég hafði ímyndað mér hana, sterk, þögul, látlaus, í gráum fötum með rósrauðar kinnar og reyndar fékk leikkonan Ruth Wilson BAFTA-verðlaunin fyrir túlkun sína. Gotneskur andi verksins kemst vel til skila í landslagi þar sem sólin skín aldrei og veggir Thornfield Hall eru gráir innan sem utan. Leyndarmálið á háaloftinu hefur enn ekki komið í ljós og því alls ekki vitlaust að byrja að horfa þó að serían sé hálfnuð.

EKKI MISSA AF

▶ **13.45** 13.45 Keflavík-KR
BEINT STÖÐ 2 SPORT

▶ **18.00** Seinfeld STÖÐ 2 EXTRA

▶ **19.10** Derren Brown STÖÐ 2

▶ **20.30** Jane Eyre SJÓNVARPIÐ

▶ **21.30** Boston Legal
SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í næturgarði, Pósturinn Páll og Friðþjófur forvitni.
09.07 Disneystundin Alvöru dreki, Sígildar teiknimyndir, Nýi skólinn keisarans
09.59 Fræknir ferðalangar
10.23 Hjálp, ræningjar! (1:3) (e)
10.49 Gæludýr úr geimnum (7:26)
11.30 Játningar ungrar dramadottningar (e)
13.00 Á faraldsfæti - Víetnam (e)
13.30 Ný Evrópa með augum Palins
14.30 Viðtalið Lisbeth Knudsen (e)
15.00 Hvað veistu? (Viden om)
15.30 EM 2008 - Upphitun
16.00 EM í fótbolta 2008 Bein útsending frá leik Austurríkismanna og Króata.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Landsleikur í handbolta Bein útsending frá fyrri leik Makedóna og Íslendinga í umspili um sæti á HM 2009.
18.55 Fréttayfirlit
19.05 Landsleikur í handbolta Makedónía-Ísland, seinni hálfleikur.
19.50 Fréttir
20.25 Veður
▶**20.30 Jane Eyre** (3:4) Breskur þáttur byggður á sögu eftir Charlotte Brontë.
21.25 EM 2008 - Upphitun
21.35 EM í fótbolta 2008 Upptaka frá leik Þjóðverja og Pólverja sem var fyrr um kvöldið.
23.20 EM 2008 - Samantekt
23.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

06.00 The United States of Leland
08.00 Moonlight And Valentino (e)
10.00 Wide Awake
12.00 Fíaskó
14.00 Moonlight And Valentino (e)
16.00 Wide Awake
18.00 Fíaskó
20.00 The United States of Leland
22.00 North Country Átakanleg kvikmynd sem tilnefnd var til tveggja Óskarsverðlauna. Námuverkakona fer í mál við námufyrirtæki á grunvelli kynjamisréttis.
00.05 Æon Flux
02.00 Kin
04.00 North Country

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Ofurhundurinn Krypto og Fífí.
08.00 Algjör Sveppi Sveppi vaknar með börnunum og sýnir teiknimyndir með íslensku tali.
09.35 Krakkarnir í næsta húsi
09.55 Tommi og Jenni
10.20 Draugasögur Scooby-Doo (8:13)
10.45 Justice League Unlimited
11.10 Ginger segir frá
11.35 Bratz
12.00 Hádegisfréttir
12.30 Neighbours
12.50 Neighbours
13.10 Neighbours
13.30 Neighbours
13.50 Neighbours
14.15 America´s Got Talent (6:12)
15.05 Primeval (1:6)
16.05 Back To You (7:14)
16.30 The New Adventures of Old Christine (8:22)
16.55 60 minutes
17.45 Oprah
18.30 Fréttir Stöðvar 2
▶**19.10 Derren Brown - Hugarbrellur NÝTT** Sjónhverfinga- og hugarbrellumeistarinn Derren Brown heldur uppteknum hætti við að beita fórnarlömb sín ótrúlegum hugarbrellum og sýna fram á að vegir hugans eru órannsakanlegir. Sjón er sögu ríkari.
19.40 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll Þórðarson ræðir við áhugavert fólk um lífshlaup þess og viðhorf.
20.15 Monk (8:16) Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn sérkennilegra sakamála.
21.00 Cold Case (18:18) Lily Rush og félagar rannsaka óupplýst sakamál.
21.45 The Riches (1:7)
22.30 Curb Your Enthusiasm (9:10)
23.00 Grey´s Anatomy (15:16)
23.45 Bones (10:15)
00.30 Mobile (2:4)
01.20 Ararat
03.10 Monk (7:16)
03.55 The Riches (1:7)
04.40 Cold Case (18:18)
05.25 Derren Brown
05.50 Fréttir
06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SPORT *besta sætið*

08.50 Landsbankadeildin 2008
Fylkir - Þróttur
10.40 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir víðan völl.
11.10 Formúla 1 2008 Útsending frá tímatökunni fyrir kappakstur í Kanada.
12.45 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin skoðuð.
▶**13.45 Landsbankadeildin 2008** Keflavík - KR. Bein útsending frá leik í Landsbankadeild karla.
16.00 F1. Við rásmarkið Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum.
16.40 Formúla 1 - Kanada Bein útsending frá Formúlu 1-kappakstrinum í Kanada.
19.15 Landsbankamörkin 2008
20.15 Landsbankadeildin 2008
Keflavík - KR
22.05 F1. Við endamarkið Fjallað um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin.
22.50 Landsbankamörkin 2008
23.50 Ensku bikarmörkin
00.50 Boston - LA Lakers Bein útsending frá leik í úrslitarimmunni um NBA-meistaratitilinn.

SPORT 2

17.15 EM 4 4 2 Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport renna yfir hvern leikdag á EM ásamt sérfræðingum.
17.45 Coca Cola-mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
18.15 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
18.45 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
19.15 Bestu leikirnir
21.00 EM 4 4 2 Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport renna yfir hvern leikdag á EM ásamt sérfræðingum.
21.30 10 Bestu Annar þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð en í þessum þætti verður fjallað um Guðna Bergsson og ferill hans skoðaður.
22.20 Bestu leikirnir
00.05 EM 4 4 2 Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport renna yfir hvern leikdag á EM með sérfræðingum.

SKJÁREINN

07.50 Vörutorg
08.50 MotoGP Bein útsending frá Katalóníu á Spáni þar sem sjöunda mót tímabilsins í MotoGP fer fram.
13.05 Professional Poker Tour (e)
14.35 Dr. Phil (e)
15.20 The Real Housewives of Orange County (e)
16.10 Age of Love (e)
17.00 America's Next Top Model (e)
17.50 One Tree Hill (e)
18.40 The Office (e)
19.10 Snocross (10:12) Íslenskir snjósleðakappar í keppni þar sem ekkert er gefið eftir. Keppendur þurfa að glíma við erfiðar brautir og keppnin hefur aldrei verið eins spennandi. Kraftur, úthald og glæsileg tilþrif frá upphafi til enda.
19.40 Top Gear (17:17) Vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverðar umfjallanir.
20.40 Are You Smarter than a 5th Grader? Spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar úr skólabókum grunnskólabarna en svörin geta vafist fyrir fullorðnum.
▶**21.30 Boston Legal** (19:20) Bráðfyndið lögfræðidrama um skrautlega lögfræðinga í Boston. Jerry Espenson ver fyrrverandi kærustu sem er handtekin fyrir vændi; Shirley Schmidt og Carl Sack hjálpa konu sem fer í mál við kaþólsku kirkjuna fyrir að banna henni að verða prestur og valdamiklir menn vilja fá Denny Crane til að bjóða sig fram til forseta.
22.20 Brotherhood (9:10) Dramatísk og spennandi þáttaröð um bræðurna Tommy og Mike Caffee. Annar er efnilegur stjórnmálamaður en hinn forhertur glæpamaður.
23.20 Secret Diary of a Call Girl (e)
23.50 Svalbarði (e)
00.50 Minding the Store (e)
01.15 Vörutorg
02.15 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku. Endurtekið á klukkustundarfresti.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT KL. 16.40
Formúla 1 - Kanada

Æsispennandi keppni er framundan en Kimi Raikkonen og Felipe Massa sækja hart að Lewis Hamilton sem leiðir stigakeppni ökumanna. Þeir fá gullið tækifæri til að steypa Hamilton af stóli en til þess þurfa þeir að aka frábærlega í keppninni í dag í Kanada. Aftur á móti er ljóst að McLaren-menn þurfa að eiga toppdag til að saxa á forskot Ferraris í stigakeppni keppnisliðanna.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Landsleikur í handbolta
Makedónía-Ísland BEINT
Sjónvarpið kl. 18.00

Íslenska handboltalandsliðið mætir Makedóníu á einum erfiðasta útivelli í heimi í fyrri leik liðanna um sæti á HM í Króatíu á næsta ári. Strákarnir okkar þurfa á góðum úrslitum að halda fyrir seinni leikinn sem verður eftir viku í Laugardalshöllinni.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
07.05 Morgunandakt
08.00 Morgunfréttir
08.05 Tónlistargrúsk
09.03 Framtíð lýðræðis
10.05 Veðurfregnir
10.15 Útvarpsleikhúsið: Hræðilega fjölskyldan
11.00 Guðsþjónusta í Hafnarfjarðakirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Listin og landafræðin
14.00 Loftbelgur
14.30 Lostafulli listræninginn
15.00 Flækingur
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Listahátíð í Reykjavík 2008
17.40 Náttúrupistlar
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Saga til næsta bæjar
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Óskastundin
19.40 Af minnisstæðu fólki
20.00 Leynifélagið
20.25 Tónleikur
21.10 Hvað á að gera við stelpuna ?
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Umhverfis jörðina
23.10 Andrarímur
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

15.00 Hollyoaks Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Þáttaröðin er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995.
15.25 Hollyoaks
15.25 Hollyoaks
15.50 Hollyoaks
16.15 Hollyoaks
16.40 Hollyoaks
▶**18.00 Seinfeld** (9:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar. Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
18.30 Seinfeld (10:22)
19.00 Seinfeld (9:22)
19.30 Seinfeld (10:22)
20.00 So You Think You Can Dance 2 Dansinn hefst á ný 23. júní á Stöð 2. Af því tilefni rifjum við upp danstaktana hjá þátttakendum úr seríu tvö.
20.50 So You Think You Can Dance 2
21.50 Twenty Four 3 (2:24) (e)
22.35 Seinfeld (9:22)
23.00 Seinfeld (10:22)
23.25 Seinfeld (9:22)
23.50 Seinfeld (10:22)
00.15 American Dad (13:19)
00.40 Sjáðu
01.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífunni TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link **11.00** Doctor Who **11.45** Doctor Who Confidential **12.00** Doctor Who **12.45** Doctor Who Confidential **13.00** Strictly Come Dancing **14.00** Strictly Come Dancing **15.00** Strictly Come Dancing **16.00** Strictly Come Dancing **17.00** Strictly Come Dancing **18.00** Top Gear Xtra **19.00** Top Gear Xtra **20.00** Top Gear Xtra **21.00** Strictly Come Dancing **22.00** Strictly Come Dancing **23.00** Strictly Come Dancing **0.00** Strictly Come Dancing **1.00** Strictly Come Dancing **2.00** Strictly Come Dancing

DR 1

9.00 Historiske arbejdspladser **9.30** Når bundlinjen bløder **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** Det Europæiske Melodi Grand Prix 2008, Finale **13.45** Tro, håb og kærlighed **15.30** Bamses Billedbog **16.00** Et dejligt hundeliv **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.10** Landsbyhospitalet **18.00** Rejseholdet **19.00** 21 Søndag **19.40** SportNyt **19.50** Beck **21.20** Mørkets gerninger

NRK 1

9.15 Dávgi - Urfolksmagasin **9.35** "Fra en annen virkelighet" **10.20** Lille fröken Norge **11.30** Gustav Mahlers Symfoni nr 6 **13.15** EM rallycross **15.00** Hva ville Wergeland? **15.30** Åpen himmel: Som et fyrlys Jesu navn **16.00** Barne-tv **16.25** Herr Hikke **16.30** Tett på dyrene **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** En kongefamilie på jobb **18.55** Kavanagh **20.35** Brettkontroll **21.05** Kveldsnytt **21.30** Rally: Rally Aurskog-Høland **22.00** Venner av Gud **22.55** Uka med Jon Stewart **23.20** Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

9.20 Talarna i 24 Direkt **10.05** Arve Tellefsen, virtuos och glädjespridare **10.55** I trädgården med Camilla Plum **11.25** Niklas mat **11.55** Mitt i naturen **12.25** Leila Khaled - flygkapare **13.25** I love språk **14.25** Världen **15.25** 50+/De grå krigarna **15.55** Anslagstavlan **16.00** Bolibompa **16.30** Minnenas television **17.30** Rapport **18.00** Sportspegeln **18.45** Jag är bög **19.00** Baronessan **19.25** En tjej i maskinrummet **19.30** Mia och Klara **20.00** Tabu **20.30** Gröna Chicago **21.00** Rapport **21.10** I sinnets våld **22.05** Sändningar från SVT24

ÞAÐ ER ÍÞRÓTTAVEISLA Í DAG!

TVEIR LEIKIR SAMTÍMIS Á TVEIMUR RÁSUM!

15.30 EM 2008 - UPPHITUN
16.00 EM í fótbolta 2008 AUSTURRÍKI - KRÓATÍA BEINT
17.50 Táknmálsfréttir

18:00 RÚV
LANDSLEIKUR Í HANDBOLTA
MAKEDÓNÍA - ÍSLAND
BEINT



18:45 RÚV+
EM 2008
PÓLLAND - ÞÝSKALAND
BEINT

SJÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR UM RÚV+ Á SÍÐU 731 Í TEXTAVARPINU

19.50 Fréttir
20.25 Veður
20.30 Jane Eyre (3:4)
21.25 EM 2008 - UPPHITUN
21.35 EM í fótbolta 2008 ÞÝSKALAND - PÓLLAND
23.20 EM 2008 - SAMANTEKT

SJÓNVARPIÐ

HVAÐ SEGIR MAMMA?



„Ég er alveg að rifna úr stolti af henni, og hef alltaf verið það. Hún lætur titilinn ekki stíga sér til höfuðs og er mjög jarðbundin og yfirveguð að eðlisfari. Ég studdi hana heilshugar í keppninni og stefni að því að fara út þegar Miss World-keppnin fer fram í Úkraínu og vera að minnsta kosti síðustu vikuna.“

Þóra Ingvarsdóttir er móðir Alexöndru Helgu Ívarsdóttur sem kjörin var Ungfrú Ísland á dögunum.

HIN HLIÐIN DARRI INGÓLFSSON LEIKARI

Er á síðustu stundu með allt

Hvað er að frétta?
Allt súper, sérstaklega þegar það er sól eins og í dag.

Augnlitur: Blár.

Starf:
Leikari.

Fjölskylduhagir:
Einhleypur.

Hvaðan ertu?
Íslandi.

Ertu hjátrúarfullur?
Nei. Ég banka þó stundum í borðið, þori ekki öðru.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:
Breaking Bad er síðasti skemmtilegi þátturinn sem ég sá.

Uppáhaldsmatur:
Eitthvað sem fer vel í magann, eins og líbanskur matur.

Fallegasti staðurinn:
Þeir eru margir, en hér á Íslandi finnst mér Skaftafell bera af í náttúrufegurð.

iPod eða geislaspilari:
iPod.

Hvað er skemmtilegast?
Að vera lifandi.

Hvað er leiðinlegast?
Öll lætin í heiminum.

Helsti veikleiki:
Ég er á síðustu stundu með allt.

Helsti kostur:
Bjartsýni.

Helsta afrek:
Að sjá fegurðina.

Mestu vonbrigðin:
Hvað harðfiskur er dýr.

Hver er draumurinn?
Að geta lifað af listinni.

Hver er fyndnastur/fyndnust?
Bill Hicks.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?
Ósanngirni.

Hvað er mikilvægast?
Að reyna að vera eins góður og þú getur við fólkið í kringum þig.



MERKILEG REYNSLA Aldís Pálsdóttir, sem aðstoðaði Steen Evald við tökurnar, segir það hafa verið merkilega reynslu að sjá Ísland með augum útlendingsins.

MYND/ALDÍS PÁLSDÓTTIR

Þrír tískuþættir fyrir IN teknir á Íslandi

Ljósmyndarinn Aldís Pálsdóttir, sem er búsett og starfandi í Kaupmannahöfn, var stödd hér á landi í vikunni til að aðstoða ljósmyndarann Steen Evald við tökur á nokkrum tískuþáttum fyrir danska tískublaðið IN. Hún hefur starfað fyrir Evald undanfarið ár, en hann er þekktur tískuljósmyndari og einnig hirðljósmyndari dönsku konungsfjölskyldunnar.

„Við tókum nokkra tískuþætti sem munu svo birtast í þremur mismunandi tölublöðum, í september, október og nóvember,“ útskýrir Aldís, sem segir það ekki óvenjulegt að taka nokkra slíka þætti í einu. „Ekki þegar við förum í svona ferðir. Annars tekur hann yfirleitt bara einn í einu,“ segir hún.

Tökurnar fóru fram í nágrenni Reykjavíkur, á Reykjanesskaga, á Þingvöllum og við Gullfoss, en Aldís segir það hafa verið nokkuð merkilega reynslu – þar sem hún hafi séð landið öðrum augum en áður. „Mér fannst mjög merkilegt að keyra um Reykjanesskagann og líta virkilega í kringum mig. Venjulega keyrir maður þessa leið heim frá flugvellinum án þess að hugsa um það, er bara að drífa sig heim. Þegar maður fer svo að skoða sig um er þetta svo ótrúlega flott,“ segir Aldís. „Svo er líka ótrúlega kaflaskipt landslag þarna. Maður getur keyrt úr einu og inn í eitthvað allt annað. Ég var bara eins og ferðamaður, stóð á öndinni yfir þessu öllu saman,“ segir hún og hlær við.

Steen Evald er fyrst og fremst tískuljósmyndari, og Aldís hefur því fengið dágóða reynslu af slíkum tökum í starfi sínu með honum. „Tískuljósmyndun heillar mig alveg, en líka margt annað við ljósmyndun. Það sem skiptir mig mestu máli er að geta skilað af mér einhverju sem hefur áhrif á fólk, sama hvort það er í gegnum tískuljósmyndun eða barnamyndatökur,“ segir Aldís.

IN magasinet er fáanlegt í Penneanum/Eymundsson, fyrir þá sem vilja fylgjast með í haust. Heimasíðu Steens Evald má skoða á steenevald.com.

- sun

GRÉTAR SVEINN: „MIKILVÆGT AÐ SAMSKIPTI SÉU SKILVIRK“

Fleiri íþróttamenn fá sér fjölmiðlafulltrúa

„Þetta gerir bæði íþróttamönnunum sjálfum og fjölmiðlamönnunum auðveldara fyrir,“ segir Grétar Sveinn Theódórsson, nýskipaður fjölmiðlafulltrúi körfuknattleiksmannsins Jóns Arnórs Stefánssonar. Færst hefur í aukana að íslenskir íþróttamenn séu með sérstaka fjölmiðlafulltrúa. Eiður Smári Guðjohnsen og Eggert Skúlason riðu á vaðið með samstarfi sínu sem varð til eftir hjólatúr upp í Litlu-Kaffistofuna. Eggert hefur einnig tekið að sér ýmis almannatengsl fyrir badmintonkonuna Rögnu Ingólfsdóttur. Jón Arnór bættist svo nýlega í hóp íþróttamanna með fjölmiðlafulltrúa. „Við tengjumst í gegnum sameiginlega vini og það var vilji hjá Jóni að koma einhverjum strúktúr á samskipti sín við fjölmiðla,“ segir Grétar en þeirra samstarf hófst fyrir rúmum mánuði en Grétar segir að enn eigi eftir að móta það. „Leikmenn sem spila erlendis þurfa ekki einungis að eiga í samskiptum við íslenska fjölmiðla heldur líka ásókn fjölmiðla í landinu þar sem þeir spila og jafnvel víðar,“ segir Grétar og bendir á að erfitt geti reynst að ná í menn þegar þeir eru á keppnisferðalögum. „Menn eru auðvitað allir af vilja gerðir að tala við fjölmiðla og þess vegna er mikilvægt að samskiptin séu skilvirk,“ segir hann.

Þótt ofangreindir íþróttamenn séu með fjölmiðlafulltrúa er það þó engan veginn algilt meðal íslenskra atvinnumanna. Óumdeilanlega standa þó þessir íþróttamenn fremstir í sinni grein meðal Íslendinga og því aðsókn fjölmiðla ef til vill meiri en ella.

Grétar starfar sem almannatengill hjá GSP-Samskiptum. Hann hefur meistaragráðu á sviði almannatengsla og markaðsfræða frá Curtin Business School í Ástralíu.

Hann útilokar ekki að hann muni vinna fyrir fleiri íþróttamenn þegar fram líða stundir. „Ef Helgi Magnússon körfuknattleiksmaður í KR fer í atvinnumennsku þá tek ég hann að mér,“ segir Grétar léttur í bragði.

soli@frettabladid.is

GRÉTAR SVEINN THEÓDÓRSSON Fjölmiðlafulltrúi Jóns Arnórs Stefánssonar.

EIÐUR SMÁRI Eggert Skúlason annast samskipti hans við fjölmiðla.

RAGNA INGÓLFSDÓTTIR Eggert annast ýmiss konar almannatengsl fyrir Rögnu.

Þvo bíla í fjáröflunarskyni

Fríður flokkur sextán nemenda við Danslistarskóla JSB hefur þvegið bíla hátt og lágt á stæðinu fyrir utan húsnæði skólans nú í vikunni. Bílaþvotturinn er liður í fjáröflun stúlknanna vegna fyrirhugaðrar ferðar til London á dansnámskeið síðar í sumar. „Við förum á hverju ári með hóp af stelpum á aldrinum fimmtán til sautján ára í vikunámskeið til London eða Frakklands,“ útskýrir Ásta Bærings Bjarnadóttir, sem er kennari við skólann og fararstjóri í ferðinni ásamt Söndru Ómarsdóttur.

„Stelpurnar eru á fullu í fjáröflun fyrir þetta, þar sem þetta er dýr ferð. Þær fara líka hefðbundnari leiðir, eins og að ganga hús úr húsi að selja klósettpappír, en þetta er mjög sniðugt. Dansstúdíó JSB er bæði skóli og líkamsrækt, og stelpurnar nýta sér það. Þær byrja að þvo klukkan sex á morgnana, þegar konurnar fara að mæta í líkamsræktina. Á meðan þær eru í ræktinni þvo stelpurnar bílinn og hafa hann hreinan og tilbúinn fyrir utan þegar konurnar eru búnar,“ útskýrir Ásta. Þjónustan er þó nýtt af fleirum en líkamsræktarfrömuðum hjá JSB. „Það eru lögfræðiskrifstofur í húsnæðinu við hliðina á okkur, og karlarnir þar eru líka duglegir við að láta sætu stelpurnar þvo bílana sína,“ segir Ásta og hlær við.

Bílaþvottavikunni lauk í gær, en Ásta segir ekkert því til fyrirstöðu að stelpurnar taki að sér frekari slík verkefni, til dæmis fyrir fyrirtæki. „Þær eru til í hvað sem er og hörkuduglegar. Þær vilja alveg vinna fyrir peningunum,“ segir Ásta. „Svo eru þær líka með tilbúið dansatriði sem þær eru tilbúnar að sýna hvar sem er til fjáröflunar,“ bendir hún á.

- sun

BÍLAÞVOTTUR, DANS EÐA KLÓSETTPAPPÍR Nemendurnir við Danslistarskólann gera ýmislegt til að afla fjár fyrir fyrirhugaða námsferð til London í sumar.

Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á www.posthusid.is

Póst húsið

BRAVÓ!



LADDI
6-TUGUR

Eftir Gísla Rúnar og Ladda

Sviðssetning: Björn G. Björnsson Hljómsveitarstjóri: Hjörtur Howser

LADDI OG FÉLAGAR KVEÐJA

Allra síðasta sýning í kvöld kl. 20:00

110 uppseldar sýningar í röð og 60.000 þúsund gestir segja allt sem segja þarf.

Bravó og Borgarleikhúsið óska Ladda og félögum innilega til hamingju með þessa ótrúlegu velgengni.

Sjáumst síðar!

SÉRSTAKIR GESTIR
Steinn Ármann
Halli
Eggert Þorleifs

Örfáir miðar eftir á miði.is

Nánari upplýsingar á:

BRAVO.IS

BORGARLEIKHÚSIÐ

MAARUD

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

Ilægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

BAKÞANKAR
Þórgunnar Oddsdóttur

Uggur

Börn hræðast oft ótrúlegustu hluti. Sem krakki var ég til dæmis svolítið hrædd um að detta ofan í klósettið og skolast niður, ég þorði ekki að snúa mér í of marga hringi í rólunni af ótta við að fá garnaflækju og á aðventunni var ég smeyk um að rekast á jólaköttinn á förnum vegi. Með auknum þroska hef ég lært að yfirleitt var þessi ótti algjörlega órökrænn og í dag hræðist ég fæst það sem olli mér martröðum í bernsku. Nú eru hins vegar farnar að renna á mig tvær grímur.

ÉG var sjö ára gömul þegar þættirnir um Nonna og Manna voru sýndir í sjónvarpinu og hafði þá nýlega lokið við að lesa bókina Á Skipalóni eftir Nonna. Nonnabækurnar þóttu mér aldrei skemmtilegar en frásögnin af baráttunni við hvítabirnina sem gengu á land við Skipalón var eftirminnileg og fékk hárin til að rísa. Myndræn framsetning sjónvarpsþáttanna jók síðan enn á óttann svo litla barnssálin var svolítið hvekkt eftir áhorfið.

BÚANDI í næsta nágrenni við Skipalón og Möðruvelli var ég logandi hrædd við að vera á ferli utandyra af ótta við að rekast á illúðlega hvítabirni. Að lokum taldi ég mér trú um að frásögn Nonna í bókinni væri helber lygi sett í enn lygilegri búning í sjónvarpsþáttunum. Hvítabjörn myndi aldrei stíga á land í blómlegum byggðum Eyjafjarðar.

LOKAÞÁTTUR sjónvarpsseríunnar sannfærði mig síðan enn frekar. Þar var eldgos látið ógna bænum á Skipalóni sem mér þótti arfavitlaust. Þótt ekki væri ég há í loftinu vissi ég nefnilega að slíkt gæti aldrei gerst enda óralangt í næsta eldfjall. Þetta stílfærða atriði renndi stoðum undir þá kenningu mína að hvítabjarnarsagan væri einnig uppspuni frá rótum og ég hugsaði ekki meira um bjarnarárásir þann veturinn.

OG hvað gerist svo? Jú, mörgum árum síðar þegar ég er ekki aðeins vaxin upp úr óttanum heldur farin að hlæja að honum í þokkabót kemur í ljós að hann var alls ekki svo kjánalegur. Fyrst hvítabirnir eru farnir að spássera um í Skagafirðinum hefði ég vel getað rekist á einn slíkan í nágrenni Skipalóns í æsku. Ef ég væri sjö ára núna og nýbúin að horfa á þættina um Nonna og Manna myndi ég fela mig undir rúmi.

HVAÐ næst? Eftir atburði vikunnar kemur ekkert mér á óvart. Ég á allt eins von á því að sjálfur jólakötturinn sjáist á vappi á næstunni. Þá mega menn mín vegna hafa byssurnar til reiðu.

GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 8. júní, 161. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	3.07	13.27	23.48
Akureyri	2.06	13.11	0.21

Heimild: Almanak Háskólans

Fjöldi flugsæta á frábærum kjörum!

Vertu á eigin vegum í Evrópu

» Rómantíska leiðin

- **Flogið til Frankfurt Hahn**
- **Wurzburg**
  Heimabær Konráðs Röntgens.
- **Rothenburg ob der Tauber**
  Borgin þar sem Þyrnirós svaf í heila öld.
- **Augsburg**
  Borg Ágústínusar keisara.
- **Neuschwanstein**
  Einn þekktasti kastali heims.
- **Füssen**
  Útsýni yfir þýsku Alpana.
- **Kempten**
  Forn rómversk borg, einstakt veðlag.
- **Lindau**
  Yndislegur bær við Bodenvatn.
- **Bern**
  Höfuðborg Sviss, frábær dýragarður og afþreying fyrir alla fjölskylduna.
- **Flogið heim frá Basel**

» Víngatan fræga

- **Flogið til Frankfurt Hahn**
- **Strasbourg**
  Dómkirkjan, sigling á Ill og Gutenberg-torgið.
- **Ribauville**
  Vínsmökkun og huggulegheit.
- **Riquewihr**
  Dásamlegur bær í miðaldastíl, vínstofur á hverju horni.
- **Kaysersberg**
  Fæðingarhús Albert Schweitzer.
- **Colmar**
  Feneyjar Frakklands.
- **Freiburg**
  Ein elsta borg Þýskalands og tilvalið að skella sér í Europark-skemmtigarðinn sem er skammt frá.
- **Flogið heim frá Basel**

Í sumar fljúgum við til **Frankfurt Hahn**, **Basel**, **Parísar** og **Eindhoven**. Þessir áfangastaðir okkar eru afar vel staðsettir og því tilvalið að taka flugið til eins þeirra, leigja sumarhús, fá sér bílaleigubíl og leggja Evrópu að fótum sér.

» Sumarhús í Hambachtal
Verð á mann
frá 49.900 kr.

» Íbúðir við Bodenvatn
Verð á mann
frá 65.900 kr.

Bókaðu sumarhús, íbúð eða bílaleigubíl hjá Express ferðum. Nánar á **www.expressferdir.is** eða í síma **5 900 100**.

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is